



Skatturinn
Ríkisskattstjóri



Leiðbeiningar um
virðisaukaskatt

Formáli

Leiðbeiningar þessar eru endurútgáfa fyrri leiðbeininga um sama efni, sem síðast voru gefnar út í janúar 2020, og eru þær byggðar upp með svipuðum hætti og áður. Leiðbeiningarnar eru fyrst og fremst ætlaðar þeim sem eru að hefja rekstur og þurfa því að kynna sér allar helstu reglur um virðisaukaskatt.

Nánari upplýsingar um virðisaukaskatt má fá:

- Á upplýsingavef Skattsins (skatturinn.is).
- Í safni laga og reglugerða um virðisaukaskatt og fleiri óbeina skatta, sem er að finna á vefnum skattalagasafn.is.
- Í Handbók um virðisaukaskatt. Bókin miðast við gildandi rétt 1. maí 1998.
- Í ýmsum leiðbeiningum ríkisskattstjóra um sérhæfða þætti virðisaukaskatts. Leiðbeiningar og eyðublöð má finna á upplýsingavef Skattsins sem og í afgangslum embættisins um land allt.
- Í orðsendingum sem er að finna á upplýsingavef Skattsins.
- Í ákvarðandi bréfum ríkisskattstjóra sem er að finna á upplýsingavef Skattsins.
- Á námskeiðum sem Skatturinn heldur reglulega fyrir nýja í rekstri. Skráning þátttakenda á námskeiðin fer fram á upplýsingavef Skattsins og í síma 442-1000.
- Hjá Skattinum í síma 442-1000.
- Með því að senda fyrirspurn á www.skatturinn.is/hafa-samband.
- Á starfsstöðvum Skattsins um land allt.

Reykjavík, í mars 2022
ríkisskattstjóri

Efnisyfirlit

| | | | |
|---|----|---|----|
| Almennt um virðisaukaskatt | 5 | Reikningur án virðisaukaskatts o.fl. | 16 |
| Hvað er virðisaukaskattur? | 5 | Verð með skatti eða án skatts? | 16 |
| Skattur af virðisauka | 5 | Bókhald | 17 |
| Útskattur og innskattur | 5 | Bókhaldsskylda | 17 |
| Skatthlutfallið | 5 | Tilhögun bókhalds | 17 |
| Skattskyld vara og þjónusta | 6 | Teknareikningar | 17 |
| Almennt | 6 | Gjaldareikningar | 17 |
| Vörur og verðmæti | 6 | Skattreikningar | 17 |
| Það sem ekki telst til vöru | 6 | Rafrænt bókhald | 18 |
| Vinna og þjónusta | 6 | Fylgiskjöl | 18 |
| Undanþegin vinna og þjónusta | 6 | Gögn til grundvallar innskatti | 18 |
| Góðgerðarstarfsemi | 7 | Lækkun innskatts samkvæmt mótteknum kreditreikningi | 18 |
| Skattskyldir aðilar og skráningarskylda | 8 | Færsla bókhalds | 18 |
| Almennt | 8 | Útskattsreikningur | 18 |
| Skattskyldir aðilar | 8 | Undanþegin velta | 18 |
| Eigin not | 8 | Innskattsreikningur | 19 |
| Byggingarstarfsemi | 8 | Uppgjörsreikningur | 19 |
| Opinberir aðilar | 8 | Leiðréttingarskylda innskatts vegna breytingar á forsendum fyrir frádrætti | 19 |
| Kaup á virðisaukaskattsskyldri þjónustu erlendis frá | 9 | Blönduð starfsemi | 19 |
| Aðilar í undanþeginni starfsemi | 9 | Vörubirgðir | 19 |
| Undanþegnir aðilar | 9 | Varðveisla bókhaldsgagna | 19 |
| Almenn skráning (skráningarskylda) | 10 | Skattverð | 20 |
| Breytingar á starfsemi fyrirtækis | 10 | Almennt | 20 |
| Aðilar með lítinn rekstur | 10 | Meginreglur um skattverð | 20 |
| Tímabundin skráning | 10 | Verðbætur og vextir | 20 |
| Sértæk skráning (skráningarréttur) | 10 | Afsláttur | 20 |
| Samskráning | 10 | Útlagður kostnaður | 20 |
| Synjun um skráningu | 11 | Opinber þjónustugjöld | 20 |
| Afskráning | 11 | Skipti, afhending án endurgjalds og úttekt | 21 |
| Reikningaútgáfa og önnur frumskráning tekna | 12 | Hagsmunasamband | 21 |
| Almennt | 12 | Sala notaðra skráningarskyldra ökutækja | 21 |
| Sölureikningar | 12 | Sérstök skattverðsregla vegna ökutækja | 21 |
| Form reikningseyðublaða | 14 | Sérstök frádráttarregla | 22 |
| Efni sölureikninga | 14 | Sérstök skattverðsregla vegna annars lausafjár | 22 |
| Rafrænir sölureikningar | 14 | Skattskyld velta og útskattur | 23 |
| Giróseðlar | 14 | Almennt | 23 |
| Afreikningar | 14 | Skattskyld velta | 23 |
| Kreditreikningar | 15 | Útsköttuð sala eða afhending | 23 |
| Í hvaða tilvikum á að gefa út kreditreikning? | 15 | Hvenær reiknast útskattur? | 23 |
| Sjóðvélar | 15 | Undantekningar frá afhendingarreglunni | 23 |
| Heimild til að nota sjóðvél | 15 | Undanþegin viðskipti (undanþegin velta) | 23 |
| Staðsetning sjóðvélar | 15 | Sönnun fyrir undanþágu | 24 |
| Lágmarkskröfur um útbúnað sjóðvéla | 15 | Lækkun skattskyldrar veltu | 24 |
| Uppgjör | 16 | Endursendar vörur | 24 |
| Dagsöluyfirlit | 16 | Afsláttur eftir afhendingu | 25 |
| Innri strimill | 16 | Tapaðar viðskiptakröfur (útistandandi viðskiptaskuldir) | 25 |
| Annað tekjuskráningarkerfi | 16 | Skipti og afhending án endurgjalds | 25 |
| Kvittanir vegna innborgana | 16 | | |
| Undirbók vegna úttektar eiganda o.fl. | 16 | | |

| | | | |
|--|----|---|----|
| Eigin not og önnur úttekt | 25 | Almennt uppgjörstímabil | 33 |
| Sala eða afhending rekstrarfjármuna | 25 | Ársskil | 33 |
| Óseldir rekstrarfjármunir við lok rekstrar | 25 | Skemmri uppgjörstímabil | 33 |
| Rekstrarfjármunir við eigendaskipti á fyrirtæki eða hluta þess | 25 | Sérstök mánaðarskil | 33 |
| Leiðrétting innskatts af varanlegum rekstrarfjármunum við lok rekstrar | 25 | Tímabundið uppgjörstímabil | 34 |
| Aðföng og innskattur | 26 | Skil til bráðabirgða (innskattur) | 34 |
| Almennt | 26 | Sérreglur um landbúnað | 34 |
| Frádráttarheimildin | 26 | Um gjalddaga | 34 |
| Skilyrði innskattsfrádráttar | 26 | Virðisaukaskattsskýrsla | 34 |
| Hvenær reiknast innskattur? | 26 | Skil á virðisaukaskatti | 35 |
| Sönnun fyrir innskatti | 26 | Krafa finnst ekki í heimabanka | 35 |
| Kreditreikningar | 26 | Leiðréttingarskýrsla virðisaukaskatts | 35 |
| Frádráttur að fullu | 26 | Endurgreiðsla inneignar | 35 |
| Frádráttur að hluta | 27 | Vanskil | 35 |
| Innkaup sem bæði varða skattskylda og undanþegna starfsemi - veltureglan | 27 | Áætlun ef skýrslu er ekki skilað | 35 |
| Innkaup sem bæði varða skattskylda starfsemi og eigin not - matsreglan | 27 | Álag og dráttarvextir | 35 |
| Hlutafrádráttur óheimill | 27 | Stöðvun atvinnurekstrar vegna vanskila | 36 |
| Frádráttur óheimill | 27 | Árssundurliðun og uppgjör | 36 |
| Frádráttur vegna fasteigna | 28 | Samanburðarskýrsla virðisaukaskatts | 36 |
| Bygging | 28 | Blönduð starfsemi - sérstakt afstemmingarblað | 36 |
| Endurbætur og viðhald | 28 | Virðisaukaskattur af innflutningi | 37 |
| Inn- og útskattur af ökutækjum | 28 | Almennt | 37 |
| Innskattur vegna ökutækja | 28 | Álagning | 37 |
| Fólksbifreiðir - innskattsbann | 28 | Undanþágur | 37 |
| Vsk-ökutæki - sérreglur | 28 | Greiðslufyrirkomulag | 37 |
| Öflun, þ.e. kaup eða leiga..... | 29 | Uppgjörstímabil, gjalddagar og eindagar | 37 |
| Rekstur | 29 | Heimild til að fresta gjalddaga skuldfærðs virðisaukaskatts | 37 |
| Einkanot | 29 | Endurgreiðslur virðisaukaskatts | 38 |
| Önnur ökutæki - almennar reglur | 29 | Almennt | 38 |
| Útskattur af ökutækjum | 29 | Íbúðarhúsnæði | 38 |
| Fólksbifreiðir | 29 | Opinberir aðilar | 38 |
| Vsk-ökutæki | 30 | Erlend fyrirtæki | 38 |
| Önnur ökutæki | 30 | Almannaheillafélög | 39 |
| Sérstakar ívilnanir vegna vistvænna ökutækja, bifhjóla, reiðhjóla o.fl. | 30 | Aðrar endurgreiðslur | 39 |
| Sala rafmagns-, vetnis- eða tengiltvinnbifreiða | 30 | Upplýsingaskylda, málskot o.fl. | 40 |
| Rafmagns- eða vetnisbifhjól | 30 | Upplýsingaskylda | 40 |
| Létt bifhjól eða reiðhjól sem knúið er rafmagni | 30 | Áætlun virðisaukaskatts | 40 |
| Reiðhjól með stig- eða sveifarbúnaði | 31 | Stöðvun atvinnurekstrar | 40 |
| Tilkynningarskylda | 31 | Refsiákvæði | 40 |
| Endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna hleðslustöðva | 31 | Málskot | 40 |
| Aðrar tímabundnar ívilnanir | 31 | Kæra til ríkisskattstjóra | 40 |
| Leiðrétting innskatts af öflun varanlegra rekstrarfjármuna | 31 | Kæra til yfirsattanefndar | 40 |
| Skylda til leiðréttingar innskatts (til lækkunar) | 31 | Almennt dómsmál | 40 |
| Niðurfelling leiðréttingarskyldu | 31 | Viðaukar | 41 |
| Heimild til leiðréttingar innskatts (til hækkunar) | 32 | Viðauki A: | |
| Leiðréttingartími og hlutfall leiðréttingar | 32 | Vsk - lög og stjórnvaldsfyrirmæli | 42 |
| Yfirtaka leiðréttingarskyldu - tilkynningarskylda | 32 | Viðauki B: | |
| Framtal og skil á virðisaukaskatti | 33 | Vsk - eyðublöð | 43 |
| Almennt | 33 | Viðauki C: | |
| Uppgjörstímabil og gjalddagar | 33 | Um skattreikninga | 44 |
| | | Viðauki D: | |
| | | Dæmi um færslur í bókhaldi | 45 |

Almennt um virðisaukaskatt

Hvað er virðisaukaskattur?

Virðisaukaskattur var tekinn upp með lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sem gildi tóku 1. janúar 1990 og leystu af hólmí áðurgildandi söluskattslög. Skatturinn er vörsluskattur og almennur neysluskattur sem innheimtur er af innlendum viðskiptum á öllum stigum. Hann er einnig innheimtur við innflutning vöru og þjónustu.

Ríkisskattstjóra er falin framkvæmd á álagningu og innheimtu virðisaukaskatts og stýrir hann stofnun sem nefnist Skatturinn sem annast þessi verkefni ásamt öðrum. Ákvarðanir ríkisskattstjóra um skattskyldu og álagningu virðisaukaskatts af hvort tveggja viðskiptum innanlands og af innflutningi eru kærnanlegar til yfirsattanefndar. Í leiðbeiningum þessum er fjallað um helstu reglur sem gilda um virðisaukaskatt af viðskiptum innanlands og af innflutningi en nánari upplýsingar má finna í þeim heimildum sem getið er um í formála.

Skattur af virðisauka

Öll vara og þjónusta, sem ekki er sérstaklega undanþegin skattinum, er skattskyld. Allir rekstraraðilar sem hafa með höndum sölu eða afhendingu á vöru eða virðisaukaskattskyldri þjónustu eiga að innheimta og skila virðisaukaskatti og öllum, rekstraraðilum sem öðrum, ber að greiða virðisaukaskatt af innfluttum vörum en með fáum undantekningum þó. Sama vara eða þjónusta er þó ekki margsköttuð því að hvert einstakt fyrirtæki (skattaðili) skilar aðeins skatti af verðmætisaukningunni í því fyrirtæki, þ.e. af þeim virðisauka sem myndast í fyrirtækinu. Þetta er gert þannig að hver skattaðili innheimtir virðisaukaskatt af sölu sinni (útskatt) en við skil á skattinum í ríkissjóð dregur hann frá þann skatt (innskatt) sem hann hefur áður greitt öðrum skattaðilum eða töllyfirvöldum við kaup eða eigin innflutning á vörum og öðrum aðföngum til nota í rekstrinum (innskatt). Sjá dæmi 1. Skatturinn leggst þannig á mismun söliverðs og kaupverðs, þ.e. þann virðisauka sem verður hjá hverju fyrirtæki fyrir sig. Endanlegur neytandi vöru greiðir útskatt smásala. Það er sama fjárhæð og fæst þegar skattskil fyrirtækjanna allra eru lögð saman.

Útskattur og innskattur

- Útskattur er sá skattur sem fyrirtæki innheimtir af skattskyldri sölu sinni.
- Innskattur er sá virðisaukaskattur sem fyrirtæki greiðir öðrum skattaðilum eða töllyfirvöldum við kaup eða innflutning á vörum og öðrum aðföngum til nota í rekstrinum.

Skatthlutfallið

Almennt skatthlutfall í virðisaukaskatti er 24%. Þó skal innheimta 11% virðisaukaskatt af eftirtalinni vöru og þjónustu:

- Fólksflutningum innanlands, öðrum en þeim sem eru sérstaklega undanþegnir virðisaukaskatti (almenningsamgöngur o.fl.). Sama gildir um afnot af búnaði sem skipuleggjandi ferðar leggur farþegum til vegna ferðarinnar.

Dæmi 1: Innheimta og skil á virðisaukaskatti skýrð með dæmi í 24% skatthlutfalli

1) Til einföldunar er gert ráð fyrir því að hráefnisframleiðandinn kaupir ekki aðföng til framleiðslunnar.

| | | Verð með vsk. | Verð án vsk. | Innskattur | Útskattur | Skil í ríkissjóð |
|--------------------------|-------------------|---------------|--------------|------------|-----------|------------------|
| Hráefnisframleiðandi | Kaup ¹ | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | Sala | 1.240 | 1.000 | | 240 | 240 |
| Iðnrekandi | Kaup | 1.240 | 1.000 | 240 | | |
| | Sala | 1.984 | 1.600 | | 384 | 144 |
| Heildsali | Kaup | 1.984 | 1.600 | 384 | | |
| | Sala | 2.232 | 1.800 | | 432 | 48 |
| Smásali | Kaup | 2.232 | 1.800 | 432 | | |
| | Sala | 2.976 | 2.400 | | 576 | 144 |
| Samtals skil í ríkissjóð | | | | | | 576 |

- Útleigu hótél- og gistiherbergja og annarri gistipjónustu.
- Þjónustu ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjenda og ferðafélaga við milligöngu um sölu eða afhendingu á þjónustu sem ber 11% virðisaukaskatt og þjónustu sem er undanþegin virðisaukaskatti.
- Afnotagjöldum hljóðvarps- og sjónvarpsstöðva.
- Sölu tímarita, dagblaða, landsmála- og héraðsfréttablaða.
- Sölu bóka, jafnt frumsaminnna sem þýddra, þ.m.t. nótnabóka með og án texta, sem og hljóðupptökur af lestri slíkra bóka. Sama gildir um sölu á geisladiskum og öðrum sambærilegum miðlum með bókartexta, sem og sölu á rafrænum útgáfum slíkra bóka.
- Sölu á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar húsa og laugarvatns.
- Sölu á matvælum og öðrum vörum til manneldis sem skilgreindar eru í viðauka við lög um virðisaukaskatt, þ.m.t. sölu á áfengi.
- Aðgangi að vegamannvirkjum, s.s. gjaldtöku vegna aðgangs að Vaðlaheiðargöngum.
- Sölu á geisladiskum, hljómplötum, segulböndum og öðrum sambærilegum miðlum með tónlist en ekki mynd. Sama gildir um sölu á rafrænni útgáfu á tónlist án myndar.
- Sölu á vörum til getnaðarvarna, tíðavörum, margnota bleium og bleiufóðri.
- Aðgangseyri að baðhúsum, baðstöðum, gufubaðstofum og heilsulindum. Þetta gildir þó ekki um aðgangseyri að hefðbundnum iþróttamannvirkjum, t.d. sundlaugum, en aðgangur að slíkum mannvirkjum er undanþegin virðisaukaskatti.
- Ferðaleiðsögn.

Skatturinn reiknast af heildarverði án virðisaukaskatts. Hann er því viðbót við það verð sem fyrirtækið setur upp fyrir viðkomandi vöru eða þjónustu. Ef verð vöru eða þjónustu, sem fellur undir 24% skatthlutfall, er gefið upp með virðisaukaskatti þá er skatturinn 19,35% af því verði sem kaupandi greiðir. Hins vegar ef um er að ræða vöru eða þjónustu sem fellur undir 11% skatthlutfall þá er skatturinn 9,91% af því verði sem kaupandi greiðir.

Dæmi 2: Vara eða þjónusta í 24% skatthlutfalli

| | |
|------------------------|-----------|
| Verð án vsk. | 1.000 kr. |
| Virðisaukaskattur, 24% | 240 kr. |
| Verð með vsk. | 1.240 kr. |

Dæmi 3: Vara eða þjónusta í 24% skatthlutfalli

| | |
|---------------------------|-----------|
| Verð með vsk. | 1.240 kr. |
| Virðisaukaskattur, 19,35% | 240 kr. |
| Verð án vsk. | 1.000 kr. |

Dæmi 4: Vara eða þjónusta í 11% skatthlutfalli

| | |
|------------------------|-----------|
| Verð án vsk. | 1.000 kr. |
| Virðisaukaskattur, 11% | 110 kr. |
| Verð með vsk. | 1.110 kr. |

Dæmi 5: Vara eða þjónusta í 11% skatthlutfalli

| | |
|--------------------------|-----------|
| Verð með vsk. | 1.110 kr. |
| Virðisaukaskattur, 9,91% | 110 kr. |
| Verð án vsk. | 1.000 kr. |

Skattskyld vara og þjónusta

Almennt

Meginregla laga um virðisaukaskatt er að öll vörusala er skattskyld. Sama gildir um alla þjónustu nema viðkomandi þjónusta sé sérstaklega undanþegin.²⁾

Vörur og verðmæti

Skattskyldan nær til allra vara og verðmæta, nýrra og notaðra. Vöruhugtakið er því mjög víðtækt. Nefna má eftirfarandi dæmi um vöru og verðmæti í skilningi laganna:

- Rafmagn, varmi og önnur orka.
- Peningaseðlar, mynt og frímerki þegar þeir hlutir eru seldir sem söfnunargripir.
- Hlutabréf, skuldabréf, eyðublöð og aðrir slíkir hlutir þegar þeir eru látnir í té sem prentvarningur.
- Jurtir og lifandi dýr.

Pað sem ekki telst til vöru

Eftirfarandi telst ekki vara í skilningi laganna:

- Fasteignir. Með fasteign er átt við afmarkað land ásamt eðlilegum hlutum þess, lífrænum sem ólífrænum, og þeim mannvirkjum sem varanlega eru við landið skeytt. Þar sem fasteign er ekki vara í skilningi virðisaukaskattslaga ber sala hennar ekki virðisaukaskatt. Á hinn bóginn er ýmis þjónusta tengd fasteign virðisaukaskattskyld, s.s. þjónusta fasteignasala og byggingarstarfsemi.
- Hlutabréf, skuldabréf og önnur slík viðskiptabréf, svo og mynt og frímerki, þegar um að ræða greiðslumiðil en ekki söfnunargripir eða prentvarning.

Vinna og þjónusta

Skattskyldan nær til allrar vinnu og þjónustu, hverju nafni sem nefnist, sem ekki er beinlínis undanþegin skattskyldu. Virðisaukaskattsskyld þjónusta tekur því yfir mjög vítt svið. Engin leið er að gera tæmandi grein fyrir skattskyldri vinnu og þjónustu en nefna má nokkur dæmi:

- Vinna sem beint eða óbeint er innt af hendi við vörur, t.d. framleiðsla, úrvinnsla, útleiga, geymsla eða flutningur.
- Vinna, m.a. við hönnun, byggingu, viðhald og endurbætur á byggingum og öðrum mannvirkjum.
- Sérfræðiþjónusta, svo sem auglýsingaþjónusta (gerð, miðlun og ráðgjöf varðandi auglýsingar), arkitektþjónusta, bókhaldsþjónusta, framtalsaðstoð og þjónusta löggiltra endurskoðenda, lögræðiþjónusta, verk- og tæknifræðiþjónusta, viðskipta- og hagfræðiþjónusta, útgáfuþjónusta og ráðgjöf hvers konar.
- Þjónusta fasteignasala og bílasala.
- Vélaleiga og önnur lausafjárleiga.
- Vöruflutningar.
- Gistiþjónusta.
- Dansleikjahald.
- Ýmis þjónusta, svo sem þjónusta hárskera og snyrtistofa og þjónusta veitinga- og matsóluhúsa.
- Óefnisleg verðmæti, s.s. höfundarréttur og einkaleyfi.

Undanþegin vinna og þjónusta

Eftirtalin þjónusta er undanþegin virðisaukaskatti:

- **Þjónusta sjúkrahúsa, fæðingarstofnana, heilsuhæla og annarra hliðstæðra stofnana, svo og lækningar, tannlækningar, önnur eiginleg heilbrigðisþjónusta og sjúkraflutningar.** Skyldubundin þjónusta heilbrigðisstofnana er undanþegin virðisaukaskatti hvort heldur starfsmenn stofnunar inna hana af hendi eða stofnun felur sjálfstætt starfandi manni eða lögpersónu að sinna umræddri skyldu. Jafnframt er undanþegin virðisaukaskatti þjónusta sem sjálfstætt starfandi menn, sem teljast til lögverndaðrar heilbrigðisstéttar, veita á grundvelli starfsréttinda sinna samkvæmt lögum um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta eða sérlægum um einstaka heilbrigðisstétt. Þá eru sjúkraflutningar einnig undanþegnar virðisaukaskatti.
- **Félagsleg þjónusta, svo sem rekstur barnaheimila, skóladagheimila og upptökuheimila og önnur hliðstæð þjónusta.** Með félagslegri þjónustu er fyrst og fremst átt við þjónustu sem stuðlar að velferð einstaklinga á grundvelli samhjálpur sem fram fer á vegum opinberrar stofnunar eða viðurkenndra samtaka. Við afmörkun hinnar undanþegnu þjónustu er horft til skilgreininga í sérlægum um félagslega þjónustu, svo sem um félagsþjónustu sveitarfélaga, um málefni fatlaðra og um málefni aldraðra. Undanþágan tekur almennt til þeirrar félagslegu þjónustu sem ríki og sveitarfélögum er með lögum þessum gert að veita eða sjá til að veitt sé. Undanþágan tekur einnig til sjálfstætt starfandi aðila sem falið er að sinna skyldum ríkis og sveitarfélags.
- **Rekstur skóla og menntastofnana.** Hér er átt við starfsemi hins almenna skólakerfis í landinu og aðra sams konar kennslu- og menntastarfsemi. Þannig er t.d. starfsemi málaskóla, tónlistarkennsla, námskeið eða kennsla í skrifstofu- og stjórnunarfræðum og önnur slík fagmenntun undanþegin skattskyldu. Einnig er fagleg endurmenntun, sem miðar að því að viðhalda eða auka þekkingu nemenda eingöngu vegna atvinnu þeirra, undanþegin skattskyldu, jafnvel þótt námsgreinin hafi ekki unnið sér fastan og almennan sess í skólakerfinu. Öku-, flug- og danskennsla er einnig sérstaklega undanþegin skattskyldu. Í öðrum tilvikum er starfsemi sem ekki hefur unnið sér fastan og almennan sess í skólakerfinu skattskyld, svo sem námskeið á vegum fyrirsætufyrirtækis eða í ofurmínistækni. Fjarkennsla yfir internetið þar sem viðvarandi samskipti eru á milli nemenda og kennara sem fylgjast með framvindu námsins er undanþegin virðisaukaskatti ef um er að ræða nám sem undanþegið er sbr. framangreint.
- Starfsemi **safna, svo sem bókasafna, listasafna og náttúrugripasafna, og hliðstæð menningarstarfsemi.** Sama gildir um aðgangseyri að tónleikum, listdanssýningum, leiksýningum og leikhúsum ef þessar samkomur tengjast ekki á nokkurn hátt öðru skemmtanahaldi eða veitingastarfsemi.
- **Íþróttastarfsemi**, þ.e. aðgangseyrir að íþróttamótum, íþróttakappleikjum og íþróttasýningum. Jafnframt aðgangseyrir og aðrar þóknarir fyrir afnot af íþróttamannvirkjum til

2) Sala á skattskyldum vörum og þjónustu getur þó í vissum tilvikum verið undanþegin virðisaukaskattsskyldri veltu skattskylds aðila, þ.e. aðili þarf þá ekki að útskatta við sölu þótt hann njóti innskattsfrádráttar. Þetta á fyrst og fremst við um útflutning. Sjá nánar á bls. 23-24.

íþróttaiðkunar, s.s. íþróttasölum, íþróttavöllum, sundlaugum og skíðalyftum ásamt íþróttabúnaði mannvirkjanna. Sama gildir um aðgangseyri að líkamsræktarstöðvum. Æfingagjöld íþróttafélaga og leikjanámskeið fyrir börn og unglinga eru þannig undanþegin virðisaukaskatti á grundvelli ákvæðisins. Með íþrótt er átt við hvers konar líkamlega þjálfun sem almennt er stunduð innan aðildarfélaga Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, hvort heldur sem tilgangur þjálfunarinnar er keppni og afrek eða stefnt er aðallega að heilsurækt og dægradvöl. Ekki skiptir máli hvort starfsemin er rekin af íþróttafélögum eða atvinnufyrirtækjum. Til dæmis er greiðsla fyrir reiðkennslu undanþegin sem íþróttastarfsemi hvort sem hún fer fram á vegum ÍSÍ eða í sjálfstætt starfandi reiðskóla. Aðgangseyrir að t.d. trimmformi, ljósabekkjum og nuddstofum (nema ef um er að ræða sjúkranudd hjá löggiltum sjúkranuddara) er hins vegar skattskyldur.

- **Almenningssamgöngur**, þ.e. fastar ferðir á ákveðinni leið innan lands samkvæmt fyrirfram birtri áætlun, jafnt á landi, í lofti og á legi, skipulögð ferðabjónusta fatlaðra og aldradra, skipulagðir flutningar skólabarna, sjúkraflutningar og akstur leigubifreiða. Undanþága vegna þessara fólksflutninga nær einnig til farangurs farþega og flutnings ökutækja sem eru í beinum tengslum við flutning farþeganna. Þjónusta umboðsmanna fyrir fólksflutningafyrirtæki getur verið undanþegin virðisaukaskatti, t.d. ef tekjur þeirra miðast við selda farmiða fyrir undanþegna fólksflutninga. Ef farartæki er leigt án ökumanns, t.d. hópferðabifreið án bílstjóra, er um skattskylda lausafjárleigu að ræða en ekki undanþegna fólksflutninga. Undanþágan tekur heldur ekki til þeirra sem stunda t.d. akstur hópferðabifreiða eða ferðaleiðsögn sem verktakar.
- **Póstþjónusta** vegna bréfasendinga, svo sem móttaka og dreifing á árituðum bréfum, þ.m.t. póstkortum, blöðum og tímaritum. Burðargjald fyrir almennan bögglopóst er hins vegar skattskyld.
- **Fasteignaleiga** og útleiga bifreiðastæða. Endurgjald fyrir ýmis fasteignatengd réttindi fellur hér undir þegar leigusali lætur leigutaka í té svo víðtæk afnot fasteignar sinnar að þau jafnast á við raunveruleg umráð eiganda. Framsal réttinda til töku á afurðum eða hlunnindum jarðar, t.d. malarnáms eða veiði, er því skattskyld ef leigutaki hefur einungis heimild til að nýta jörðina að vissu marki og gjaldtakan miðast við hversu mikið magn er nytjað. Hér hefur sá sem öðlast þessi réttindi ekki fullkominn umráðarétt yfir afurðum eða hlunnindum jarðarinnar. Í slíkum tilvikum er litið svo á að markmið samningsins sé að selja vöru, þ.e. um vörusölu sé að ræða en ekki fasteignaleigu. Við mat á því hvort um skattskylda vörusölu sé að ræða eða undanþegna fasteignaleigu er því m.a. lagt til grundvallar hvernig yfirráðum fasteignarinnar er háttað og gjaldtaka ákvörðuð. Útleiga veitinga- og samkomuhúsnæðis til skemmri tíma en eins mánaðar er skattskyld. Einnig útleiga hótél- og gistihverbergja, tjaldstæða og önnur gistibjónusta þegar leigt er til skemmri tíma en eins mánaðar. Aðstöðuleiga, s.s. útleiga á rakarastólum, leiga á stæðum í jarðhýsi fyrir kartöflur og útleiga á frystihólfum telst ekki fasteignaleiga og er því skattskyld.

- **Sala og milliganga um fjármálaþjónustu**, þ. á m. váttryggingastarfsemi, móttaka innlána og útlánastarfsemi, greiðsluþjónusta, verðbréfavíðskipti, rekstur verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða og útgáfa rafeyris. Til váttryggingarstarfsemi telst m.a. sala váttrygginga hvort sem er úrhendi váttryggjanda eða tryggingarumboðs. Mats- og virðingarstörf sem sérfræðingar vinna fyrir váttryggingarfélög við mat á tjóni vegna ákvörðunar bótafjárhæðar eru einnig undanþegin virðisaukaskatti. Sérfræðiþjónusta við ákvörðun á bótaskyldu er hins vegar skattskyld. Undanþegin fjármálaþjónusta tekur ekki til eignaleigu lausafjár, útleigu geymsluhólfa eða ráðgjafarþjónustu, tækniþjónustu og annarrar þjónustu sem ekki er veitt í beinum tengslum við fjármálaþjónustu. Þá er starfsemi sem bankar eða aðrar fjármálastofnanir reka í samkeppni við önnur fyrirtæki einnig skattskyld, t.d. sala lánastofnana á seðlaveskjum eða bókhaldsforritum, sala eða leiga á lausafé sem þær hafa eignast t.d. á uppboði, sala á innheimtuþjónustu og bókhalds- og rekstrarþjónustu þeirra við einstaklinga eða fyrirtæki.
- **Happdrætti og getraunastarfsemi**, þ.m.t. umboðslaun vegna starfseminnar.
- **Starfsemi rithöfunda og tónskálda við samningu hugverka og sambærileg liststarfsemi**. Til sambærilegrar liststarfsemi teljast m.a. störf leikara og tónlistarmanna. Á hinn bóginn er t.d. útgáfa bóka og geisladiska virðisaukattsskyld þótt samning verkanna sé undanþegin. Jafnframt ber að innheimta virðisaukaskatt af aðgangseyri að dansleik þrátt fyrir að tónlistarflutningurinn þar sé undanþeginn skattskyldur. Sama gildir um gerð og sölu kvikmynda þótt samning handrits og störf leikara geti verið undanþegin. Þá er önnur þýðingarstarfsemi en þýðing bókmenntaverka og kvikmynda talin skattskyld.
- **Útfararþjónusta og prestsþjónusta** hvers konar. Undanþágan tekur ekki til vörusölu vegna útfarar. Til dæmis ber sala á líkkistum, líkklæðum, kertum og blómum virðisaukaskatt.

Góðgerðarstarfsemi

Góðgerðarstarfsemi er undanþegin virðisaukaskatti að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Þannig geta góðgerðarfélög fengið undanþágu frá virðisaukaskatti vegna tímabundinnar basarsölu, merkjasölu o.fl., enda vari starfsemin ekki lengur en 5 daga í hverjum mánuði eða 25 daga sé um árlegan viðburð að ræða. Heimildin gildir einnig vegna söfnunar og sölu verðlítilla notaðra muna sem einungis eru seldir til skattskyldra aðila, sölu nytjamarkaða á notuðum munum sem seljandi hefur fengið afhenta án endurgjalds og sölu listaverka sem falla undir tollskrárnumérin 9701.1000-9703.0000. Skilyrði fyrir undanþágu eru að hagnaður af starfseminni renni að öllu leyti til aðila sem starfar til almannaheilla, starfsemin sé á ábyrgð og fjárhagslegri áhættu góðgerðarfélagsins og það hafi fengið staðfestingu ríkisskattstjóra á því að öll skilyrði undanþágu séu uppfyllt. Sækja skal um undanþágu til Skattsins eigi síðar en átta dögum áður en starfsemi hefst.

Skattskyldir aðilar og skráningarskylda

— reglugerð nr. 515/1996 —

Almennt

Sá sem í sjálfstæðri starfsemi sinni selur skattskyldar vörur eða þjónustu í atvinnuskyni hefur með höndum virðisaukaskattskylda starfsemi.

Með orðalaginu „í atvinnuskyni“ er átt við að viðkomandi hafi það að atvinnu sinni að kaupa og selja t.d. notuð húsgögn, en aftur á móti telst það ekki vera skattskyld sala í atvinnuskyni ef maður selur öðrum gamla sófasettið sitt. Með orðalaginu „í atvinnuskyni“ er fyrst og fremst átt við að starfsemi sé rekin í hagnaðarskyni og í nokkru umfangi. Tekjur af sölu á skattskyldum vörum eða þjónustu þurfa því alltaf eða nær alltaf að vera hærri en kostnaður við aðföng til þeirrar starfsemi.

Með skilyrðinu um sjálfstæði starfseminnar er átt við að viðkomandi sé atvinnurekandi, ekki launþegi. Launþegum ber ekki að innheimta virðisaukaskatt af launum sínum. Stundum kann að leika vafi á hvort um launþega- eða verktakasamband er að ræða milli þess er tekur við greiðslu og þess sem greiðir. Eðli starfssambandsins ræður úrslitum, svo sem varðandi fjárhagslega áhættu og ábyrgð á verkum, en ekki það hvaða nafn aðilar kjósa að gefa starfssambandinu. Mat á eðli starfssambands í skattalegu tilliti er í höndum skattýfirvalda. Telji ríkisskattstjóri að maður, sem óskar skráningar á virðisaukaskattsskrá, uppfylli ekki skilyrðið um sjálfstæða starfsemi, ber honum að synja um skráninguna.

Sérhver skattskyldur aðili skal tilkynna um starfsemi sína til skráningar á virðisaukaskattsskrá til Skattsins eigi síðar en átta dögum áður en starfsemi hefst.

Skattskyldir aðilar

Eftirtaldir aðilar eru skattskyldir og þar með tilkynningar- og skráningarskyldir:

- Atvinnufyrirtæki sem selja skattskyldar vörur eða þjónustu, þ.e.a.s. lögaðilar og menn með sjálfstæðan rekstur, sem stunda í atvinnuskyni viðskipti með skattskyldar vörur eða þjónustu. Ekki skiptir máli í hvaða formi atvinnufyrirtækið er rekið, t.d. hvort um er að ræða hlutafélag, samvinnufélag, einstaklingsfyrirtæki eða opinbert atvinnufyrirtæki.
- Félög og stofnanir, enda þótt þau séu undanþegin skattskyldu samkvæmt lögum um tekjuskatt eða öðrum sérstökum lögum, að því leyti sem þau selja skattskyldar vörur eða þjónustu í samkeppni við atvinnufyrirtæki. Um skattskyldu er að ræða jafnvel þótt þau selji aðeins félagsmönnum sínum eða selji eingöngu skattskyldar vörur eða þjónustu félagsmanna sinna.
- Opinber orku- og veitufyrirtæki að því leyti sem þau selja skattskyldar vörur eða þjónustu. Sama á við um hafnir í eigu sveitarfélags sem hafa sérstaka hafnarstjórn.
- Ríki, bæjar- og sveitarfélög, stofnanir þeirra og fyrirtæki, að því leyti sem þessir aðilar selja skattskyldar vörur eða þjónustu í samkeppni við atvinnufyrirtæki.
- Uppboðshaldarar.
- Umboðsmenn og aðrir sem eru í fyrirsvari fyrir erlenda aðila sem reka hér á landi skattskyld viðskipti. Í þessum tilvikum er fyrirsvarsmaðurinn skattskyldur, og þar með skráningarskyldur, fyrir hönd hins erlenda aðila og báðir ábyrgir fyrir greiðslu skattsins í ríkissjóð. Til erlendra aðila teljast þeir sem hvorki hafa búsetu né starfsstöð hér á landi.

- Rekstraraðilar alþjóðaflugvalla hér á landi vegna þjónustu við millilandaloftför og farþega þeirra.
- Þeir sem falla undir sérreglur um eigin not, sjá nánar hér á eftir.

Eigin not

Sá sem ekki hefur atvinnu af sölu á skattskyldri vöru eða þjónustu þarf í vissum tilvikum að greiða virðisaukaskatt af þeirri vöru og þjónustu sem hann framleiðir eða innir af hendi til eigin nota. Sérreglur á þessu sviði eiga rætur að rekja til samkeppnissjónarmiða.

Byggingarstarfsemi

Þeir sem stunda byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð á eigin kostnað, skulu greiða virðisaukaskatt af eigin vinnu, vinnu starfsmanna og tækjanotkun, hvort sem byggt er til sölu, leigu eða til eigin nota.³⁾ Tekið skal fram að verktaka fellur ekki undir þessar sérstöku reglur heldur almennar, enda er þá ekki um að ræða byggingarstarfsemi á eigin kostnað.

Sérreglur gilda nánar tiltekið um rekstraraðila sem stunda eftirtalda starfsemi:

- Byggingu eða endurbætur fasteignar á eigin lóð eða leigulóð - til leigu eða sölu.
- Byggingu eða endurbætur fasteignar á eigin lóð eða leigulóð - til eigin nota eða nota fyrirtækis síns.
- Viðgerðar- og viðhaldsvinnu á eigin eða leigðum fasteignum - ef heildarkostnaður framkvæmdanna er a.m.k. 2.559.600 kr. á ári⁴⁾.

Sjá nánar reglugerð nr. 576/1989 og auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 8/1994.

Opinberir aðilar

Reglur um skattskyldu opinberra aðila vegna eigin nota lúta að:

- Fyrirtækjum ríkis og sveitarfélaga, stofnunum þeirra eða þjónustudeildum, sem hafa það að meginmarkmiði að framleiða vörur eða inna af hendi þjónustu til eigin nota.
- Sveitarfélögum og ríkisstofnunum sem framleiða vörur eða inna af hendi þjónustu eingöngu til eigin nota án þess að slík starfsemi fari fram í sérstöku fyrirtæki eða þjónustudeild.

Sjá nánar reglugerð nr. 248/1990 og auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 17/1996.

3) Eigin vinna byggingaraðila er þó skattfrjálst þegar hann án launamanna byggir eingöngu til eigin nota ef vinnan er ekki í iðn- eða sérfræðigrein hans eða sambærilegri grein, enda selji hann ekki öðrum byggingarvinnu í atvinnuskyni og hafi ekki með höndum skattskyldar byggingarframkvæmdir á eigin kostnað til leigu eða sölu.

4) Fjárhæðin breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við byggingarvísitölu. Hér er miðað við vísitölu í janúar 2022.

Kaup á virðisaukaskattsskyldri þjónustu erlendis frá

Aðilum sem hafa með höndum starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti og kaupa erlendis frá þjónustu sem er skattskyld samkvæmt lögum um virðisaukaskatt ber að greiða virðisaukaskatt þjónustunni. Sem dæmi má nefna þjónustu sem veitt er rafrænt, fjarskiptaþjónustu, útvarps- og sjónvarpsþjónustu, auglýsingaþjónustu, sérfræðiþjónustu o.fl. Á sama hátt ber virðisaukaskattsskyldum atvinnufyrirtækjum að greiða virðisaukaskatt af slíkri þjónustu, sem keypt er erlendis frá, að því leyti sem þau geta ekki talið virðisaukaskatt af þjónustunni til innskatts.

Erlendir aðilar sem hvorki hafa starfsstöð né umboðsmann hér á landi og selja hingað til lands þjónustu sem veitt er rafrænt, fjarskiptaþjónustu, útvarps- og sjónvarpsþjónustu til annarra en atvinnufyrirtækja hér á landi, s.s. einstaklinga og félaga utan rekstrar, stofnana o.þ.h. (e. B2C; Business to Consumer), eru virðisaukaskattsskyldir hérlendis. Seljandi skal ótilkvaddur tilkynna starfsemi sína rafrænt á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Aðilar sem selja framangreinda þjónustu fyrir 2.000.000 kr. eða minna á hverju 12 mánaða tímabili eru undanþegnir skattskyldu.

Aðilar sem ekki stunda atvinnurekstur, s.s. einstaklingar og félög utan rekstrar, stofnanir o.þ.h., skulu greiða virðisaukaskatt af aðkeyptri þjónustu erlendis frá, þ.e. af annarri þjónustu en þjónustu sem veitt er rafrænt, fjarskiptaþjónustu, útvarps- og sjónvarpsþjónustu, nemi andvirði hennar 10.000 kr. eða meira á hverju tveggja mánaða tímabili. Ef hinn erlendur aðili er skráður virðisaukaskattsskyldur aðili hér á landi, eða umboðsmaður fyrir hans hönd, fellur greiðsluskyldan niður.

Þjónusta sem veitt er erlendis frá telst ávallt nýtt þar sem kaupandi þjónustunnar hefur búsetu eða starfsstöð. Dæmi um þjónustu sem veitt er rafrænt er niðurhal á hugbúnaði, þ.m.t. snjallsímaforritum, bókum, tölvuleikjum, tónlist, kvikmyndum o.þ.h.

Aðilar í undanþeginni starfsemi

Fyrirtæki, félög, stofnanir og aðrir aðilar, sem inna af hendi undanþegna þjónustu, skulu m.a. greiða virðisaukaskatt af eftirtalinni eigin starfsemi að svo miklu leyti sem hún er í samkeppni við atvinnufyrirtæki:

- Smíði, viðhaldi og viðgerðum véla, tækja, húsgagna og áhalda í verksmíðju, verkstæði eða starfsstöð.
- Rekstri þvottahúss, prentstofu og mótuneytis.
- Ræstingu, sé kostnaður (laun o.fl. ásamt álagi) 2.925.700 kr. eða meiri á ári⁵⁾.
- Þjónustu þar sem krafist er iðnmenntunar.
- Þjónustu verkfræðinga, tæknifræðinga, arkitekta, lögfræðinga, löggiltra endurskoðenda, tölvunarfræðinga og annarra sérfræðinga er almennt þjóna atvinnulífínu og lokið hafa háskólanámi eða sambærilegu langskólanámi eða starfa sannanlega á sviði fyrrgreindra aðila og veita sambærilega þjónustu.
- Öryggisvörslu, þ.e. eftirliti með verðmætum og starfsemi, utan venjulegs vinnutíma.

Sjá nánar reglugerð nr. 562/1989 og auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 17/1996.

Undanþegin góðgerðarfélög (sjá bls. 7) eiga líka að greiða virðisaukaskatt af skattskyldum vörum og þjónustu þegar vara er framleidd eða þjónusta innt af hendi eingöngu til eigin nota og í samkeppni við skattskylda aðila.

Undanþegnir aðilar

Nokkrir aðilar eru undanþegnir skattskyldu. Þeir eru eftirfarandi:

1. Þeir sem eingöngu selja vöru eða þjónustu sem undanþegin er virðisaukaskatti, þ.e. þeir sem alfarið eru í undanþeginni starfsemi.
Aðili kann að hafa hvort tveggja með höndum skattskylda starfsemi og undanþegna. Starfsemi hans er þá sögð blönduð. Honum ber að standa skil á skatti vegna sölu sinnar á skattskyldri vöru og þjónustu, en sérstakar reglur gilda um innskattsfrádrátt hans.
Eins og áður segir ber þessum aðilum að reikna og standa skil á virðisaukaskatti af tilteknum eigin notum.
2. Listamenn eru undanþegnir skattskyldu að því er varðar sölu þeirra á eigin listaverkum, enda falli listaverkin undir tollskrárnúmer 9701.1000-9703.0000. Sama gildir um uppboðshaldara að því er varðar sölu þessara verka á listmunauppboðum.

Eftirfarandi listaverk falla hér undir:

- A. Málverk, teikningar og pastelmyndir gerðar í höndum að öllu leyti, **þó ekki**;
 - upprættir og teikningar til notkunar í húsagerð, verkfræði, iðnaði, viðskiptum, landslagsfræði eða þess háttar handgerð frumverk,
 - handskrifaður texti,
 - ljósmyndir á ljósnæmum pappír,
 - handmálaðir eða handskreyttir framleiddir hlutir.
 - B. Klippimyndir og áþekk veggskreytisþjöld.
 - C. Frumverk af stungum, þrykki og steinprenti, þ.e. myndir sem þrykkar eru beint í svörtu og hvítu eða í lit með einni eða fleiri plötum sem listamaðurinn hefur gert að öllu leyti í höndunum án tillits til þeirra aðferða eða efnis sem hann notar, þó ekki með neins konar vélrænum eða ljósvélrænum aðferðum.
 - D. Frumverk af höggmyndum og myndastyttum úr hvers konar efni. Til þessa flokks teljast ekki fjöldaframleiddar endurgerðir af listaverkum eða venjulegar handiðnaðarvörur sem hafa einkenni verslunarvöru, jafnvel þótt vörur þessar séu hannaðar eða búnar til af listamönnum. Rammar um málverk, teikningar, pastelmyndir, klippimyndir eða áþekk veggskreytisþjöld, stungur, þrykk eða steinprent skoðast sem hluti af listaverkunum enda séu þeir að gerð og verðmæti í eðlilegu samræmi við þau. Sala á handverki sem ekki fellur undir framangreind tollskrárnúmer er skattskyld.
3. Aðilar með lítinn rekstur, þ.e. þeir sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir 2.000.000 kr. eða minna á hverju 12 mánaða tímabili frá því að starfsemi hefst. Þessum aðilum er skylt að tilkynna ríkisskattstjóra um starfsemi sína og innheimta og skila virðisaukaskatti frá þeim tíma þegar þeim má vera ljóst að sölutekjur af skattskyldri vöru og þjónustu verði 2.000.000 kr. eða meiri á 12 mánaða tímabili. Ekki er krafist greiðslu skatts af sölu sem á sér stað fyrir þetta tímamark en jafnframt má ekki telja til innskatts virðisaukaskatt sem greiddur er fyrir skráninguna vegna kaupa á aðföngum til starfseminnar.
 4. Skólamötuneyti eru undanþegin skattskyldu vegna matarsölu til nemenda.

5) Fjárhæðin breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við byggingarvísitölu. Hér er miðað við vísitölu í janúar 2022.

Peir sem njóta undanþágu frá skattskyldu eiga ekki að innheimta virðisaukaskatt af sölu sinni (útskatt) en geta á hinn bóginn ekki fengið frádreginn virðisaukaskatt vegna kaupa sinna (innskatt). Þessum aðilum er óheimilt að tilgreina virðisaukaskatt á sölureikningum sem þeir gefa út. Geri þeir það skulu þeir skila skattinum í ríkissjóð nema leiðréttingu verði komið við gagnvart kaupanda.

Almenn skráning (skráningarskylda)

Sérhver skattskyldur aðili skal tilkynna ríkisskattstjóra um starfsemi sína eða atvinnurekstur á sérstöku eyðublaði (RSK 5.02) eigi síðar en átta dögum áður en starfsemi hefst. Tilkynninguna á að senda til Skattsins. Ríkisskattstjóri færir aðila á virðisaukaskattsskrá, úthlutar skráningarnúmeri (vsk-númeri) og gefur út staðfestingu á að skráning hafi átt sér stað.

Ríkisskattstjóri skal þó eigi skrá aðila ef samanlagðar tekjur hans af sölu skattskyldrar vöru og þjónustu verða að jafnaði lægri en kostnaður við aðföng sem keypt eru með virðisaukaskatti til starfseminnar, þar með talið vegna kaupa varanlegra rekstrarfjármuna.

Þrátt fyrir þetta getur aðili átt rétt á skráningu samkvæmt sérstöku reglum. Sjá umfjöllun um sértæka skráningu.

Breytingar á starfsemi fyrirtækis

Breytingar sem verða á starfsemi fyrirtækis eftir skráningu ber einnig að tilkynna skriflega (RSK 5.02) til ríkisskattstjóra eigi síðar en átta dögum eftir að breyting á sér stað. Hér getur m.a. verið um þessi atriði að ræða:

- Breyting verður á starfsemi fyrirtækis.
- Fyrirtæki hættir skattskyldri starfsemi.
- Fyrirtæki er selt öðrum aðila.

Þegar fyrirtæki hættir skattskyldri starfsemi ber að tilkynna það út af skrá og nota til þess eyðublað RSK 5.04. Á bls. 25 er gerð grein fyrir þeim reglum sem gilda um greiðslu virðisaukaskatts af vörubirgðum og rekstrarfjármunum þegar fyrirtæki tilkynnir sig út af skrá. Við lok starfsemi getur þurft að leiðrétta innskatt af varanlegum rekstrarfjármunum, sjá umfjöllun á bls. 31-32.

Aðilar með lítinn rekstur

Undanþága vegna lítils rekstrar (sbr. umfjöllun á bls. 9) er valkvæð. Stundi aðili á annað borð rekstur, en ekki tómstundastarf, getur hann sótt um skráningu á virðisaukaskattsskrá þótt sala hans á skattskyldri vöru eða þjónustu sé undir 2.000.000 kr. á 12 mánaða tímabili.

Ef slíkur aðili tilkynnir ríkisskattstjóra um virðisaukaskattsskylda starfsemi sína og fær skráningu á virðisaukaskattsskrá ber honum að innheimta og skila virðisaukaskatti af sölu sinni, þótt salan sé undir lágmarksfjárhæð. Á hinn bóginn getur hann þá nýtt sér innskattsfrádrátt af aðföngum til starfseminnar.

Kjósi aðili með lítinn rekstur aftur á móti að standa utan virðisaukaskattsskrár tilkynnir hann ríkisskattstjóra ekki um virðisaukaskattsskylda starfsemi sína og innheimtir hvorki virðisaukaskatt af sölu né nýtir sér innskattsfrádrátt af aðföngum. Þegar honum má vera ljóst að sala hans á skattskyldri vöru og þjónustu muni ná 2.000.000 kr. á 12 mánaða tímabili vaknar hins vegar skattskyldan. Á þeim tímupunkti ber aðila að tilkynna starfsemi sína til skráningar hjá ríkisskattstjóra.

Tímabundin skráning

Aðili, sem tímabundið hefur með höndum skattskylda starfsemi, getur fengið heimild ríkisskattstjóra til að skrá starfsemi sína um fyrirfram ákveðinn tíma. Tímabundin skráning getur hið skemmsta verið einn almanaksmánuður og lengst tveir almanaksmánuðir.

Sértæk skráning (skráningarréttur)

Í ákveðnum tilvikum geta aðilar óskað eftir sértækri skráningu á virðisaukaskattsskrá:

- Þrátt fyrir að skilyrði almennrar skráningar séu ekki uppfyllt getur sá sem stundar starfsemi á þróunar- eða undirbúningsstigi fengið skráningu, **fyrirfram skráningu**, sýni hann fram á að skilyrðin verði síðar uppfyllt. Með því öðlast hann innskattsrétt vegna fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum. Gegn framlagningu tryggingar er unnt að fá fyrirfram skráningu jafnvel þótt ekki sé sýnt fram á að skilyrði almennrar skráningar verði síðar uppfyllt. Fyrirfram skráning er háð tímatakmörkunum.
- Hafi ríkisskattstjóri synjað um skráningu en síðar kemur í ljós að skilyrði skráningar eru uppfyllt, eða fram er lögð trygging, getur viðkomandi fengið **afturvirka skráningu** vegna yfirstandandi árs eða alls næstliðins árs komi ósk um skráningu fram fyrir 15. mars.
- **Frjáls eða sérstök skráning** vegna leigu eða sölu á fasteign. Þeir sem byggja fasteign á eigin lóð eða leigulóð og selja hana til aðila sem skráður er samkvæmt lögum um virðisaukaskatt geta sótt um sérstaka skráningu til ríkisskattstjóra. Sérstök skráning veitir aukinn innskattsrétt sem bundinn er skilyrðum. Virðisaukaskattsskyldur kaupandi getur yfirtekið leiðréttingarskyldu sem stofnast og þannig óbeint notið innskattsins. Reglur um sérstaka skráningu miða að því að virðisaukaskattsskyldur aðili sé eins settur hvað skattinn varðar hvort heldur hann kaupir húsnæði í byggingu eða byggir sjálfur yfir starfsemi sína. Aðeins er hægt að fá sérstaka skráningu vegna byggingar atvinnuhúsnæðis. Sá sem í atvinnuskyni leigir fasteign eða hluta fasteignar getur sótt um frjálsa skráningu til ríkisskattstjóra. Leigusali sem fengið hefur heimild til frjálsrar skráningar skal innheimta útskatt af leigugjaldinu en nýtur innskattsréttar á móti. Frjáls skráning getur aldrei tekið til húsnæðis sem notað er að öllu leyti eða að hluta sem íbúðarhúsnæði. Um sérstaka og frjálsa skráningu fjallar reglugerð nr. 577/1989.

Samskráning

Tvö eða fleiri hlutafélög og einkahlutafélög geta sótt um samskráningu á virðisaukaskattsskrá hjá ríkisskattstjóra. Meðal skilyrða fyrir samskráningu er að 90% hlutafjár í dótturfélögum að lágmarki sé í eigu móðurfélagsins sem óskar samskráningar eða annarra dótturfélaga sem einnig taka þátt í samskráningunni. Sækja skal um samskráningu eigi síðar en átta dögum fyrir upphaf fyrsta reikningsárs sem samskráningu er ætlað að taka til.

Með samskráningunni falla á móðurfélagið allar skyldur varðandi uppgjör, skil og álagningu virðisaukaskatts vegna allra þeirra félaga sem samskráð eru. Þó bera öll félögin óskipta ábyrgð á greiðslu virðisaukaskatts á grundvelli samskráningarinnar.

Synjun um skráningu

Ríkisskattstjóra er heimilt að synja aðila um skráningu á virðisaukaskattsskrá liggja fyrir að opinber gjöld hans séu áætluð á einhverju ári af næstliðnum þremur tekjuárum á undan því ári sem sótt er um skráningu á virðisaukaskattsskrá.

Afskráning

Við lok rekstrar eða þegar skilyrði skráningar teljast ekki uppfyllt ber að senda ríkisskattstjóra tilkynningu um afskrán-

ingu (RSK 5.04) ekki síðar en átta dögum frá því rekstri lauk. Hafi virðisaukaskattur skattaðila verið áætlaður samfelt í tvö uppgjörstímabil eða lengur er ríkisskattstjóra heimilt að fella hann af virðisaukaskattsskrá. Skattaðili þarf að gera fullnægjandi skil á virðisaukaskattsskýrslum og virðisaukaskatti til að geta skráð sig aftur. Ríkisskattstjóri getur heimilað aðila að leggja fram tryggingu í stað fullnægjandi skila. Greiðslusamkomulag við innheimtumann ríkissjóðs telst ekki til fullnægjandi skila í þessu sambandi.



Reikningaútgáfa og önnur frumskráning tekna

— reglugerð nr. 50/1993 —

Almennt

Tekjuskráning skattskylds aðila verður að byggja á skýru og öruggu kerfi sem tryggir að unnt sé að sannreyna rétt skattskil. Til öruggs kerfis telst fyrst og fremst notkun sölureikninga eða sjóðvéla enda sé a.m.k. lágmarkskröfum um notkun þeirra fullnægt.

Nánar tiltekið getur tekjuskráning skattskylds aðila verið með þessum hætti:

- **Sölureikningar:** Almenna reglan er sú að skylt er að gefa út sölureikning við sérhverja afhendingu á skattskyldri vöru eða þjónustu.
- **Gíróseðlar:** Þeir sem mega gefa út sölureikning síðasta dag hvers mánaðar vegna reikningsviðskipta í þeim mánuði geta notað gíróseðla í stað sölureikninga.
- **Afreikningar:** Bændur, útgerðaraðilar og iðnfyrirtæki geta lagt til grundvallar tekjuskráningu sinni afreikninga (innleggisnótur) útgafna af afurða- eða vinnslustöð sem tekur framleiðsluvörur þeirra til vinnslu eða endursölu.
- **Kreditreikningar:** Kreditreikningur er sérstök tegund sölu- eða afreiknings og gefinn út við bakfærslu eða leiðréttingu á áður tekjufærðri sölu. Sé tekjuskráning í formi gíróseðla þarf aðili að hafa sérstök kreditreikningseyðublöð.

- **Sjóðvélar:** Smásöluverslanir og þjónustusalar, sem nær eingöngu selja til endanlegra neytenda, mega í stað þess að gefa út sölureikning við sérhverja afhendingu skrá söluina í sjóðvél jafnskjött og hún fer fram.
- **Annars konar tekjuskráning:** Ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi getur ríkisskattstjóri heimilað notkun annars konar tekjuskráningarkerfis.


Meginreglan um tímamark tekjuskráningar byggir á svokallaðri afhendingarreglu og sér hennar víða stað í eftirfarandi umfjöllun.

Sölureikningar

Almenna reglan er sú að við sérhverja afhendingu á skattskyldri vöru eða þjónustu skal seljandi gefa út sölureikning. Sölureikning skal gefa út samtímis og afhending á sér stað, þ.m.t. í hvers konar afborgunar- og lánsviðskiptum. Afhendingu til starfsmanna skal einnig skrá á sölureikninga jafnskjött og hún fer fram.

Greiði kaupandi að fullu eða að hluta andvirði skattskyldrar vöru eða þjónustu áður en afhending fer fram er seljanda við móttöku greiðslu heimilt að gefa út sölureikning vegna við-

Dæmi 6: Sölureikningur



Dæmi 7: Sala til óskráðs aðila. Heimilt að tilgreina virðisaukaskatt sem hlutfall af heildarfjárhæð reikningsins

| | | | |
|--|--|--------------------------------------|-----------|
| Húsgagnaverslun Hannesar sf. Aðalstræti 50 101 Reykjavík Kt. 800880-1119 Vsk-nr. 99876 | | REIKNINGUR Dagsetning 2.3.2022 | Nr. 00228 |
| Tannlæknastofa Jóns og Gunnu hf. Öngstræti 2 kt. 500550-2229 Reykjavík | | | |
| 1 | Skrifborðsstóll Virðisaukaskattur er 19,35% af heildarverði | | 6.453 |

Dæmi 8: Sala á þjónustu í 11% skatthlutfalli

| | | | |
|---|---|----------------------------------|-----------|
| Hótel Bergþóru ehf. Kt. 112233-4459 Dalbrekku 44 435 Norðurey Vsk-nr. 99204 | | REIKNINGUR Dags. 21.3.2022 | Nr. 00119 |
| Guðrún Guðmundsdóttir sf. kt. 400440-5439 Birkigrund 2, 435 Norðureyri | | | |
| | Gisting, herb. fyrir 2 m. baði, 5.000 kr. | | 10.000 |
| | Vsk. 11% | | 1.100 |
| | Samtals með virðisaukaskatti | | 11.100 |

Dæmi 9: Skattskyld og undanþegin viðskipti á sama reikningi

| | | | |
|---|---|---------------------------------------|-----------|
| Ferðaskrifstofan Happaferðir hf. Gunnarsgötu 36 115 Reykjavík Kt. 330330-4569 Vsk-nr. 99951 | | REIKNINGUR Dagsetning 14.3.2022 | Nr. 00911 |
| Jón Jónsson Kjartansbraut 18 800 Selfossi kt. 121246-7899 | | | |
| 2 | Hótel Bergþóru; Gisting, herb. fyrir 2 m. baði, 5.000 kr. | 10.000 | |
| | Vsk. 11% | 1.100 | |
| | | | 11.100 |
| 1 | Bílaeiga Skarphéðins, bifreið í 1 dag, 11.000 kr. | 11.000 | |
| | Vsk. 24% | 2.640 | |
| | | | 13.640 |
| 1 | Flugfélag Njals; Flugleiðin KEF - NYC - KEF, 75.000 kr. án vsk. | 75.000 | |
| | | | 75.000 |
| | Vsk. alls | 3.740 | |
| | Samtals | | 99.740 |

Dæmi 10: Afreikningur (innleggsnóta)

| | | | |
|---|------------------------------|------------------------------------|-----------|
| Matjurtadreifing sf. Kt. 600660-1119 Hafnarstræti 222 Reykjavík Vsk-nr. 99407 | | AFREIKNINGUR Dags. 21.3.2022 | Nr. 00822 |
| Jón Jónsson, garðyrkjubóndi Lind kt. 101050-2229 Vsk-nr. 99015 | | | |
| | 100 kg tómatar pr. 102 kr/kg | | 10.200 |
| | + vsk. 11% | | 1.122 |
| | Samtals með virðisaukaskatti | | 11.322 |

skiptanna. Ef það er ekki gert ber seljanda að gefa út sérstaka kvittun fyrir innborguninni við móttöku hennar, auk útgáfu sölu-reiknings við afhendingu hins selda. Sjá umfjöllun um kvittanir vegna innborgana á bls. 16.

Fari afhending seldrar vöru ekki fram í einu lagi skal gefa út reikning fyrir sérhverri einstakri afhendingu ef einstakir hlutar vöru geta almennt haft sjálfstætt notagildi.

Þjónustusölum, öðrum en þeim sem skrá sölu sína í sjóðvél, er heimilt að gefa út sölu-reikning í lok hvers mánaðar vegna þeirrar þjónustu sem veitt var í þeim mánuði. Sama gildir, með hliðsjón af viðskiptavenjum, við sölu á vöru til þeirra sem nota hið keypta í atvinnurekstri sínum, enda fái kaupandi með vörunni í stað reiknings afgreiðsluseðil með upplýsingum um tegund sölu og magn. Óheimilt er að tilgreina virðisaukaskatt á afgreiðsluseðli. Seljandi skal varðveita afrit afgreiðsluseðils með viðkomandi sölu-reikningi.

Form reikningseyðublaða

Eyðublöð fyrir sölu-reikninga eiga að vera a.m.k. í þríriti og vera númeruð þannig að þau séu fyrirfram tölusettt (áprentuð númer) í samfelldri töluröð.

Reikningsnúmer skulu áprentuð á allt upplag reikningseyðublaða áður en þau eru tekin í notkun. Því er ófullnægjandi að láta tölvu tölusetja reikninga jafnóðum. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu að tölvunúmering sé notuð samhliða áprentuðum númerum.

Ekki eru gerðar kröfur um fjölda reikningseyðublaða sem keypt eru eða prentuð hverju sinni. Það verður hins vegar að gæta þess að hefja ekki aftur sömu númeraröð á sama reikningsári. Ef seljandi er með fleiri en eitt vsk-númer þarf hann sér reikningagerð vegna hvers þeirra, þ.e. sérstaka númeraröð vegna sérhvers vsk-númers.

Ætíð skal láta viðskiptamanni í té frumrit reiknings. Eitt eintak (afrit) reiknings skal varðveita í réttri töluröð og þriðja eintakið skal liggja til grundvallar færslu á sölu í bókhaldi. Heimilt er að fella niður þriðja eintakið ef þess í stað er gert söluuppgjörsyfirlit yfir útgefna reikninga þar sem m.a. kemur fram númer, dagsetning og fjárhæð hvers reiknings. Söluuppgjörsyfirlitið er þá lagt til grundvallar færslu á sölu í bókhaldi.

Efni sölu-reikninga

Á sölu-reikningi verða eftirfarandi upplýsingar að koma fram og skulu þær færðar á reikninginn við útgáfu hans:

- Útgáfudagur.
- Nafn, kennitala og vsk-númer seljanda.
- Nafn og kennitala kaupanda. Smásöluverslunum og þjónustusölum, sem nota sölu-reikninga í stað sjóðvélar, er þó heimilt að víkja frá þessu skilyrði við staðgreiðslusölu til endanlegs neytanda, þ.e. þess sem ekki notar hið keypta í atvinnurekstri sínum.
- Tegund sölu, þ.e. lýsing á hinu selda sem skal vera nægilega glögg til að ljóst sé t.a.m. hvort viðskiptin varði skattskylda starfsemi kaupandans.
- Magn, einingarverð og heildarverð eftir því sem við verður komið.
- Hvort virðisaukaskattur er innifalinn í heildarfjárhæð eða ekki.
- Hver fjárhæð virðisaukaskatts er. Við sölu til endanlegs neytanda er þó nægilegt að fram komi að virðisaukaskattur sé 19,35% söluverðs með 24% skatti en 9,91% söluverðs með 11% skatti.

Sölu sem undanþegin er skatti skal á reikningi halda aðgreindri frá öðrum viðskiptum. Jafnframt skal aðgreina skattskylda sölu eftir skatthlutföllum þannig að heildarverð vöru og þjónustu

ásamt virðisaukaskatti komi sérstaklega fram vegna hvors skatthlutfalls um sig.

Rafrænir sölu-reikningar

Rafrænn (pappírslaus) sölu-reikningur er sölu-reikningur sem á uppruna sinn í rafrænu (pappírslausu) bókhaldskerfi eða reikningakerfi í skilningi reglugerðar nr. 505/2013, um rafræna reikninga, rafrænt bókhald o.fl. Tölvufært bókhald er ekki það sama og rafrænt bókhald, t.d. er bókhald sem fært er í Excel ekki rafrænt bókhald. Bókhald er ekki rafrænt nema bókun viðskipta byggist á gögnum og færslum sem eiga uppruna sinn í gagnavinnskerafnum og send eru á milli þeirra með rafskeytum sem sjálfkrafa skrást í sérstaka rafgagnadagbók.

Rafrænn sölu-reikningur skal fá númer í samfelldri númeraröð sem skal koma fram í gagnadagbók og á rafrænu fylgiskjali bókhalds, bæði hjá sendanda (seljanda) og móttakanda (kaupanda), svo og á prentuðu eintaki reikningsins sé um það að ræða. Eintak er prentað þegar viðskipti eru átt við kaupanda sem ekki er með rafrænt bókhaldskerfi og getur því ekki móttekið rafrænan sölu-reikning. Prentað eintak rafræns reiknings má vera í einriti og reikningsnúmerið þarf ekki að vera fyrirfram áprentað. Prentað eintak skal bera með sér að reikningurinn eigi uppruna sinn í rafrænu bókhaldskerfi sem uppfyllir kröfur reglugerðar nr. 505/2013.

Gíröseðlar

Peir sem mega gefa út sölu-reikninga síðasta dag hvers mánaðar mega nota gíröseðla í stað sölu-reikninga. Hér er fyrst og fremst um að ræða þjónustusala, aðra en þá sem aðallega selja til endanlegra neytenda og skrá sölu sína í sjóðvél.

Gíröseðlar verða að uppfylla skilyrði um form og efni sölu-reikninga, þ.m.t. reglur um fyrirfram tölusetningu (áprentuð númer) í samfelldri töluröð. Þó er nægilegt að gíröseðlar séu í tvíriti og skal seljandi varðveita afrit í réttri töluröð. Seljandi skal varðveita gögn frá prentsmiðju eða banka sem sýna hvaða númeraröð gíröseðla hefur verið prentuð hverju sinni.

Við útgáfu gíröseðla skal gera söluuppgjörsyfirlit yfir útgefna seðla og skal það staðfest af ábyrgum starfsmanni fyrirtækisins. Söluuppgjörsyfirlit liggur til grundvallar færslu á sölu í bókhaldi. Á söluuppgjörsyfirliti skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar um hvern einstakan gíröseðil:

- Útgáfudagur.
- Númer.
- Heildarfjárhæð ásamt fjárhæð virðisaukaskatts.
- Nafn og kennitala viðskiptamanns.

Seljandi skal varðveita yfirlit frá banka yfir innborgaða gíröseðla, eins og önnur fylgiskjöl. Yfirlit frá banka um innborganir er grundvöllur færslna á viðskiptamannareikning í bókhaldi.

Afreikningar

Með afreikningi er átt við skjal sem er sambærilegt sölu-reikningi að öðru leyti en því að það er gefið út af kaupanda eða milligöngumanni um viðskipti en ekki seljanda. Peir sem taka við framleiðslu annarra til vinnslu eða endursölu skulu gefa út afreikninga, sem geta komið í stað sölu-reikninga. Til dæmis gefa samlög og samvinnufélög út afreikninga vegna kaupa eða móttöku á landbúnaðarvörum, sjávarafra og ýmsum iðnaðarvörum.

Sömu formreglur gilda um útgáfu afreikninga og sölu-reikninga, að því viðbættu að auk vsk-númers kaupanda (afreikningsútgefanda) skal vsk-númer seljanda (afreikningsmóttakanda) koma fram á afreikningi við útgáfu hans.

Kreditreikningar

Kreditreikningur er gefinn út og dagsettur við bakfærslu eða aðra leiðréttingu á sölu. Þar sem kreditreikningur er sérstök tegund sölureiknings eða afreiknings er hann gefinn út úr sölureiknings- eða afreikningsheftinu, en einkenndur sem kreditreikningur, t.d. með áletrun orðsins „Kredit“.

Sé tekjuskráning í formi giróseðla þarf aðili að hafa sérstakt kreditreikningahefti. Sama gildir þegar tekjuskráning er t.d. í formi greiðsluseðla samkvæmt sérstakri heimild frá ríkisskattstjóra.

Kreditreikningur verður ávallt að vera með tilvísun til upphaflegs sölureiknings. Hann verður að uppfylla kröfur sem gerðar eru til sölureikninga, eftir því sem við getur átt. Ef t.d. er verið að bakfæra skattskylda veltu og útskatt þurfa m.a. neikvæða veltan og neikvæði útskatturinn að koma greinilega fram, sundurliðuð eftir skatthlutföllum. Nauðsynlegt er að ástæða leiðréttingar komi skýrt fram.

Útgefanda kreditreiknings er rétt að tryggja sér sönnun fyrir því að reikningsmóttakandi hafi mótttekið frumrit kreditreiknings, t.d. með áritun móttakanda á afrit kreditreiknings.

Í hvaða tilvikum á að gefa út kreditreikning?

Kreditreikning skal gefa út í þessum tilvikum:

- Þegar seldum verðmætum er skilað til seljanda (sjá bls. 24).
- Þegar afsláttur er veittur til skattskylds aðila eftir útgáfu reiknings (sjá bls. 25).
- Ef leiðrétta þarf fyrri reikning. Til dæmis vegna þess að of há virðisaukaskattur var tilgreindur á fyrri reikningi. Einnig t.d. vegna þess að rangur kaupandi var tilgreindur á reikningi. Þá þyrfti seljandi jafnhliða útgáfu kreditreiknings til ranglega tilgreinds kaupanda að gefa út nýjan og réttan reikning til réttis kaupanda.

Ekki á að gefa út kreditreikning vegna bakfærslu tapaðra úti-standandi viðskiptaskulda (sjá bls. 25).

Sjóðvélar

Smásölverslunum og þjónustusölum, sem selja vöru sína eða þjónustu nær eingöngu til endanlegra neytenda, er heimilt að nota sjóðvél í stað sölureikninga. Skrá skal sérhverja sölu í sjóðvél um leið og hún á sér stað. Við skráningu í sjóðvél skal aðgreina skattskylda sölu eftir skatthlutföllum. Þeim sem skrá sölu sína í sjóðvél er jafnframt skylt að gefa út sölureikning til annars skattskylds aðila sem biður um reikning til nota í bókhaldi sínu. Í því tilviki skal reikningur vera a.m.k. í tvíriti og fullnægja skilyrðum um form og efni sölureikninga. Þó er ekki skylt að fyrirfram tölusetja reikningseyðublöð. Seljandi skal varðveita afrit í réttri útgáfuröð. Hefta skal kassakvittun við frumrit reiknings sem afhent er viðskiptamanni. Ef sjóðvél er búin rafrænni dagbók í stað innri strimils getur greiðslukvittun sjóðvélarinnar komið í stað reiknings, enda uppfylli kvittun öll skilyrði rafræns sölureiknings. Ef sala nemur 6.000 kr. eða lægri fjárhæð þarf ekki að tilgreina nafn og kennitölu kaupanda á reikningi. Lánsviðskiptum má halda utan skráningar í sjóðvél ef gefnir eru út fullnægjandi sölureikningar vegna þeirra.

Heimild til að nota sjóðvél

Eftirtaldar verslanir og þjónustuaðilar mega nota sjóðvél í stað sölureikninga:

1. Bakarí
Bensinstöðvar
Blómaverslanir
Bóka- og ritfangaverslanir
Búsáhaldaverslanir
Byggingavöruverslanir
Fiskverslanir
Frímerkjaverslanir
Gjafavöruverslanir
Hannyrðaverslanir
Heimilistækjaverslanir
Hljóðfæraverslanir
Hljómplötuverslanir
Húsgagnaverslanir
Leikfangaverslanir
Ljósmyndavöruverslanir
Lyfjaverslanir
Matvöruverslanir
Mjólkurvöruverslanir
Raftækjaverslanir
Skóverslanir
Torgverslanir, sem slíka starfsemi stunda að staðaldri
Tóbaks- og sælgætisverslanir
Úra- og skartgripaverslanir
Vefnaðarvöruverslanir
Véla- og varahlutaverslanir
2. Efnalaugar
Fjölritunar- og ljósritunarstofur
Gistihús
Hárgreiðslu- og rakarastofur
Kaffihús
Ljósmyndastofur
Pylsuvagnar
Skyndibitastaðir
Smurbrauðstofur
Snyrtistofur
Sundstaðir, heilsuræktar-, gufubaðs- og nuddstofur
Veitingahús
3. Aðilar sem stunda eftirfarandi starfsemi:
Dún- og fiðurhreinun
Glerslípun, ásamt gler- og speglasölu
Hjólbarðaviðgerðir og hjólbarðasölu
Leirsmíði og postulínssölu
Skóviðgerðir
Viðgerðir á úrum, klukkum og skartgripum
4. Aðrir aðilar sem stunda hliðstæða eða sambærilega starfsemi og getið er um í liðum 1-3 að framan.

Staðsetning sjóðvélar

Sjóðvél, eða skjár hennar, verður að vera þannig staðsett að viðskiptamaður geti óhindrað fylgst með skráningu og gengið úr skugga um að viðskipti hans séu rétt skráð. Við hverja afgangsgreiðslu á að afhenda viðskiptamanni kassakvittun.

Lágmarkskröfur um útbúnað sjóðvéla

Sjóðvél verður a.m.k. að vera með eftirtöldum útbúnaði:

- Ytri strimli, þ.e. kassakvittun viðskiptamanns. Strimillinn skal sýna sundurgreiningu viðskiptanna ásamt sérstöku auðkenni vegna sölu í hverju skatthlutfalli og dagsetningu.
- Innri strimli eða rafrænni dagbók sem á lesanlegan hátt sýni hverja innstimplun.

- Sérstökum dagsöluteljara sem sýni sölu hvers dags aðgreinda eftir skatthlutföllum ásamt dagsetningu og hve oft hann hefur verið endurstilltur.
- Sérstökum uppsöfnunarteljara sem sýni þá heildarfjárhæð sem skráð hefur verið í vélina frá upphafi (grand total) og stöðu teljarans við hvert söluuppgjör. Ekki er leyfilegt að endurstilla uppsöfnunarteljara nema skráningarrými hans hafi verið nýtt að fullu eða vegna viðgerðar og viðhalds á vélinni. Við slíka endurstillingu skal skrá dagsetningu og stöðu teljara og varðveita þá skráningu meðal bókhaldsgagna.
- Skjá (ljósaborði) sem viðskiptamaður getur óhindrað séð.

Uppgjör

Sjóðvél skal gera upp í lok hvers starfsdags, með útskrift dagsöluyfirlits hennar. Á grundvelli dagsöluyfirlitsins skal sala færð á sérstakt söluuppgjörsyfirlit sem verslunarstjóri eða annar ábyrgur starfsmaður staðfestir með áritun sinni. Söluuppgjörsyfirlitið skal lagt til grundvallar færslum í bókhald og skal varðveitt eins og önnur bókhaldsgögn. Á söluuppgjörsyfirliti skal a.m.k. koma fram:

- Staðgreiðslusala.
- Sala gegn greiðslukorti.
- Lánssala.
- Mismunur á skráðri sölu á dagsöluyfirliti sjóðvélar og talningu úr sjóðvél ásamt skýringum á þeim mismun.

Nemi skráð sala á dagsöluyfirliti lægri fjárhæð en talning úr sjóðvél skal færa mismuninn á söluuppgjörsyfirlit. Ef ekki er vitað hvort mismunarfjárhæðin er tilkomin vegna sölu með 24% eða 11% skatti skal skattur af fjárhæðinni reiknaður í sama hlutfalli og skráð sala dagsins skiptist eftir skatthlutföllum. Sé t.d. niðurstaða talningar úr kassa 100.000 kr. hærrí en samkvæmt dagsöluyfirliti, án þess að vitað sé hvaða skatt- hlutfalli mismunurinn tilheyrir, og skráð dagssala skiptist jafnt milli skatthlutfalla, skal telja 50% fjárhæðarinnar í 24% hlutfalli og 50% hennar í 11% hlutfalli. Virðisaukaskattur af mismun í þessu dæmi yrði því $50.000 \times 19,35\% + 50.000 \times 9,91\%$ eða 14.630 kr. Ef mismunur er óvenju mikill og verður til vegna sérstakra aðstæðna skal miða skatthlutfall fjárhæðarinnar við meðaltalshlutfall síðasta uppgjörstímabils virðisaukaskatts.

Dagsöluyfirlit

Eftirfarandi lágmarksupplýsingar eiga að koma fram á dagsöluyfirlitinu:

- Dagsetning.
- Talning á því hve oft skúffan hefur verið opnuð yfir daginn án sölu.
- Heildarfjöldi afgreiðslna úr vélinni.
- Heildarsala dagsins sundurliðuð samkvæmt hverjum dagsöluteljara fyrir sig.
- Uppsöfnuð fjárhæð sem sýnir heildarsölu þá sem slegin hefur verið inn í vélina frá upphafi (grand total) og stöðu uppsöfnunarteljarans við hvert söluuppgjör.

Verslunarstjóri eða annar ábyrgur starfsmaður skal staðfesta dagsöluyfirlitið með áritun sinni. Dagsöluyfirlitið skal geymt eins og önnur bókhaldsgögn.

Innri strimill

Innri strimill úr sjóðvél skal varðveita á sama hátt og önnur bókhaldsgögn. Hann á að vera heill og órofinn og gæta verður þess að ný rúlla sé sett í sjóðvélinu um leið og sú fyrri er búin. Öryggisafrit af rafrænni dagbók skal tekið í lok hvers dags.

Annað tekjuskráningarkerfi

Ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, sem valda aðila verulegum vandkvæðum eða óhagræði af að skrá sölu sína á fyrirfram tölusetta reikninga eða í sjóðvél, getur ríkisskattstjóri heimilað honum að nota annað tekjuskráningarkerfi, enda sýni hann fram á notkun á skýru og öruggu kerfi sem tryggir að unnt sé að sannreyna að allar tekjur komi fram.

Sækja verður skriflega til ríkisskattstjóra um leyfi til að nota annað tekjuskráningarkerfi. Lýsa þarf þeim atvikum sem gera erfitt um vik eða ómögulegt að nota sölureikninga eða sjóðvél. Sömu leiðis þarf að lýsa því kerfi sem óskað er eftir að ríkisskattstjóri samþykki. Ríkisskattstjóri veitir heimild skriflega og heldur skrá yfir veittar heimildir, sem bera svokölluð TS-númer sem skal koma fram á reikningi seljanda. Heimild ríkisskattstjóra getur verið tímabundin og háð öðrum skilyrðum sem hann setur.

Kvittanir vegna innborgana

Ef vara eða þjónusta er greidd að fullu eða hluta áður en afhending hins selda fer fram án þess að þá sé gefinn út sölureikningur skal móttakandi greiðslu gefa út kvittun fyrir greiðslunni.

Kvittun skal uppfylla skilyrði um form og efni sölureikninga, eftir því sem við á, þ.m.t. skilyrði um fyrirfram tölusetningu (áprentuð númer) í samfelldri töluröð. Þó þarf ekki að tilgreina á kvittun magn, einingarverð og heildarverð. Tölusetning kvittana skal vera aðgreind frá tölusetningu sölureikninga.

Við afhendingu þeirrar vöru eða þjónustu sem innborgun varðar skal seljandi gefa út sölureikning og tilgreina á honum móttækna skattskyldar innborganir vegna viðkomandi sölu, fjárhæð án virðisaukaskatts, dagsetningu og númer kvittunar. Ekki má tilgreina á slíkum sölureikningi þann virðisaukaskatt sem tilgreindur var á kvittun.

Undirbók vegna úttektar eiganda o.fl.

Skattskyld er úttekt til eigin nota eiganda, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna fyrirtækis í stjórnunarstöðum, á vöru eða þjónustu sem skattaðili framleiðir eða selur. Skyld er að færa úttekt þeirra í sérstaka undirbók. Ekki skiptir máli hvort afhent er án endurgjalds, gegn staðgreiðslu eða gegn greiðslufresti.

Undirbókin skal vera innbundin og með fyrirfram töluset- um blaðsíðum. Við sérhverja afhendingu skal skrá í bókina dagsetningu afhendingar, lýsingu á hinu afhenta, magn, einingarverð og heildarverð eftir því sem við verður komið.

Reikningur án virðisaukaskatts o.fl.

Þeir sem ekki eru skráðir á virðisaukaskattsskrá mega hvorki tilgreina á reikningum sínum né á annan hátt gefa til kynna á þeim að virðisaukaskattur sé innifalinn í reikningsfjárhæð. Ef þeir brjóta gegn þessu verða þeir að skila skattinum í ríkissjóð, nema leiðréttingu verði komið við gagnvart kaupanda. Sama gildir um þá sem tilgreina of háan virðisaukaskatt á reikningi eða virðisaukaskatt af viðskiptum sem ekki eru skattskyld.

Taki aðili, sem er undanþeginn skattskyldu, við afreikningi þar sem virðisaukaskattur er tilgreindur eða tilgreint er að virðisaukaskattur sé innifalinn í heildarfjárhæð skal hann vekja athygli útgefanda afreiknings á því og endurgreiða honum þann skatt sem hann kann að hafa tekið við.

Verð með skatti eða án skatts?

Í öllum upplýsingum um verð á skattskyldri vöru eða þjónustu skal koma greinilega fram ef uppgið verð er ekki með virðisaukaskatti. Þetta á m.a. við um auglýsingar í fjölmiðlum, upplýsingar í búðargluggum og í verðlistum.

Bókhald

— reglugerð nr. 50/1993 —

Bókhaldsskylda

Allir sem stunda virðisaukaskattsskylda starfsemi eru bókhaldsskyldir vegna þeirrar starfsemi. Samkvæmt bókhaldslögum skal haga bókhaldi þannig að á skýran og aðgengilegan hátt megi rekja viðskipti og notkun fjármuna. Það skal veita svo sundurliðaðar upplýsingar um rekstur og efnahag sem þarfir eigenda, lánadrottna og hins opinbera krefjast og nauðsynlegar eru til að meta tekjur og gjöld, eignir og skuldir. Í bókhald skal skrá viðskipti svo fljótt sem verða má þegar reikningur eða bókhaldsskjal hefur verið útbúið og eigi síðar en slík gögn hefðu átt að liggja fyrir samkvæmt góðri viðskipta- og reikningsskilavenju. Færslur í bókhaldi skulu að jafnaði vera í réttri tímaröð og gefa rétta mynd af viðskiptunum þegar þau fóru fram og skal texti bókunarinnar lýsa innihaldi færslunnar á skýran hátt. Jafnframt skal vísað til dagsetningar viðeigandi fylgiskjals, sem skal vera númerað í kerfisbundinni röð. Sérhver færsla í bókhaldi skal byggð á áreiðanlegum og fullnægjandi gögnum sem rekja má til viðskiptanna.

Virðisaukaskattskyldir aðilar skulu haga bókhaldi sínu og uppgjöri til virðisaukaskatts þannig að skattyfirvöld geti jafnan gengið úr skugga um réttmæti virðisaukaskattsskila. Þeir skulu færa sérstaka bókhaldsreikninga yfir kaup og sölu á skattskyldri vöru og þjónustu. Í bókhaldinu verður að koma greinilega fram hverjar þær fjárhæðir eru sem skattskyldur aðili á að gefa upp á virðisaukaskattsskýrslu í lok hvers uppgjörstímabils. Skattskyldur aðili verður að færa bókhaldið fyrir hvert uppgjörstímabil áður en virðisaukaskattsskýrsla tímabilsins er send enda byggir hún á bókhaldinu og gögnum þess.

Tilhögun bókhalds

Meginreglan er sú að bókhald skal vera tvíhliða. Í því felst að sérhver viðskipti skulu færð á tvo bókhaldsreikninga, annars vegar bókun þeirra verðmæta sem fyrirtækið móttekur og hins vegar bókun þeirra verðmæta sem fyrirtækið lætur af hendi. Reikningsskipan skal haga þannig að færðir séu hreinir eigna- og skulda-, gjalda- og teknareikningar. Tvíhliða bókhald skal a.m.k. samanstanda af:

- Dagbók, þar sem allar færslur koma fram í færsluröð.
- Hreyfingalista, þar sem allar dagbókarfærslur hafa verið flokkaðar á viðeigandi bókhaldsreikninga.
- Aðalbók, þar sem fram kemur staða hvers einstaks bókhaldsreiknings.
- Ársreikningi.

Halda skal tekna- og gjaldareikningum aðgreindum eftir skatt- hlutföllum. Færa skal á sérstaka teknareikninga í bókhaldi sölu vöru og þjónustu sem undanþegin er skattskyldri veltu. Einnig skal færa á sérstaka gjaldareikninga kaup á vörum og þjónustu sem ekki bera frádráttarbæran virðisaukaskatt eða bera ekki virðisaukaskatt. Í bókhaldi skal aðgreina innlend og erlend vörukaup með því að færa þau á sérstaka gjalda- reikninga.

Teknareikningar

Færa skal á sérstaka teknareikninga í bókhaldi:

- Sölu á vöru og þjónustu sem er skattskyld í 24% skatthlutfalli.
- Sölu á vöru og þjónustu sem er skattskyld í 11% skatthlutfalli.
- Sölu sem undanþegin er skattskyldri veltu.
- Sölu vegna undanþeginnar starfsemi.

Gjaldareikningar

Færa skal á sérstaka gjaldareikninga í bókhaldi:

- Kaup á vöru og þjónustu sem er skattskyld í 24% skatthlutfalli.
- Kaup á vöru og þjónustu sem er skattskyld í 11% skatthlutfalli.
- Innkaup sem ekki veita rétt til frádráttar innskatts eða bera ekki virðisaukaskatt. Innkaup til undanþeginnar starfsemi.
- Innlend vörukaup.
- Erlend vörukaup.

Skattreikningar

Meðal efnahagsliða í fjárhagsbókhaldi skulu vera eftirtaldir bókhaldsreikningar (skattreikningar):

- Innskattsreikningur (virðisaukaskattur af innkaupum).
- Útskattsreikningur (virðisaukaskattur af sölu).
- Uppgjörsreikningur virðisaukaskatts.
- Biðreikningur vegna útskatts af innborgunum.

Í viðaukum C og D er nánar fjallað um skattreikningana og sýnd dæmi um færslur á þá.

Undanþegnir skyldu til að færa tvíhliða bókhald eru þeir einstaklingar sem nota ekki meira aðkeypt vinnuafli við starfsemi sína en sem svarar einum starfsmanni að jafnaði og stunda eftirtalda starfsemi:

1. Útgerð á bátum undir 10 rúmlustum.
2. Verkun sjávarafila ef meiri hluti sölu hans fer fram fyrir milligöngu afurðasölufyrirtækis.
3. Búrekstur ef meiri hluti sölu afurða fer fram fyrir milligöngu afurðasölufyrirtækis.
4. Akstur leigu-, sendi-, vöru- og fólksflutningabifreiða, svo og rekstur vinnuvéla.
5. Iðnað, þar með talda viðgerðarstarfsemi.
6. Þjónustu þar sem fyrst og fremst er seld vinna eða fagleg þekking og ekki er um fjárvörslu að ræða í tengslum við selda þjónustu.

Þeir sem undanþegnir eru skyldu til að halda tvíhliða bókhald skulu skrá með reglulegum hætti öll kaup sín og sölu á skattskyldri vöru og þjónustu. Það sama gildir um innskatt og útskatt. Þessar upplýsingar má færa í sérstakar færslubækur virðisaukaskatts sem hægt er að fá í bóka- og ritfangaverslunum.

Einhlíða bókhald skal a.m.k. samanstanda af:

- Sjóðbók, fyrir inn- og útborganir úr sjóði.
- Sundurliðunarbók.
- Ársreikningi.

Í sundurliðunarbók skal færa allar hreyfingar ársins á eignum og skuldum, tekjum og gjöldum flokkaðar eftir tegundum. Heimilt er að færa í einu lagi niðurstöðutölur undirbóka bókhaldsins, þar með taldar samanlagðar niðurstöður af útgefnum reikningum á bókhaldstímabilinu. Í lok hvers bókhaldstímabils skal stemma hreyfingar á handbæru fé á tímabilinu af við færslur í sundurliðunarbókina með því að taka tillit til útistandandi krafna og ógreiddra reikninga við upphaf og lok bókhaldstímabilsins. Niðurstöður sundurliðunarbókar skal vera unnt að rekja til ársreiknings.

Rafrænt bókhald

Rafrænt bókhald er bókhald sem byggist á gögnum og færslum sem eiga uppruna sinn í gagnavinnskera og send eru á milli þeirra með rafskreytingum, sem skrást sjálfkrafa í gagnadagbók á rafrænu formi. Því fer fjarri að allt tölvufært bókhald uppfylli skilyrði til að teljast rafrænt bókhald.

Fylgiskjöl

Fylgiskjöl með bókhaldi samanstanda af gögnum vegna tekna og kostnaðar, eigna og skulda. Fylgiskjöl skal tölusetja á reglubundinn hátt og til þeirra vísa við innfærslur í bókhaldsbækur. Þau skulu geymd í samfelldri töluröð (fylgiskjalaröð). Ýmis bókhaldsgögn skulu geymd með öðrum hætti, t.d. annað afrit sölureikninga í samfelldri töluröð (reikningaröð). Öðrum gögnum sem tengjast rekstrinum skal haldið til haga með skipulögðum hætti.

Gögn til grundvallar innskatti

Skjöl, sem færsla innskatts í bókhaldi er byggð á, skulu uppfylla skilyrði sem gerð eru til forms og efnis söluskráningargagna. Til grundvallar innskattsfærslu geta legið:

- Frumrit sölureikninga.
- Frumrit giróseðla.
- Afreikningar.
- Rafrænar sölureikningar, þ.m.t. prentuð eintök þeirra.
- Frumrit móttækinnu kreditreikninga.
- Frumrit kvittunar eða sölureiknings vegna innborgunar skal liggja til grundvallar færslu á innskatti vegna innborgunar á viðskipti.
- Greiðsluskjal frá töllyfirlitum, þar sem virðisaukaskattur kemur sérstaklega fram, skal liggja til grundvallar innskatti vegna eigin innflutnings skattaðila. Sjá frávik frá þessari reglu á árunum 2008-2016 og á árinu 2020 í kaflanum „Hvenær reiknast innskattur?“ hér á eftir.
- Skjöl úr tekjuskráningarkerfi sem fengið hafa samþykkt ríkisskattstjóra.

Samrekstraraðilar sem halda sameiginlegt bókhald samkvæmt sérákvæði bókhaldslaga þar um geta fært innskatt eftir sérstakri sundurliðun að réttu tiltölu á viðeigandi reikninga í bókhaldi hvers aðila um sig.

Færsla á innskatti vegna sameiginlegra innkaupa tveggja eða fleiri rekstraraðila, sem einn reikningur er gefinn út fyrir, má byggjast á sameiginlegri greinargerð þar sem fram kemur nafn og kennitala allra kaupenda, svo og skipting verðs og virðisaukaskatts. Árita skal á frumrit sölureiknings hver

varðveitir það. Ljósrit áritaðs sölureiknings skal liggja fyrir í bókhaldi allra aðila ásamt greinargerð um skiptingu ef hún er gerð á sérstöku skjali.

Lækkun innskatts samkvæmt mótteknum kreditreikningi

Til lækkunar á innskatti skal skattaðili færa þann virðisaukaskatt sem fram kemur á kreditreikningi frá seljanda. Færsla miðast við dagsetningu kreditreikningsins.

Færsla bókhalds

Ávallt skal vera hægt að rekja einstakar fjárhæðir í uppgjörsgögnum til þeirra færslna og fylgiskjala sem byggt er á í bókhaldi. Þá skal vera hægt að rekja færslur í bókhaldi til þeirra undirbóka sem kunna að vera haldnar. Þannig skulu skattfyrirvöld jafnan geta gengið úr skugga um réttmæti virðisaukaskattsskýrslna og þeirra fylgiskjala og uppgjörsgagna sem að baki liggja.

Til skattskyldrar veltu hvers uppgjörstímabils skal í bókhaldi telja hvers kyns afhendingu skattskyldrar vöru og þjónustu á tímabilinu. Sé reikningur gefinn út fyrir afhendingu telst afhending hafa farið fram á útgáfudegi reiknings. Innborganir teljast til skattskyldrar veltu þess tímabils þegar þær eru móttæknar.

Tekjufærsla skal byggð á afritum af útgefnum sölureikningum, afritum af útgefnum kvittunum vegna innborgana, afritum af útgefnum kreditreikningum, mótteknum afreikningum og/eða söluuppgjörsyfirlitum eða gögnum úr tekjuskráningarkerfi sem aðili hefur fengið heimild ríkisskattstjóra fyrir, svo og færslum í undirbók vegna úttektar eiganda, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna fyrirtækis í stjórnunarstöðum.

Útskattsreikningur

Virðisaukaskattur af sölu og annarri skattskyldri veltu (útskattur) er færður á útskattsreikning en færslur á hann geta verið með tvennum hætti:

1. Fært samtímis. Útskatturinn er færður á útskattsreikning samtímis færslum á viðkomandi teknareikning í fjárhagsbókhaldi. Söluverð vöru og þjónustu er þá fært á teknareikning án virðisaukaskatts.
2. Fært í lok uppgjörstímabils. Fært er á útskattsreikning eigi sjaldnar en í lok hvers uppgjörstímabils. Sé þessi aðferð notuð skal færa sölu skattskyldrar vöru og þjónustu með virðisaukaskatti á viðkomandi teknareikning. Við uppgjör er fjárhæð útskattsins síðan reiknuð út (afreiknuð) sem 19,35% af heildarfjárhæð sölu á tímabilinu að meðtöldum skatti ef um er að ræða sölu sem fellur í 24% skatthlutfall og 9,91% af heildarfjárhæð ef salan fellur undir 11% skatthlutfall. Því næst er útskatturinn færður á útskattsreikning af viðkomandi teknareikningum. Þessa aðferð má ekki nota nema hægt sé að reikna útskattinn beint af teknareikningum bókhaldsins.

Í lok uppgjörstímabilsins skal stemma af útskattsreikning og er niðurstöðutala hans sú fjárhæð sem á að færa í reitinn „útskattur“ á virðisaukaskattsskýrslu.

Undanþegin velta

Til sönnunar á því að sala sé undanþegin skattskyldri veltu, sbr. umfjöllun á bls. 23-24, skal seljandi varðveita útflutningskýrslu eða önnur sambærileg gögn með viðkomandi reikningum.

Í bókhald skal skrá vegna hvers uppgjörstímabils þau kaup skattskyldrar vöru og þjónustu sem innlendir seljendur hafa gert skattaðila reikning fyrir á tímabilinu, svo og þann innflutning hans sem hefur verið tollafgreiddur á tímabilinu.

Innskattsreikningur

Virðisaukaskattur af kaupum eða eigin innflutningi, að svo miklu leyti sem hann er frádráttarbær sem innskattur, er færður á innskattsreikning. Færslur á innskattsreikning geta verið með tvennum hætti:

1. Fært samtímis. Innskatturinn er færður á innskattsreikning samtímis færslum á viðkomandi gjaldareikning í fjárhagsbókhaldi. Kaupverð aðfanga er þá færð án virðisaukaskatts á gjaldareikninga bókhaldsins.
2. Fært í lok uppgjörstímabils. Fært er á innskattsreikning eigi sjaldnar en í lok hvers uppgjörstímabils. Sé þessi aðferð notuð skal bókfæra innkaup með virðisaukaskatti á viðkomandi gjaldareikning. Við uppgjör er innskatturinn síðan reiknaður út (afreiknaður) sem 19,35% af innkaupum á tímabilinu að meðtöldum skatti ef um er að ræða kaup með 24% skatti en 9,91% af innkaupum ef um er að ræða kaup með 11% skatti. Því næst á að færa innskattinn á innskattsreikning af viðkomandi gjaldareikningum. Ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir því að nota megi þessa aðferð er að á viðkomandi gjaldareikning séu aðeins færð innkaup sem bera frádráttarbærann skatt.

Alltaf skal nota fyrrnefndu aðferðina (fært samtímis) við færslu þess virðisaukaskatts sem töllyfirvöld innheimta við innflutning vöru.

Í lok uppgjörstímabilsins skal stemma af innskattsreikning. Niðurstöðutala innskattsreiknings er sú fjárhæð sem á að færa í reitinn „innskattur“ á virðisaukaskattsskýrslu.

Uppgjörsreikningur

Í lok hvers uppgjörstímabils virðisaukaskatts skal stemma af og loka útskatts- og innskattsreikningum. Innskattsreikningur er jafnaður með færslu niðurstöðu hans yfir debet-hlið uppgjörsreiknings virðisaukaskatts en niðurstaða útskattsreiknings færist yfir kredit-hlið uppgjörsreikningsins. Staða reikningsins sýnir þannig skilaskylda fjárhæð eða þá fjárhæð sem ríkissjóður skal endurgreiða skattaðila. Við skil á skattinum eða móttöku endurgreiðslu er fjárhæðin færð á uppgjörsreikninginn sem þar með jafnast.

Leiðréttingarskylda innskatts vegna breytingar á forsendum fyrir frádrætti

Bókhaldi verður að haga þannig að skattyfirvöld geti haft eftirlit með því að aðili leiðrétti innskatt sinn ef breyting verður á forsendum frádráttar innskatts af varanlegum rekstrarfjármunum, sjá umfjöllun á bls. 31-32. Skattskyldur aðili skal færa

upplýsingar um breytingar á forsendum frádráttar innskatts í bókhald sitt eða varðveita þær með bókhaldsgögnum.

Hafi aðili yfirtekið leiðréttingarskyldu skulu upplýsingar um fjárhæð þess innskatts sem leiðréttingarskylda tekur til færðar á sérstakt yfirlit.

Blönduð starfsemi

Sé starfsemi blönduð, þ.e. að hluta til skattskyld en að hluta til undanþegin, skal halda sérstakt yfirlit um kaup varanlegra rekstrarfjármuna. Sama gildir ef aðili notar varanlega rekstrarfjármuni þannig að innskattsfrádráttur vegna öflunar þeirra er einungis heimill að hluta. Á yfirliti þessu skal sundurliða kaupverð án virðisaukaskatts, virðisaukaskatt sem greiddur var af kaupunum, virðisaukaskatt sem aðili getur talið til innskatts, svo og þær leiðréttingar á innskatti sem gerðar eru vegna viðkomandi rekstrarfjármunar.

Vörubirgðir

Skattaðilar skulu telja vörubirgðir í lok hvers reikningsárs og reikna út verðmæti þeirra. Á vörutalningarlista skal koma fram magn, einingarverð og útreiknað verðmæti hvarrar einstakrar vörutegundar, ásamt heildarverðmæti vara (samtölu). Ef tilgreint einingarverð á vörutalningarlista er söluverð vöru verður að skýra og rökstyðja á skilmerkilegan hátt hvernig kostnaðarverð vörubirgða er reiknað út.

Varðveisla bókhaldsgagna

Skattskyldum aðilum ber að geyma bókhald sitt, bókhalds fylgiskjöl og önnur bókhaldsgögn í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Þeim sem nota sjóðvélar er þó ekki skylt að varðveita innri strimla lengur en þrjú ár frá lokum viðkomandi reikningsárs, enda liggja fyrir fullfrágengið bókhald og undirritaður ársreikningur. Þó ber ávallt að varðveita bókhaldsgögn vegna byggingar, viðhalds og endurbóta á fasteign jafn lengi og leiðréttingarskylda innskatts varir. Öryggisafrit rafræns bókhalds og rafrænna bókhaldsgagna skal taka reglulega samkvæmt viðurkenndum verklagsreglum og í samræmi við umfang viðskiptanna. Verklagsreglur þessar skulu liggja fyrir í gögnum bókhaldsins og skal staðfest að hægt sé að endurbyggja gögnin með öryggisafritunum. Skulu öryggisafritin varðveitt í tryggri geymslu á mismunandi stöðum og vera aðgengileg fyrir opinbert eftirlit þegar þess er krafist. Þá skulu vera fyrir hendi leiðbeiningar og greinargóð lýsing á því hvernig nálgast megi þau gögn sem öryggisafritin geyma með rafrænum hætti.

Ef tölvubúnaði, sem nauðsynlegur er til að kalla fram bókhaldsgögn, er breytt eða fargað ber að yfirfæra bókhaldsgögnin í nýjan tölvutækan miðil þannig að áfram verði unnt að kalla þau fram.

Skattverð

Almennt

Skattverð er það verð sem virðisaukaskattur er reiknaður af við sölu á skattskyldri vöru og þjónustu og miðast við heildar- endurgjald eða heildarandvirði hins selda án virðisaukaskatts. Virðisaukaskattur er því viðbót við það verð (skattverð) sem seljandi setur upp fyrir viðkomandi vöru eða þjónustu.

Meginreglur um skattverð

Skattverð er það verð (án virðisaukaskatts) sem kaupandi greiðir fyrir vöru eða þjónustu. Til skattverðs telst m.a. eftirfarandi:

- Lánssölukostnaður (lántökukostnaður), t.d. innheimtupóknun sem rennur til seljanda vegna ósérgreinds kostnaðar hans við lánssölu.
- Umbúðakostnaður, þ.m.t. leiga á umbúðum.
- Sendingarkostnaður, t.d. akstur eða annar ferðakostnaður seljanda eða starfsmanna hans eða kostnaður vegna aðkeypts flutnings.
- Eigin akstur. Þóknun fyrir notkun eigin bifreiðar telst til skattverðs skráðs aðila, jafnvel þótt gerður sé sérstakur reikningur vegna aksturs og opinber aksturtaxti notaður.
- Póstkröfukostnaður. Seljanda ber að telja póströfukostnað og annan sendingarkostnað til skattverðs.
- Vátryggingar og annar kostnaður sem er innifalinn í verði eða seljandi krefur kaupanda sérstaklega um.
- Umboðs- og sölu laun og uppboðspóknun.
- Þjónustugjald.
- Skilyrtir afslættir, þ.e. afslættir sem háðir eru skilyrðum sem ekki eru uppfyllt við afhendingu (reikningsútgáfu).
- Verðbætur og vextir sem falla til fram að afhendingu. Sama á við um vexti sem lagðir eru ofan á kaupverðið í einni tölu án þess að fram komi hversu stór hluti þeir eru af einstökum afborgunum.
- Tengingar- og stofngjöld, sem seljandi (t.d. orkuveitufyrirtæki) krefur kaupanda sérstaklega um sem skilyrði fyrir afhendingu skattskyldrar vöru og þjónustu.
- Skattar og gjöld samkvæmt öðrum lögum sem á hafa verið lögð á fyrri viðskiptastigum eða greidd hafa verið við innflutning til landsins eða virðisaukaskattsskyldur aðili á að standa skil á vegna sölu. Dæmi: Vörugjald og skilgjald einnota um-búða.

Verðbætur og vextir

Sem fyrr segir teljast verðbætur sem falla til fram að afhendingu skattskyldrar vöru eða þjónustu til skattverðs og sama á við um vexti sem lagðir eru ofan á kaupverð í einni tölu án þess að fram komi hversu stór hluti þeir eru af einstökum afborgunum.

Vextir og verðbætur sem reiknast við sölu með afborgunarskilmálum teljast hins vegar ekki til skattverðs ef sérstaklega er tilgreint í kaupsamningi hver vaxta- og verðbótageiðsla er hverju sinni.

Afsláttur

Eins og fyrr er fram komið skal telja skilyrtan afslátt til skattverðs. Afsláttur sem háður er skilyrði sem ekki er uppfyllt við afhendingu (reikningsútgáfu) má sem sagt ekki draga frá söluverði. Sem dæmi um skilyrtan afslátt má nefna afslátt sem

veittur er frá söluverði ef reikningur er greiddur innan tiltekins tíma. Afsláttur af þessu tagi telst því alltaf til skattverðs. Hitt er annað mál að mögulegt getur verið að leiðréttu skattskylda veltu þegar skilyrtur afsláttur til skattskylds aðila verður virkur. Sjá nánar á bls. 24.

Frá skattverði skal á hinn bóginn draga óskilyrtan afsláttur sem veittur er frá kaupverði, þ.e.a.s. afsláttur sem ekki er háður öðrum skilyrðum en þeim sem uppfyllt eru við afhendingu á skattskyldri vöru eða þjónustu. Til dæmis má nefna staðgreiðsluafslátt.

Þeim fyrirtækjum (seljendum) sem skrá sölu sína í sjóðvél og veita viðskiptavinum sínum rafrænan afslátt, þ.e. afsláttur sem veittur er gegn greiðslu með kreditkort og tekjufærður er að fullu við afhendingu, er heimilt að draga slíkan afslátt frá skattverði þegar uppgjör seljanda við greiðslukortafyrirtæki hefur farið fram.

Dæmi: Uppgjör seljanda, sem skráir sölu sína í sjóðvél, og kreditkortafyrirtækis, t.d. vegna tímabilsins 27. apríl - 26. maí, fer fram 2. júní. Þann rafræna afsláttur sem veittur var á þessu kortatímabili má seljandi draga frá skattskyldri veltu á uppgjörstímabilinu maí-júní. Gjaldþagi virðisaukaskatts vegna þess tímabils er 5. ágúst.

Útlagður kostnaður

Útlagður kostnaður er kostnaður sem seljandi leggur sérstaklega út fyrir kaupanda í tengslum við verk sem hann innir af hendi fyrir kaupanda, enda sé kostnaðurinn þess eðlis að kaupandinn komi til með að nýta sér hann sjálfur.

Sem dæmi má nefna að búfjársejandi leggi út fyrir kaupanda kostnað við skoðun dýralæknis á búfé, þ.e. greiði reikning dýralæknisins fyrir kaupandans hönd. Aftur á móti gæti t.d. akstur eða flug seljanda frá Reykjavík til Akureyrar til þess að gera við vél kaupanda norðan heiða ekki fallið undir reglur um útlagðan kostnað.

Útlagður kostnaður er ekki hluti af skattverði seljanda ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- Seljandi endurkrefur kaupandann um kostnaðinn án nokkurs álags eða þóknunar.
- Reikningur vegna kostnaðarinnar er skráður á nafn kaupanda sem fær í hendur frumrit hans.
- Uppgjör kostnaðarinnar er skráð á yfirlit sem bæði kaupandi og seljandi fá eintak af.

Virðisaukaskattur vegna þessa kostnaðar er ekki hluti innskatts seljanda, heldur telst til innskatts kaupanda sé hann skráður aðili. Í uppgjöri aðila skal tilgreina fjárhæð allra reikninga vegna útlagðs kostnaðar, tegundir kostnaðar og nöfn seljanda. Áritað eintak uppgjörins (samrit) er bókhaldsskjal seljanda. Útlagður kostnaður færast eingöngu á uppgjörið, þ.e. óheimilt er að láta útlagðan kostnað koma fram á reikningi.

Ef framangreind skilyrði eru ekki uppfyllt er óheimilt að telja útgjöld vegna verks til útlagðs kostnaðar. Þá er um að ræða venjuleg aðfangakaup seljanda og kostnaður vegna þeirra kemur inn í skattverð við sölu til kaupandans.

Opinber þjónustugjöld

Þegar opinberum þjónustugjöldum er haldið utan skattverðs sem útlögðum kostnaði eru þær undantekningar gerðar frá framangreindum reglum að reikningur vegna kostnaðarinnar



þarf hvorki að hljóða á nafn kaupanda né kaupandinn að fá frumrit hans í hendur. Jafnframt á kaupandi þá ekki að fá í hendur uppgjör frá seljanda, heldur færast kostnaðurinn í þessum tilvikum á reikning án virðisaukaskatts.

Sem dæmi um opinber þjónustugjöld má nefna gjald fyrir þinglýsingarvottorð.

Skipti, afhending án endurgjalds og úttekt

Það eru skattskyld skipti þegar skattskyld vara eða þjónusta er greidd að hluta eða öllu leyti með annarri vöru eða þjónustu. Afhending skattskyldrar vöru eða þjónustu án endurgjalds er einnig skattskyld.

Eigin úttekt eiganda, þ.e. þegar eigandi tekur út úr eigin fyrirtæki skattskylda vöru eða þjónustu til eigin nota, er jafnframt skattskyld. Sama gildir um aðra úttekt, þ.e. not fyrirtækis á skattskyldri vöru eða þjónustu í öðrum tilgangi en varðar skattskylda sölu eða í tilvikum sem ekki veita rétt til innskattsfrádráttar s.s. gjafir, risna eða hlunnindi. Annað dæmi um skattskylda úttekt er það þegar eigandi eða fyrirtæki nýtir sér vinnu starfsmanna fyrirtækisins til byggingar fasteignar sem ekki er ætluð undir skattskylda starfsemi fyrirtækisins sjálfs heldur t.d. til nota fyrir eigandann eða til sölu eða leigu.

Við skipti, afhendingu án endurgjalds og úttekt skal miða skattverð við almennt gangverð í sams konar viðskiptum milli ótengdra aðila. Liggi slíkt almennt gangverð ekki fyrir skal miða skattverð við reiknað útsöluverð, þar sem tekið er tillit til alls kostnaðar að viðbætti þeirri álagningu sem er almennt notuð á vörur eða þjónustu af sama tagi.

Um ákvörðun skattverðs vegna eigin úttektar til byggingar fasteignar á eigin kostnað vísast til auglýsingar ríkisskattstjóra nr. 8/1994.

Hagsmunasamband

Sé um að ræða viðskipti milli skyldra eða tengdra aðila skal miða skattverð við almennt gangverð í sams konar viðskiptum milli ótengdra aðila. Þessari reglu er ætlað að koma í veg fyrir að óeðlileg verðlagning, í því skyni að lækka skattgreiðslur, eigi sér stað í viðskiptum milli tengdra eða skyldra aðila. Við slíkar aðstæður skal reikna skattverð með sama hætti og gildir við skipti, endurgjaldslausu afhendingu og úttekt.

Aðilar eru tengdir eða skyldir ef annar hefur fjárhagslegra hagsmuna að gæta varðandi starfsemi eða eignir hins, þar á meðal ef samband þeirra er með þeim hætti að þeir yrðu taldir nákomnir í skilningi gjaldþrotalaga.

Sala notaðra skráningarskyldra ökutækja

Sala notaðra ökutækja í atvinnuskyni er virðisaukaskattsskyld starfsemi. Þannig skal sá sem í atvinnuskyni kaupir notuð ökutæki til endursölu innheimta virðisaukaskatt af heildarsöluverðinu samkvæmt almennum reglum, nema farið sé eftir sérstakri skattverðsreglu. Í tengslum við sérstöku skattverðsregluna er sérstök frádráttarregla, en að öðru leyti gilda almennar reglur um innskatt.

Sérstök skattverðsregla vegna ökutækja

Þegar um er að ræða endursölu í atvinnuskyni á notuðum skráningarskyldum ökutækjum eða sölu tryggingarfélag eða bílaleigu á slíkum ökutækjum, sem þau hafa keypt vegna starfsemi sinnar, gildir sérstök regla um útreikning skattverðs. Þeim sem stunda þessa starfsemi er heimilt að miða skattverð ökutækis af þessu tagi við 80,65% af mismun innkaupsverðs og söluverðs þess að meðtöldum virðisaukaskatti. Skatturinn

leggst því aðeins á þann virðisauka sem myndast hjá endurseljenda. Sé söluverð lægra en kaupverð reiknast enginn skattur. Þegar þessi aðferð er notuð þarf að halda sérstaklega utan um kaup og sölu hvers ökutækis í bókhaldi.

Þessi skattverðsregla er fyrst og fremst sett vegna þess hve algengt er að fyrirtæki af framangreindu tagi kaupi notaðar bifreiðar af óskattskyldum aðilum. Það má því aðeins nota regluna ef enginn virðisaukaskattur kemur fram á reikningi til endurseljandans. Regluna má því ekki nota vegna innflutnings á notuðum bifreiðum til endursölu vegna þess að virðisaukaskattur er lagður á þær í tolli. Ef endurseljandinn notar þessa reglu í skattuppgjöri má hann heldur ekki tilgreina virðisaukaskatt á söluveikningi sínum.

Þegar skattverð er ákvarðað samkvæmt þessari sérstöku reglu má ekki draga frá skattverðinu (mismunur innkaupsverðs og söluverðs) greiddan kostnað vegna viðgerða á bifreiðinni, enda má telja virðisaukaskatt vegna viðgerðarkostnaðar til innskatts samkvæmt almennum reglum.

Dæmi 11:

Sala notaðs skráningarskylds ökutækis úr hendi aðila sem stundar endursölu slíkra ökutækja í atvinnuskyni, tryggingarfélagss eða bílaleigu - hagnaður - sérstaklega reiknaður útskattur.

Kaupverð kr. 600.000 er dregið frá söluverði kr. 1.000.000. Hagnaður er af sölnni, þ.e. mismunur er jákvæður um kr. 400.000. Skattverð er því kr. 400.000 x 80,65% eða kr. 322.600 og útskattur kr. 400.000 x 19,35% eða kr. 77.400.

Dæmi 12:

Sala notaðs skráningarskylds ökutækis úr hendi aðila sem stundar endursölu slíkra ökutækja í atvinnuskyni, tryggingarfélagss eða bílaleigu - tap - sérstaklega reiknaður útskattur.

Kaupverð kr. 1.000.000 er dregið frá söluverði kr. 800.000. Tap er af sölnni, þ.e. söluverð er lægra en kaupverð. Það reiknast því enginn skattur, en sérstakur skattfrádráttur getur verið heimill, sbr. umfjöllun hér á eftir.

Sérstök frádráttarregla

Í tengslum við framangreinda skattverðsreglu er önnur regla sem heimilur umræddum endursölu aðilum, þó ekki bílaleigum og tryggingarfélagum, að reikna frádrátt með sérstökum hætti þegar tap verður á sölu notaðs skráningarskylds ökutækis.

Dæmi 14: Uppgjör samkvæmt báðum reglum.

Uppgjör virðisaukaskatts samkvæmt framangreindum heimildarreglum má skýra með eftirfarandi dæmi um sölu tveggja notaðra fólksbifreiða úr hendi bifreiðaumboðs á einu uppgjörstímabili.

| Kaupverð | Söluverð | Mismunur | Skattverð | Reiknaður útskattur | Reiknaður frádráttur |
|-----------|-----------|----------|-----------|---------------------|----------------------|
| 600.000 | 1.000.000 | 400.000 | 322.600 | 77.400 | 0 |
| 1.000.000 | 800.000 | -200.000 | 0 | 0 | 38.700 |

Virðisaukaskattur sem skilað er í þessu dæmi er því kr. 77.400 - 38.700 eða kr. 38.700.

Við skil á virðisaukaskatti vegna endursölu í atvinnuskyni á notuðum skráningarskyldum ökutækjum má draga frá útskatti á hverju uppgjörstímabili, reiknuðum samkvæmt sérstöku skattverðsreglunni, 19,35% af neikvæðum mismunur á söluverði og innkaupsverði seldra ökutækja á viðkomandi uppgjörstímabili. Sérstaka frádráttarreglan gengur bara á móti sérstöku skattverðsreglunni. Ef reiknaður frádráttur er hærri en reiknaður útskattur er engum sérstaklega útreiknuðum skatti skilað. Hins vegar dregst sá reiknaði frádráttur sem er umfram reiknaða útskattinn ekki frá öðrum útskatti viðkomandi tímabils. Reiknaður frádráttur getur heldur ekki myndað inneign virðisaukaskatts og er ekki yfirfæranalegur á milli uppgjörstímabila.

Dæmi 13:

Sala notaðs skráningarskylds ökutækis úr hendi aðila sem stundar endursölu slíkra ökutækja - tap - sérstaklega reiknaður frádráttur.

Kaupverð kr. 1.000.000 er dregið frá söluverði kr. 800.000. Tap er af sölnni, þ.e. mismunur er neikvæður um kr. 200.000 og reiknast því enginn útskattur af þessari sölu. Mögulegur frádráttur frá reiknuðum útskatti vegna sölu annarra notaðra ökutækja er kr. 200.000 x 19,35% eða kr. 38.700.

Sérstök skattverðsregla vegna annars lausafjár

Við sölu á notuðu lausafé í umboðssölu frá einstaklingi utan rekstrar er skattaðila heimilt að miða skattverð við söluþóknun að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- að við móttöku lausafjárins geri eigandi þess og umboðsmaður með sér skriflegan samning um sölu þar sem því er lýst yfir að um notað lausafé sé að ræða, sala þess sé ekki liður í atvinnustarfsemi eða sjálfstæðri starfsemi eigandans og að lausafjárins hafi ekki verið aflað í þeim tilgangi að selja það aftur með hagnaði
- að samningur aðila sé vistaður meðal bókhaldsgagna umboðsmanns og að á söluveikningi til kaupanda komi fram að umboðsmaður sé ekki eigandi hins selds lausafjár og ábyrgist ekki eiginleika söluhlutar gagnvart kaupanda
- að söluverð einstaks lausafjármunar eða samstæðu lausafjármuna nemi að hámarki 100.000 kr.
- að í samningi aðila sé kveðið á um söluþóknun umboðsmanns sem geti numið hlutfalli af söluverði lausafjárins eða fastri upphæð

Skattskyld velta og útskattur

Almennt

Útskattur er sá skattur sem seljandi vöru og þjónustu innheimtir af skattskyldri veltu sinni, en skattskylda veltan er metin til verðs á skattverði. Fjallað var um skattverð á bls. 20-22. Skatturinn 24% eða 11% eftir atvikum bætist við skattverðið. Um skatthlutfallið (24% og 11%) er fjallað á bls. 5.

Skattskyld velta

Virðisaukaskattur er reiknaður af allri skattskyldri veltu fyrir-tækisins. Til skattskyldrar veltu telst m.a.:

- Öll sala eða afhending vöru og verðmæta gegn greiðslu, svo og seld vinna og þjónusta.
- Afhending vöru til umsýslu- eða umboðsmanns telst til skattskyldrar veltu þess sem afhendir. Velja má milli tveggja aðferða um það hvenær útskatturinn reiknast, sjá umfjöllun um undantekningar frá afhendingarreglunni.
- Sala vöru frá umsýslu- eða umboðsmanni telst til skattskyldrar veltu umsýslu- eða umboðsmannsins.
- Skipti á vörum eða þjónustu.
- Andvirði vöru sem fyrirtæki selur eða framleiðir og eigandi tekur út úr því til eigin nota. Það sama gildir ef fyrirtæki innir af hendi skattskylda þjónustu fyrir eiganda.
- Andvirði vöru og þjónustu sem fyrirtækið notar fyrir starfsmenn (hlunnindi) til risnu eða gjafa.
- Sala eða afhending á vélum, tækjum og öðrum rekstrarfjármunum telst að fullu til skattskyldrar veltu, jafnvel þótt virðisaukaskattur vegna öflunar þeirra hafi aðeins fengist frádreginn að hluta. Sérstakar reglur gilda um sölu vörubirgða og annarra rekstrarfjármuna þegar um er að ræða eigendaskipti á fyrirtæki eða hluta þess, sjá sérstaklega á bls. 25. Um sölu ökutækja er fjallað sérstaklega á bls. 29-30.

Útsköttuð sala eða afhending

Skattaðili á að innheimta útskatt af öllum seldum eða afhentum vörum, hvort sem selt er til annarra fyrirtækja eða neytenda (óskráðra aðila). Sama gildir um selda vinnu og þjónustu.

Þó eru tiltekin viðskipti undanþegin skattskyldri veltu. Þannig skal ekki innheimta útskatt af vöru sem seld er úr landi, svo og vinnu og þjónustu sem veitt er erlendis. Sjá umfjöllun hér síðar um undanþegin viðskipti (undanþegna veltu).

Hvenær reiknast útskattur?

Meginreglan varðandi það hvenær sala eða önnur afhending telst til skattskyldrar veltu er svonefnd afhendingarregla. Í henni felst að það er afhending hins selda sem ræður því til hvaða uppgjörstímabils veltan telst.

Ekki skiptir máli hvernig eða hvenær hið selda er greitt. Jafnvel þótt seljandi hafi lánað allt söluverðið telst salan til skattskyldrar veltu þess tímabils þegar afhending fer fram.

Þegar um leigu á lausafjármunum er að ræða, þ.m.t. fjármögnunarleigu og rekstrarleigu, reiknast útskattur af heildarfjárhæð hvorrar einstakrar leigugreiðslu. Þegar um sölu á lausafjármunum er að ræða, þ.m.t. kaupleigu, skal reikna útskatt af heildarfjárhæð við afhendingu hins selda.

Undantekningar frá afhendingarreglunni

Nokkrar undantekningar eru frá afhendingarreglunni:

- Hafi söluveikningur verið gefinn út vegna sölnunnar áður en

afhending fer fram ræður útgáfudagur reikningsins því hvenær telja beri sölnuna til skattskyldrar veltu.

- Innborganir teljast til skattskyldrar veltu við móttöku. Með innborgun er átt við að kaupandi greiði andvirði skattskyldrar vöru eða þjónustu að fullu eða að hluta;
 - áður en afhending fer fram,
 - áður en afhendingu er lokið eða
 - áður en söluveikningur er gefinn út.Sú fjárhæð sem móttakandi greiðslu skal telja til útskatts er 19,35% af móttækinni fjárhæð ef um er að ræða viðskipti með 24% skatti en 9,91% ef skatturinn er 11%.
- Vörur sem afhentar eru til umsýslu- eða umboðssölu má annaðhvort telja til skattskyldrar veltu á því uppgjörstímabili þegar afhending fer fram eða til veltu þess tímabils þegar gert er upp við umsýslu- eða umboðsmann. Í síðarnefnda tilvikinu má ekki gefa út söluveikning vegna viðskiptanna fyrr en uppgjörrið fer fram.

Undanþegin viðskipti (undanþegin velta)

Sala við tilteknar aðstæður telst ekki til skattskyldrar veltu. Þannig reiknast ekki útskattur við alla sölu skattskyldrar vöru eða þjónustu. Undanþegin viðskipti eru:

1. Vara sem seld er úr landi. Ekki skal reikna útskatt á verð vöru sem seld er úr landi. Sala hér innanlands til aðila búsettra erlendis og sendimanna erlendra ríkja er ekki útflutningur. Því skal alltaf innheimta virðisaukaskatt af sölu til þessara aðila. Þeir geta hins vegar í vissum tilvikum fengið skattinn endurgreiddan. Þá ber að innheimta virðisaukaskatt af verði vara sem seldar eru til tollfrjálsra verslana, t.d. Friðhafnarinnar á Keflavíkurlflugvelli.
2. Vöruflutningar og fólksflutningar milli landa. Sama gildir um vöruflutninga innanlands ef þeir eru hluti af samningi sem farmflytjandi hefur gert um flutning til eða frá útlöndum. Vöruflutningar innanlands eru að öðru leyti skattskyldir.
3. Vinna við vöru á kostnað erlends aðila þegar fyrirtækið, sem annast vinnuna, flytur vöruna út að vinnu lokinni, svo og gerð og mótun vöru á kostnað erlends aðila þegar framleiða á vöruna erlendis.
4. Hönnun, skipulagning, áætlanagerð og önnur sambærileg vinna er varðar byggingar og aðrar fasteignir á erlendri grundu.
5. Vistir, eldsneyti, tæki og annar búnaður sem afhentur er til nota um borð í millilandaförum og þjónusta sem veitt er slíkum förum. Sama gildir um þjónustu sem felst í afnotum af mannvirkjum á alþjóðaflugvöllum fyrir millilandaloftför, flugleiðsöguþjónustu sem veitt er slíkum förum og farþega- og flugverndarþjónustu á alþjóðaflugvöllum. Þessi undanþága á hvorki við um fiskiskip, t.d. þegar þau sigla með eigin afla, né skemmtibáta og loftför í einkaflugi, heldur aðeins för sem notuð eru í eiginlegri flutningastarfsemi.
6. Sala og útleiga loftfara og skipa. Sama gildir um sölu eða leigu á aflakvóta hvort sem hann er seldur eða leigður sérstaklega um lengri eða skemmri tíma eða seldur eða leigður með skipi. Undanþágan nær ekki til skipa sem eru undir 6 metrum að lengd, skemmtibáta og loftfara í einkaflugi.
7. Skipasmíði og viðgerðar- og viðhaldsvinna við skip og loftför og fastan útbúnað þeirra, svo og efni og vörur sem það

fyrirtæki, sem annast viðgerðina, notar og lætur af hendi við þá vinnu. Undanþágan nær ekki til skípa sem eru undir 6 metrum að lengd, skemmtibáta og lofffara í einkaflugi.

8. Samningsbundnar greiðslur úr ríkissjóði vegna mjólkurframleiðslu og sauðfjárfframleiðslu (beingreiðslur).
9. Þjónusta sem veitt er erlendum fiskiskipum vegna löndunar eða sölu afla hér á landi.
10. Vinna og þjónusta sem veitt er erlendis og þjónusta sem seld er frá Íslandi til atvinnufyrirtækis sem hvorki hefur heimilisfesti hér á landi né stundar hér atvinnustarfsemi frá fastri starfsstöð, þ.e. þjónustu sem er veitt yfir landamæri til atvinnufyrirtækis með heimilisfesti erlendis og skiptir ekki máli í því sambandi hvort fyrirtækið er virðisaukaskattsskyldt erlendis eða ekki. Ef þjónustan er augljóslega nýtt hér á landi, s.s. gistipjónusta, bílaleiga, o.fl., er hún einnig skattskyld hér á landi.

Þjónusta sem seld er frá Íslandi til annarra en atvinnufyrirtækja sem hafa ekki lögheimili, varanlega búsetu eða dveljast ekki að jafnaði hér á landi. Eftirtalin þjónusta fellur hér undir:

- a. Þjónusta sem veitt er rafrænt, þ.e. þjónusta sem veitt er á netinu, sjálfvirk með lágmarksinnngripi þar sem notkun upplýsingatækni er nauðsynlegur þáttur í veitingu þjónustunnar.
- b. Fjarskiptapjónusta, sem felur í sér þjónustu, miðlun, útsendingu eða viðtöku á boðum, orðum, myndum, hljóði eða öðrum upplýsingum í gegnum þráð, útvarp, ljósboð eða annars konar rafsegulkerfi; fjarskiptapjónusta felur einnig í sér þjónustu frá þeim aðilum sem veita aðgang að framangreindri þjónustu auk aðgangs að rafrænum fjarskiptanetum og samtengingu þeirra.
- c. Útvarps- og sjónvarpsþjónusta, þ.e. þjónusta sem samanstendur af hljóði eða mynd og miðlað er til almennings um samskiptamiðla í rauntíma samkvæmt ákveðinni dagskrá á ritstjórnarlegri ábyrgð viðkomandi fjölmiðils.
- d. Framsal á höfundarrétti, rétti til einkaleyfis, vörumerkis og hönnunar, svo og framsal annarra sambærilegra réttinda.
- e. Auglýsingaþjónusta.
- f. Ráðgjafarþjónusta, verkfræðiþjónusta, lögfræðiþjónusta, þjónusta endurskoðenda og önnur sambærileg sérfræðiþjónusta sem og gagnavinnsla og upplýsingamiðlun.
- g. Þjónusta banka, fjármálafyrirtækja og tryggingafélaga, önnur en sú þjónusta sem talin er undanþegin virðisaukaskatti samkvæmt 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt.
- h. Atvinnumiðlun.
- i. Leiga lausafjármuna, þó ekki neins konar flutningatækja.
- j. Kvaðir og skyldur varðandi atvinnu- eða framleiðslustarfsemi eða hagnýtingu réttinda sem kveðið er á um í þessum lið.

11. Þjónusta sem felst í endurgreiðslu á virðisaukaskatti til aðila búsettra erlendis.
12. Þjónusta ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda að því leyti sem hún varðar fólksflutninga milli landa. Sama gildir um vöru eða þjónustu sem ferðamaður nýtir utan Íslands.

Áréttað skal að þegar framangreind þjónusta er raunverulega nýtt hér á landi er hún jafnframt skattskyld hér á landi. Sem dæmi má nefna gistipjónustu, bílaleigu, veitingaþjónustu, hárgreiðslu- og snyrtipjónustu og aðra þjónustu sem háð er viðveru bæði kaupanda og seljanda þegar þjónustan er nýtt. Þá telst vinna eða þjónusta sem varðar lausafjármuni eða fasteignir hér á landi ávallt veitt hér á landi og er þar með

skattskyld hér á landi. Sama gildir um þjónustu sem veitt er í tengslum við menningarstarfsemi, listastarfsemi, íþróttastarfsemi og aðra hliðstæða starfsemi sem fram fer hér á landi og er undanþegin skattskyldu samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt.

Einnig telst til undanþeginnar veltu:

1. Sala og útleiga á olíuborþöllum og fljótandi hafstöðvum til notkunar við kolvetnisvinnslu. Undanþágan tekur einnig til rekstrarbúnaðar sem er afhentur með slíkum mannvirkjum.
2. Sala á þjónustu á síðasta stigi viðskipta sem stendur í beinum tengslum við byggingu, endurbyggingu, viðgerðir og viðhald á mannvirkjum og búnaði skv. 1. tölul. Undanþágan tekur einnig til vöru sem er afhent í tengslum við afhendingu á slíkri þjónustu.
3. Björgunarþjónusta í tengslum við mannvirki skv. 1. tölul.
4. Sala á vöru og þjónustu á síðasta stigi viðskipta til nota í beinum tengslum við byggingu, endurbyggingu, viðgerðir og viðhald á leiðslum frá hafsvæði utan gildissviðs laga þessara til lands.
5. Sala á vöru og þjónustu til nota á hafsvæði utan landhelgi í tengslum við rannsóknir og nýtingu á auðlindum á hafsbotni svo fremi sala sé til aðila sem hafa fengið leyfi til rannsókna og/eða vinnslu kolvetnis, svo og annarra aðila sem taka með beinum hætti þátt í rannsóknnum, vinnslu og dreifingu kolvetnisafurða.

Sönnun fyrir undanþágu

Útflutningsskýrslu skal skila rafrænt af hálfu útflytjanda eða umboðsmanns hans til töllyfirvalda áður en vara er flutt úr landi. Til sönnunar því að sala sé undanþegin skattskyldri veltu skal seljandi varðveita útflutningsskýrslu eða önnur sambærileg gögn með viðkomandi sölureikningum. Sambærileg gögn eru t.d. kvittun ábyrgs starfsmanns skipafélags eða flugfélags fyrir afhendingu um borð í millilandafar eða kvittun fyrir mótöku póstsendingar til flutnings úr landi.

Lækkun skattskyldrar veltu

Seljanda er við uppgjör skattskyldrar veltu heimill frádráttur vegna eftirfarandi tilvika:

- Endursendra vara.
- Afsláttar sem veittur er eftir afhendingu.
- Tapaðra viðskiptakrafna (útistandandi viðskiptaskulda).

Purfi að lækka áður bókfærðan útskatt vegna þessara tilvika færast lækkunin á debethlið viðkomandi útskattsreiknings. Sjá nánar í viðaukum C og D.

Endursendar vörur

Taki fyrirtæki vörur, sem það hefur áður útskattað við sölu, til baka og endurgreiði viðskiptavini sínum andvirði hennar að fullu eða hluta er því heimilt að draga virðisaukaskattinn af endurgreiðslunni frá útskatti. Þetta á t.d. við þegar gallaðar vörur eru teknar til baka.

Ef reiknað er með því að virðisaukaskattur sé innifalinn í heildargreiðslu er hlutur skattsins 19,35% af heildargreiðslu ef um er að ræða 24% skatt og 9,91% af heildargreiðslu ef skatturinn er 11%.

Til grundvallar færslu í bókhald skal liggja kreditreikningur. Sjá bls. 15.

Afsláttur eftir afhendingu

Áður hefur verið fjallað um skilyrtan afslátt (bls. 20). Um er að ræða afslátt sem seljandi veitir ef ákveðið skilyrði kemur fram, t.d. ef kaupandi greiðir söluverð innan tilskilins tíma. Afsláttur af þessu tagi telst með í skattverði við afhendingu.

Ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt má seljandi þó lækka skattskylda veltu sína um veittan afslátt eftir afhendingu og draga virðisaukaskatt af afslættinum frá útskatti:

- Kaupandi er skattskyldur aðili sem hefur getað fært virðisaukaskatt af söluveikningi til innskatts í bókhaldi sínu.
- Skilyrði til að veita afslátt voru ekki fyrir hendi við afhendingu.
- Seljandi gefur út kreditreikning vegna afsláttarins og tilgreinir þar virðisaukaskatt sérstaklega.

Óheimilt er að draga frá skattskyldri veltu afslátt sem veittur er neytanda (óskráðum aðila) eftir afhendingu.

Tapaðar viðskiptakröfur (útistandandi viðskiptaskuldir)

Tapaðar viðskiptakröfur, vegna sölu sem áður hefur verið talin til skattskyldrar veltu, má draga frá skattskyldri veltu á því uppgjörstímabili þegar sannanlegt verður að krafan sé töpuð. Ef um er að ræða kröfu með 24% skatti má draga 80,65% kröfufjárhæðarinnar frá skattskyldri veltu en 90,09% þegar krafan er með 11% skatti.

Krafa er sannanlega töpuð:

- Ef krafan er fyrnd.
- Ef í ljós kemur við skiptameðferð gjaldþrotabús eða skuldafrágöngubús skuldara að eignir eru ekki til fyrir kröfunni.
- Ef krafan fæst ekki greidd við nauðasamninga skuldara.
- Ef í ljós kemur við aðför eða kyrrsetningargerð að eignir skuldara nægja ekki til að fá tryggingu fyrir kröfu. Til sönnunar nægir árangurslaus aðför eða kyrrsetning af hálfu annars kröfuhafa, enda séu gerðir þessar ekki eldri en þriggja mánaða.
- Ef telja má fullvíst af öðrum ástæðum að skuld fái ekki greidd. Líkur einar eru ekki nægar heldur verður t.d. að liggja fyrir eftir itrekaðar innheimtutilraunir að skuldari sé ófær til greiðslu, að engin veð sé að hafa fyrir skuldinni og efnahagur skuldara þannig að greiðslu verði ekki að vænta.

Alltaf skal koma skýrt fram í bókhaldsgögnum á hverju það byggist að útistandandi viðskiptakrafa er talin töpuð. Ekki á að gefa út kreditreikning vegna tapaðra viðskiptakrafna.

Fáist krafan síðar greidd að fullu eða að hluta telst fengin fjárhæð til skattskyldrar veltu á því tímabili þegar hún fæst greidd. Telst þá 80,65% eða 90,09% fenginn fjárhæðar til skattskyldrar veltu eftir því hvort hin áður afskrifaða krafan innihélt 24% eða 11% skatt.

Skipti og afhending án endurgjalds

Greiða skal virðisaukaskatt af andvirði skattskyldrar vöru og þjónustu sem notuð er í skiptum. Endurgjaldslaus afhending skattskyldrar vöru eða þjónustu er einnig skattskyld. Þó skal ekki reikna útskatt af afhendingu verðlitis smávarnings sem bersýnilega er ætlaður til notkunar í auglýsingaskyni. Hér er m.a. átt við skrifbökkir, dagatöl, ódýra kúlupenna, öskubakka og aðra slíka hluti með áletruðu nafni eða vörumerki gefandans.

Eigin not og önnur úttekt

Greiða skal virðisaukaskatt af andvirði vöru og skattskyldrar þjónustu sem fyrirtæki selur eða framleiðir og notuð er á einhvern eftirfarandi hátt:

- Til eigin nota eiganda fyrirtækis.
- Til notkunar vegna skattfrjálsrar starfsemi sem fyrirtæki hefur með höndum.
- Til nota fyrir starfsmenn fyrirtækis (hlunnindi) eða til risnu, gjafa, reksturs fólksbifreiðar eða annarra nota sem ekki hafa í för með sér innskattsrétt. Dæmi um hlunnindi starfsmanna er þegar fyrirtæki rekur mótuneyti, íbúðarhúsnæði, orlofsheimili eða þess háttar fyrir starfsfólk.

Úttekt telst til skattskyldrar veltu á því tímabili þegar úttekt á sér stað.

Sala eða afhending rekstrarfjármuna

Til skattskyldrar veltu telst sala eða önnur afhending véla, tækja og annarra rekstrarfjármuna. Á það við óháð því hvort fyrirtæki hefur notið fulls innskattsréttar við kaup rekstrarfjármunanna eða aðeins innskattsréttar að hluta. Eins telst sala rekstrarfjármuna til skattskyldrar veltu þótt fyrirtæki hafi einskis innskatts notið vegna kaupa án virðisaukaskatts, svo sem vegna kaupa af óskattskyldum aðila eða kaupa fyrir tíð virðisaukaskatts. Hafi hins vegar rekstrarfjármunir verið keyptir með virðisaukaskatti, en fyrirtæki hafi með öllu verið óheimilt að færa þann virðisaukaskatt til innskatts, telst sala þess sama rekstrarfjármunar ekki til skattskyldrar veltu. Þetta á t.d. við um tæki á kaffistofu fyrirtækis og fólksbifreiðir.

Óseldir rekstrarfjármunir við lok rekstrar

Tilkynni fyrirtæki sig út af virðisaukaskattsskrá eða það er tekið af skrá samkvæmt úrskurði ríkisskattstjóra skal telja vörubirgðir, vélar, tæki og aðra rekstrarfjármuni til skattskyldrar veltu á því uppgjörstímabili er starfsemi lýkur.

Rekstrarfjármunir við eigendaskipti á fyrirtæki eða hluta þess

Ef vörubirgðir og aðrir rekstrarfjármunir eru afhentir nýjum eiganda sem þáttur í eigendaskiptum á fyrirtæki eða hluta þess má ekki innheimta virðisaukaskatt af eignayfirfærslunni ef hinn nýi eigandi er skráður á virðisaukaskattsskrá eða verður skráningarskyldur við yfirtökuna. Við slíka sölu skal seljandi tilkynna ríkisskattstjóra skriflega um nafn og kennitölu kaupanda, svo og söluandvirði, eigi síðar en átta dögum eftir að eignayfirfærslan fór fram.

Ef einhver hluti vörubirgða og rekstrarfjármuna fylgir ekki með í kaupunum reiknast útskattur á þann hluta samkvæmt almennum reglum.

Leiðrétting innskatts af varanlegum rekstrarfjármunum við lok rekstrar

Verði við lok starfsemi breyting á forsendum fyrir frádrætti innskatts af öflun varanlegra rekstrarfjármuna, sem ekki teljast til skattskyldrar veltu við lok rekstrar, skal leiðrétta innskatt samkvæmt sérstökum reglum. Sjá bls. 31-32. Ef forsendubreyting á rætur að rekja til sölu fasteignar eða yfirfærslu rekstrar getur kaupandi þó yfirtekið kvöð um leiðréttingu innskattsins og fellur leiðréttingarskylda seljanda þá niður að því marki sem kaupandinn hefur innskattsrétt vegna þessara eigna. Seljandi skal tilkynna ríkisskattstjóra um yfirtöku kaupanda á leiðréttingarskyldunni með framlagningu yfirlýsingar um yfirtöku hans á kvöð um leiðréttingu innskatts.

Aðföng og innskattur

— reglugerð nr. 192/1993 —

Almennt

Innskattur er sá virðisaukaskattur sem virðisaukaskattsskyldur aðili, skráður á virðisaukaskattsskrá, greiðir öðrum skattskyldum aðilum eða tollyfirvöldum, við kaup eða innflutning á vörum og þjónustu (aðföngum) til nota í skattskyldum rekstri sínum.

Frádráttarheimildin

Heimild fyrirtækja til að draga innskatt frá útskatti er höfuðeinkenni virðisaukaskattskerfisins. Með henni er komið í veg fyrir margsköttun eða uppsöfnun skatts í framleiðslu- og dreifingar-kostnaði.

Til innskatts má telja virðisaukaskatt af svo til öllum aðföngum fyrirtækja sem varða skattskylda sölu þeirra. Í nokkrum tilvikum er frádráttarheimildin þó takmörkuð eða engin.

Innskattur vegna vörukaupa er frádráttarbær frá útskatti, jafnvel þótt vörurnar hafi ekki verið seldar og séu þar af leiðandi enn hluti af birgðum fyrirtækisins. Innskattur er einnig frádráttarbær þótt aðföng hafi ekki verið greidd. Innskattsfærsla verður þó alltaf að byggja á fullgildu innskattsskjali.

Skilyrði innskattsfrádráttar

Virðisaukaskattur er því aðeins frádráttarbær sem innskattur að um sé að ræða skatt af aðföngum sem eingöngu varða sölu skattaðila á vörum og skattskyldri þjónustu og að seljandi vöru og þjónustu sé skráður á virðisaukaskattsskrá á því tímamarki þegar viðskipti eiga sér stað.

Hvenær reiknast innskattur?

Dagsetning reiknings segir til um það á hvaða uppgjörstímabili nýta megi frádráttarheimildina. Þegar um er að ræða eigin innflutning gegn gjaldfresti (tollkrít) þarf tollkrítin þó að hafa verið greidd fyrir gjalddaga uppgjörstímabilsins. Undantekning frá þessu er að á gjalddaga virðisaukaskatts vegna flestra uppgjörstímabila á árununum 2008-2016 og á árinu 2020, var heimilt að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu allan virðisaukaskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils, þótt einungis hluti af gjaldföllum virðisaukaskatti hafi á þeim tíma verið greiddur.

Sönnun fyrir innskatti

Til grundvallar innskattsfrádrætti verða ætíð að liggja áreiðanleg og fullnægjandi fylgiskjöl í bókhaldi:

- Frumrit sölureiknings, rafrænn sölureikningur eða prentað eintak hans, frumrit gíróseðils eða afrit afreiknings skal liggja til grundvallar innskattsfrádrætti vegna kaupa af innlendum aðila.
- Frumrit kvittunar eða sölureiknings eða rafrænn reikningur skal liggja til grundvallar innskattsfrádrætti vegna fyrirframgreiðslu (innborgunar á viðskipti).
- Greiðsluskjal frá tollyfirvöldum, þar sem virðisaukaskattur kemur sérstaklega fram, skal liggja til grundvallar frádrætti innskatts vegna eigin innflutnings.
- Skjal úr tekjuskráningarkerfi sem ríkisskattstjóri hefur samþykkt getur legið til grundvallar innskattsfrádrætti vegna kaupa af innlendum aðilum. Tilvísun í samþykki ríkisskattstjóra (TS-númer) þarf að koma fram á slíku skjali.
- Sérstök sundurliðun samrekstraraðila sem halda sameiginlegt bókhald.
- Sameiginleg greinargerð vegna sameiginlegra innkaupa.

Önnur skjöl eru ekki fullnægjandi gögn til færslu innskatts. Til dæmis eru kaupsamningar, afsöl og greiðsluseðlar banka ekki fullnægjandi innskattsgögn.

Á sölureikningum, gíróseðlum og afreikningum skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- Fyrirfram áprentað reikningsnúmer. Frá því eru tvö frávik: Reikningur frá smásölverslun eða þjónustusala sem skráir sölu sína í sjóðvél þarf ekki að vera fyrirfram númeraður enda sé kassakvittun heft við reikninginn. Prentað eintak rafræns reiknings þarf ekki að hafa fyrirfram áprentað reikningsnúmer.
- Útgáfudagur.
- Nafn, kennitala og vsk-númer seljanda. Við útgáfu afreiknings skal auk þess koma fram vsk-númer kaupanda.
- Nafn og kennitala kaupanda. Reikningur frá smásölverslun eða þjónustusala sem skráir sölu sína í sjóðvél þarf þó ekki að fullnægja þessu skilyrði ef reikningsfjárhæð er 6.000 kr. eða lægri.
- Tegund sölu, þ.e. lýsing á hinu selda.
- Magn, einingarverð og heildarverð, eftir því sem við verður komið.
- Fjárhæð virðisaukaskatts og skatthlutfall.

Aðeins sá sem tilgreindur er kaupandi á reikningi getur fært innskatt á grundvelli hans. Til dæmis getur hlutfélag ekki fengið frádrátt vegna reiknings sem er á nafni einhvers hlut-hafans.

Í kaflanum um reikningaútgáfu er nánar fjallað um þær form- og efnisreglur sem gilda um reikninga, sjá bls. 12-16.

Reikningar sem ekki uppfylla framangreind skilyrði eru ekki næg sönnun fyrir innskatti.

Kreditreikningar

Ef vöru er skilað til seljanda skal gefa út kreditreikning fyrir hin- um móttæknun verðmætum með tilvísun til fyrri reiknings. Sama gildir um afslátt sem veittur er eftir að sölureikningur hefur verið gefinn út, svo og leiðréttingar á fyrri reikningum. Kaup- anda, sem fengið hefur innskattsfrádrátt vegna kaupanna, ber þá að draga frá innskatti þann virðisaukaskatt sem kemur fram á kreditreikningnum. Nánar er fjallað um kreditreikninga á bls. 15.

Frádráttur að fullu

Heimilt er að færa að fullu til innskatts virðisaukaskatt af að- föngum sem eingöngu varða virðisaukaskattsskylda starfsemi (sölu á skattskyldum vörum og þjónustu). Dæmi:

- Vörur sem keyptar eru til endursölu eða útleigu.
- Hráefni eða hálfunnar vörur sem fyrirtæki kaupir til frekari vinnslu.
- Umbúðir, svo sem umbúðapappír og burðarpokar.
- Kaup, viðgerðir og viðhald véla, verkfæra, skrifstofutækja og annarra rekstrarfjármuna.
- Byggingar- og viðhaldskostnaður fasteigna sem notaðar eru fyrir reksturinn (þó ekki ef reksturinn fer fram í íbúðar- húsnaði).
- Símakostnaður, ritföng, prentun og skrifstofuvörur.



- Ræstingar.
- Auglýsingakostnaður.
- Orka.

Frádráttur að hluta

Ef vara og þjónusta er að hluta til notuð við skattskylda starfsemi og að hluta til við undanþegna starfsemi eða til eigin nota þarf að skipta innkaupunum í innkaup vegna skattskyldrar starfsemi og innkaup vegna undanþeginnar starfsemi og eigin nota. Innskattur er þá heimill að hluta til, þ.e.a.s. frádráttur er þá hlutfallslegur og miðaður við umfang skattskyldrar starfsemi eða skattskyldra nota.

Innkaup sem bæði varða skattskylda og undanþegna starfsemi - veltureglan

Fyrirtæki sem hafa með höndum blandaða starfsemi, þ.e.a.s. bæði skattskylda og undanþegna starfsemi, hafa ekki frádráttarrétt vegna kaupa sem eingöngu varða hina skattfrjálsa starfsemi.

Athygli skal vakin á því að þegar hér er rætt um skattfrjálsa starfsemi er aðeins átt við undanþegna starfsemi, sbr. umfjöllun á bls. 6-7. Ekki er átt við sölu fyrirtækis á vöru og þjónustu sem undanþegin er skattskyldri veltu, t.d. útflutning.

Varði innkaup bæði skattskylda og undanþegna starfsemi fyrirtækis má telja hluta virðisaukaskattsins til innskatts eftir svokallaðri veltureglu. Virðisaukaskatt af aðföngum sem keypt eru til blandaðra nota má þá telja til innskatts í sama hlutfalli og sala skattskyldrar vöru og þjónustu er af heildarveltu ársins (þó skal ekki taka tillit til sölu rekstrarfjármuna við þennan útreikning).

Innkaup sem bæði varða skattskylda starfsemi og eigin not - matsreglan

Innkaup skattaðilla geta varðað annars vegar sölu hans á skattskyldum vörum og þjónustu og hins vegar eigin not (einkant eiganda/starfsmanna eða önnur not sem ekki varða skattskyldan rekstur).

Einungis má telja virðisaukaskatt af slíkum innkaupum til innskatts að því leyti sem þau varða skattskyldan rekstur. Skattaðili verður sjálfur að skipta innkaupum sínum, og þar með töldum virðisaukaskatti af þeim, milli rekstrar og eigin nota. Skattfyrirvöld taka síðan mið af þeim reglum og þeirri framkvæmd sem mótast hefur við tekjuskattsálagningu við mat þess hvort réttilega hafi verið skipt.

Á þessa reglu, sem kallast matsreglan, reynir til dæmis þegar simi og tölva eru notuð bæði í þágu heimilis og rekstrar.

Hlutafrádráttur óheimill

Ýmsir aðilar njóta aldrei frádráttar að hluta. Þeir mega aðeins telja til innskatts virðisaukaskatt af þeim aðföngum sem eingöngu varða sölu á skattskyldri vöru eða þjónustu. Þetta á almennt við um þá sem undanþegnir eru tekjuskatti svo sem ríki, bæjar- og sveitarfélög, stofnanir þeirra og fyrirtæki. Þetta á jafnframt við um þá sem aðeins eru virðisaukaskattsskyldir vegna eigin þjónustu, sjá bls. 9-10.

Frádráttur óheimill

Bannað er að færa til innskatts virðisaukaskatt af aðföngum er varða eftirfarandi:

- Kaffistofu eða mótuneyti fyrirtækisins og hvers konar fæðis-kaup þess. Þó má, að því leyti sem um er að ræða skattskylda starfsemi fyrirtækis, telja til innskatts virðisaukaskatt af þeim hluta byggingar sem nýttur er undir kaffistofu eða mótuneyti, svo og af múr- og naglföstum innréttingum í þeim hluta byggingar. Hins vegar er ekki heimilt að telja til innskatts virðisaukaskatt af lausum innréttingum, húsgögnum, tækjum og áhöldum til nota í kaffistofu eða mótuneyti.⁶⁾

6) Selji skattaðili starfsmönnum fæði telst virðisaukaskattur af hráefni, orku og aðkeyptri þjónustu í því sambandi til innskatts eftir almennum reglum, enda á þá að útskatta fæðissölu.

- Byggingu, endurbætur, viðgerðir eða viðhald á íbúðarhúsnæði fyrir eiganda eða starfsmenn. Ekki skiptir máli í þessu sambandi þótt húsnæðið sé einnig notað vegna skattskyldrar starfsemi. Til íbúðarhúsnæðis teljast geymsluherbergi og bifreiðargeymslur sem byggð eru í venjulegum tengslum við íbúð.
- Hlunnindi til eiganda eða starfsmanna. Með hlunnindum er fyrst og fremst átt við launagreiðslur í formi vöru eða þjónustu.
- Byggingu og rekstur orlofshúsa, sumarhúsa, barnaheimila og þess háttar fyrir eiganda eða starfsmenn.
- Risnu og gjafir. Með risnu er átt við kostnað sem lagt er í til að afla, halda við og ljúka viðskiptum og beinist að viðskiptavini, t.d. veitingahúskostnað, áfengi og blóm. Til innskatts má þó telja virðisaukaskatt af innkaupum verðlítés smávarnings sem bersýnilega er ætlaður til notkunar í auglýsingaskyni. Hins vegar má ekki telja til innskatts verðmeiri gjafir í auglýsingaskyni.
- Öflun, rekstur eða leigu fólksbifreiða, þ.m.t. skutbifreiða og jeppabifreiða, enda hafi aðili ekki með höndum sölu eða leigu þessara bifreiða í atvinnuskyni eða farþegaflutninga í ferðaþjónustu í atvinnuskyni samkvæmt sérstöku leyfi Samgöngustofu. Sama á við um þær sendi- og vörubifreiðir með leyfða heildarþyngd 5.000 kg eða minni sem ekki uppfylla skilyrði svokallaðra vsk-bifreiða, sbr. umfjöllun hér á eftir.

Frádráttur vegna fasteigna

Almennt er fullur frádráttarréttur vegna fasteigna sem eingöngu eru notaðar vegna sölu skattaðila á skattskyldum vörum og þjónustu.

Enginn virðisaukaskattur fæst fráreginn vegna öflunar eða reksturs íbúðarhúsnæðis fyrir eiganda eða starfsmenn, jafnvel þótt aðili noti húsnæðið einnig vegna atvinnu sinnar. Virðisaukaskattur vegna húsnæðis sem notað er fyrir barnaheimili og því um líkt fyrir starfsmenn fæst heldur ekki fráreginn. Hið sama á að sjálfsgöðu við um fasteignir sem einungis eru notaðar fyrir skattfrjálsa starfsemi. Almennt er heldur enginn frádráttarréttur vegna húsnæðis sem leigt er út, enda telst leiguhúsnæði ekki notað fyrir skattskyldan rekstur nema leigusali hafi skráð sig frjálstri skráningu, sjá umfjöllun um frjálsa skráningu á bls. 10.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu reglum um frádrátt að hluta á þessu sviði, þ.e.a.s. vegna fasteigna sem ekki eru eingöngu notaðar vegna sölu skattaðila á vörum og skattskyldri þjónustu.

Bygging

Eftirfarandi reglur gilda um frádrátt virðisaukaskatts vegna byggingar húsnæðis sem bæði er ætlað til nota fyrir skattskyldan rekstur og til nota sem ekki hafa í för með sér rétt til frádráttar innskatts:

- Sérgreindur hluti húss til skattskyldra nota: Telja má til innskatts þann virðisaukaskatt sem til fellur vegna þess hluta eignarinnar sem er ætlaður til nota fyrir skattskyldan rekstur. Innskattinn má finna með því að reikna út hvert hlutfall byggingarkostnaðar þess hluta húsnæðis sem byggt er til nota fyrir skattskyldan rekstur er af heildarbyggingarkostnaði eignarinnar. Ef gæði húsnæðis, sem nýtt er á mismunandi hátt, eru samþærileg, má miða skiptingu skattsins við flatarmál einstakra byggingarhluta, t.d. hæða í húsi.
- Ósérgreindur hluti: Noti skattaðili sama hluta húsnæðis jöfnum höndum fyrir skattskylda starfsemi og skattfrjálsa er heimilt að miða útreikning innskatts við meginreglur um frádrátt að hluta sem raktar eru hér á framan.

Endurbætur og viðhald

Eftirfarandi reglur gilda um frádrátt virðisaukaskatts vegna endurbóta, viðgerða og viðhalds á húsnæði sem bæði er ætlað til nota fyrir skattskyldan rekstur og til annarra nota:

- Sérgreindur hluti húss til skattskyldra nota: Virðisaukaskattur má telja til innskatts að því leyti sem vinna við endurbætur, viðgerðir og viðhald varðar beinlínis þann hluta húsnæðis sem notaður er fyrir skattskyldan rekstur. Skilyrði fyrir frádrætti er að seljandi vinnu og þjónustu taki fram á sölureikningi sínum við hvaða hluta húsnæðis hafi verið unnið (ákveðið herbergi eða hæð).
- Ósérgreindur hluti: Ef vinna vegna endurbóta, viðgerða og viðhalds varðar ekki beinlínis ákveðinn hluta húsnæðis, t.d. ef unnið er utanhúss eða við sameiginlegt lagnakerfi, má reikna virðisaukaskatt af framkvæmdunum til innskatts í sama hlutfalli og flatarmál þess hluta eignar sem notað er vegna skattskyldrar starfsemi er af heildarflatarmáli húsnæðisins.

Inn- og útskattur af ökutækjum

Reglum um inn- og útskatt af ökutækjum má skipta í tvo flokka:

- Reglur um ökutæki sem eru notuð í rekstri sem almennir rekstrarfjármunir fyrirtækja (til dæmis sendibifreið verslunar).
- Reglur um ökutæki sem eru seld eða leigð í atvinnuskyni (sbr. til dæmis bifreiðaumboð og bílaleigur).

Um virðisaukaskatt af ökutækjum sem seld eru eða leigð í atvinnuskyni gilda almennar reglur um útskatt og innskatt. Varðandi kaup og sölu notaðra ökutækja gilda þó sérstakar reglur sem lýst er hér á framan á bls. 21-22. Hér á eftir verður fjallað um helstu reglur varðandi virðisaukaskatt af ökutækjum sem notuð eru í rekstri sem almennir rekstrarfjármunir fyrirtækja.

Innskattur vegna ökutækja

Það gilda mismunandi reglur um innskatt vegna ökutækja sem notuð eru í rekstri sem rekstrarfjármunir fyrirtækja. Það fer eftir gerð ökutækis hvaða reglur eiga við.

Skipta má ökutækjum í þrjá flokka eftir því hvaða reglur gilda; fólksbifreiðir, vsk-ökutæki og önnur ökutæki.

Fólksbifreiðir - innskattsbann

Óheimilt er að telja til innskatts virðisaukaskatt af öflun (kaupum og leigu) og rekstri fólksbifreiða (þ.m.t. skut- og jeppabifreiða), og þeirra sendi- og vörubifreiða sem ekki uppfylla þau skilyrði sem gerð eru til vsk-bifreiða. Innskattsbannið gildir enda þótt þessar bifreiðir séu eingöngu notaðar í virðisaukaskattskyldri starfsemi en tekur þó ekki til þeirra aðila sem í atvinnuskyni hafa með höndum sölu eða leigu þessara bifreiða og farþegaflutninga í ferðaþjónustu samkvæmt sérstöku leyfi Samgöngustofu.

Vsk-ökutæki - sérreglur

Með vsk-ökutækjum er átt við:

1. Sendi- og vörubifreiðir með leyfða heildarþyngd 5.000 kg eða minna, sem uppfylla eftirtalin skilyrði:
 - a. Skráð flutningsgeta í fólksrými skal vera minni en helmingur af skráðri burðargetu bifreiðar. Miða skal við að hver maður vegi 75 kg.

- b. Farmrými, opið eða lokað, aftan við öftustu brún sætis eða millipils skal vera a.m.k. 1.700 mm að hleðsludyrum eða hlera. Sé það styttra skal það þó vera lengra en fólksrýmið, mælt frá miðri framrúðu.
 - c. Í farmrými mega hvorki vera sæti né annar búnaður til farþegaflutninga. Sé fólks- eða hópbifreið breytt í sendi- eða vörubifreið skulu með varanlegum hætti fjarlægð úr farmrými sæti ásamt sætisfestingum og öðrum búnaði til fólksflutninga.
2. Bifhjól.
 3. Torfærutæki, þ.e. vélsleða, tví-, þrí-, fjór-, fimm- og sexhjól.
 4. Loftpúðatæki.

Öflun, þ.e. kaup eða leiga

Óheimilt er að telja til innskatts virðisaukaskatt af öflun þessara ökutækja nema þau séu eingöngu notuð vegna sölu á vörum eða skattskyldri þjónustu. Frádráttur að hluta er því óheimill.

Skilyrði þess að telja megi til innskatts virðisaukaskatt af öflun vsk-bifreiða, sbr. lið 1 hér að framan, er að þær séu auðkendar með vsk-skráningarkerkjum. Öflun (kaup og leigu) vsk-bifreiða á almennum skráningarkerkjum er aldrei heimilt að færa til innskatts.

Rekstur

Um innskatt af rekstri vsk-ökutækja gilda almennar reglur. Ef ökutæki er eingöngu notað í þágu skattskylds rekstrar er fullur innskattsréttur, en annars hlutfallslegur í samræmi við notkun. Vsk-bifreiðir á almennum skráningarkerkjum má því nota að hluta til í þágu virðisaukaskattskyldrar starfsemi og að hluta til einkanota. Í þeim tilvikum verður að halda utan um akstur í þágu hins virðisaukaskattskylda rekstrar og innskattsfærsla er heimil af þeim hluta.

Einkanot

Hafi virðisaukaskattur af öflun vsk-ökutækis verið færður til innskatts má ekki nota það í einkabágu eiganda eða starfsmanna hans. Einkanot slíkra ökutækja varða missi innskattsréttar. Frá því er sú eina undantekning að eiganda eða

starfsmönnum hans er heimill akstur milli heimilis og starfsstöðvar fyrirtækis að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Afnotaréttur eiganda eða starfsmanns hans sé að fullu talinn til virðisaukaskattskyldrar veltu á skattverði sem er það sama og hlunnindamat ríkisskattstjóra, vegna takmarkaðra afnota launþega af bifreið launagreiðanda síns, í skattmati vegna staðgreiðslu opinberra gjalda á hverjum tíma.
2. Áður en einkanot hefjast, eða breytingar verða á slíkum notum, tilkynni rekstraraðili til ríkisskattstjóra um hinn fyrirhugaða afnotarétt, þ.m.t. hver njóta muni, á forminu RSK 10.60 (tilkynning um rétt til takmarkaðra nota VSK-bifreiðar í einkabágu).
3. Við afdrátt og skil staðgreiðslu opinberra gjalda telji rekstraraðili (launagreiðandi) starfsmanni til launa þau hlunnindi er í afnotaréttinum felast.

Ef eina starfsstöð manns í rekstri er á heimili hans felur akstur að og frá þeirri starfsstöð ekki í sér einkanot.

Önnur ökutæki - almennar reglur

Um innskatt af öflun og rekstri annarra ökutækja, svo sem vörubifreiða yfir 5.000 kg að þyngd, gilda almennar reglur. Innskattsréttur er að fullu, hlutfallslegur eða enginn eftir því hvort ökutækið er notað eingöngu, að hluta eða ekkert í virðisaukaskattskyldri starfsemi.

Útskattur af ökutækjum

Um virðisaukaskatt (útskatt) af sölu ökutækja sem notuð eru sem rekstrarfjármunir fyrirtækja gilda eftirfarandi reglur:

Fólksbifreiðir

Ekki ber að innheimta virðisaukaskatt við sölu á þeim ökutækjum sem innskattsbann tekur til, þ.e. fólksbifreiðum (þ.m.t. skut- og jeppabifreiðum) og þeim sendibifreiðum sem ekki uppfylla skilyrði vsk-bifreiða, sbr. umfjöllun um innskatt hér að framan. Þess vegna telst t.d. sala matvöruverslunar á fólksbifreið ekki til virðisaukaskattskyldrar veltu.

Tafla yfir inn- og útskatt af ökutækjum:

Eftirfarandi reglur gilda um inn- og útskatt af ökutækjum sem notuð eru sem almennir rekstrarfjármunir fyrirtækja:

| Tegund ökutækis | Innskattur vegna kaupa/leigu | Innskattur vegna rekstrar | Útskattur við sölu |
|--|------------------------------|---------------------------|------------------------------|
| I. Fólksbifreið (þ.m.t. skutbifreið og jeppabifreið) — óháð því hvort bifreiðin er notuð eingöngu eða að hluta til í skattskyldri starfsemi. | enginn | enginn | enginn |
| II. Sendi- og vörubifreið með leyfðri heildarþyngd 5.000 kg eða minna a) Eingöngu notuð vegna skattskyldrar starfsemi. (Vsk-skráningarkerki) b) Ekki notuð eingöngu vegna skattskyldrar starfsemi. (Almenn skráningarkerki) | að fullu enginn | að fullu að hluta | af söluverði enginn |
| III. Vörubifreið með leyfðri heildarþyngd yfir 5.000 kg. a) Eingöngu notuð vegna skattskyldrar starfsemi. b) Ekki notuð eingöngu vegna skattskyldrar starfsemi. | að fullu að hluta | að fullu að hluta | af söluverði af söluverði |
| IV. Bifhjól, torfærutæki og loftpúðatæki. a) Eingöngu notuð vegna skattskyldrar starfsemi. b) Ekki notuð eingöngu vegna skattskyldrar starfsemi. | að fullu enginn | að fullu að hluta | af söluverði enginn |



Vsk-ökutæki

Innheimta ber virðisaukaskatt (útskatt) við sölu vsk-ökutækis hafi seljandi mátt nýta sér innskatt við öflun þess. Sjá upptalningu á þessum ökutækjum í umfjöllun um innskatt hér að framan.

Hafi réttur til innskatts verið til staðar við öflun ber að innheimta útskatt við sölu jafnvel þótt ökutæki hafi verið keypt án virðisaukaskatts af óskattskyldum aðila. Einnig á að útskatta sölu ökutækis þótt innskattur af öflun hafi verið leiðréttur vegna breyttra nota samkvæmt reglum um leiðréttingu innskatts af varanlegum rekstrarfjárumunum.

Önnur ökutæki

Sala eða afhending annarra ökutækja, sem notuð eru sem almennir rekstrarfjármunir fyrir tækja, ber útskatt samkvæmt almennum reglum, þ.e.a.s. ef einhver virðisaukaskattskyld not voru af ökutækinu á að útskatta það við sölu eða aðra afhendingu. Þess vegna ber til dæmis sala 10 tonna vörubifreiðar útskatt þótt innskattur hafi aðeins fengist frá dreginn að hluta.

Sérstakar ívilnanir vegna vistvænna ökutækja, bifhjóla, reiðhjóla o.fl.

Samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða við lög um virðisaukaskatt gilda ýmsar tímabundnar heimildir til að fella niður virðisaukaskatt af sölu eða innflutningi vistvænna ökutækja, sbr. eftirfarandi:

Sala rafmagns-, vetnis- eða tengiltvinnbifreiða

Við skattskylda sölu nýrrar rafmagns- eða vetnisbifreiðar er heimilt að undanþiggja frá skattskyldri veltu fjárhæð að hámarki 6.000.000 kr. til og með 30. júní 2020 og 6.500.000 kr. frá 1. júlí 2020 til og með 31. desember 2023. Á sama hátt er heimilt við skattskylda sölu nýrrar tengiltvinnbifreiðar að undanþiggja frá skattskyldri veltu fjárhæð að hámarki 4.000.000 kr. til og með 31. desember 2021 og 2.000.000 kr. frá 1. janúar til og með 31. desember 2022.

Við innflutning nýrrar rafmagns- eða vetnisbifreiðar er við tollafgreiðslu heimilt að fella niður virðisaukaskatt að hámarki 1.440.000 kr. til og með 30. júní 2020 og 1.560.000 kr. frá 1. júlí 2020 til og með 31. desember 2023. Á sama

hátt er heimilt við tollafgreiðslu tengiltvinnbifreiðar að fella niður virðisaukaskatt að hámarki 960.000 kr. til og með 31. desember 2021 og 480.000 kr. frá 1. janúar til og með 31. desember 2022.

Framangreint gildir einnig um innflutning og fyrstu sölu og endursölu notaðrar rafmagns-, vetnis- eða tengiltvinnbifreiðar enda sé ökutækið þriggja ára eða yngra á innflutningsdegi og söludegi miðað við fyrstu skráningu. Skilyrði undanþágu þessarar er að ökutæki sé skráð sem bifreið í ökutækjaskrá og falli undir vöruliði 8703 og 8704 í tollaskrá og að skráð losun tengiltvinnbifreiða á koltvísyrtingi samkvæmt NEDC-staðlinum nemi 40g eða minna á hvern ekinn kílómetra, 50g ef skráð losun er mæld samkvæmt NEDC- og WLTP-staðlinum og 50g ef mælt er eingöngu samkvæmt WLTP-staðlinum.

Heimild vegna hvernar gerðar fyrir sig getur þó fallið fyrir úr gildi, þ.e. frá og með sjötta virka degi næsta almanaksánaðar eftir að 15.000 bifreiðar af hverri gerð fyrir sig, sem notið hafa framangreindra ívilnana, hafa verið skráðar á ökutækjaskrá.

Rafmagns- eða vetnisbifhjóli

Við skattskylda sölu nýs rafmagns- eða vetnisbifhjól er skattaðila heimilt að undanþiggja frá skattskyldri veltu fjárhæð að hámarki 6.000.000 kr. á tímabilinu 1. janúar til og með 30. júní 2020 og að hámarki fjárhæð 6.500.000 kr. á tímabilinu 1. júlí 2020 til og með 31. desember 2023. Við innflutning nýs rafmagns- eða vetnisbifhjól er heimilt að fella niður virðisaukaskatt að hámarki 1.440.000 kr. frá 1. janúar til og með 30. júní 2020 og 1.560.000 kr. frá 1. júlí til og með 31. desember 2023.

Skilyrði fyrir þessari heimild er að bifhjólið sé skráð sem bifhjóli í ökutækjaskrá, sé eingöngu knúið rafmagn eða vetni og falli undir vöruliði 8703, 8704 eða 8711 í tollskrá. Heimild þessi gildir einnig við innflutning og fyrstu sölu notaðs rafmagns- eða vetnisbifhjól enda sé ökutækið þriggja ára eða yngra á innflutningsdegi eða söludegi miðað við fyrstu skráningu.

Létt bifhjóli eða reiðhjól sem knúið er rafmagn

Við skattskylda sölu á nýju léttu bifhjól eða reiðhjól sem knúið er rafmagn er heimilt að undanþiggja frá skattskyldri veltu fjárhæð að hámarki 400.000 kr. á tímabilinu 1. janúar 2020 til

og með 31. desember 2023. Á sama tímabili er við innflutning nýs rafmangreiðhjólís eða létts bifhjólís heimilt að fella niður virðisaukaskatt að hámarki 96.000 kr. Létt bifhjól og reiðhjól skulu falla undir vörulið 8711 í tollskrá. Létt bifhjól skal vera skráð sem slíkt í ökutækjaskrá.

Reiðhjól með stig- eða sveifarbúnaði

Við skattskylda sölu nýs reiðhjólís með stig- eða sveifarbúnaði er heimilt að undanþiggja frá skattskyldri veltu fjárhæð að hámarki 200.000 kr. á tímabilinu 1. janúar 2020 til og með 31. desember 2023. Á sama tímabili er við innflutning nýs reiðhjólís heimilt að fella niður virðisaukaskatt að hámarki 48.000 kr. Reiðhjól skal falla undir vöruliði 8711 eða 8712 í tollskrá.

Tilkynningarskylda

Skattskyldur aðili sem nýtir sér framangreindar heimildir ber samhliða skilum á virðisaukaskattsskýrslu að tilkynna ríkisskattstjóra á hverju uppgjörstímabili, á eyðublaði RSK 10.84, um að slík sala hafi átt sér stað.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna hleðslustöðva

Í tengslum við framangreindar ívilnanir er á tímabilinu 1. janúar 2020 til og með 31. desember 2023 heimilt að endurgreiða virðisaukaskatt vegna kaupa á hleðslustöð fyrir bifreiðar til uppsetningar í eða við íbúðarhúsnæði. Jafnframt er á sama tímabili heimilt að endurgreiða eigendum og byggjendum íbúðarhúsnæðis virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt af vinnu manna vegna uppsetningar hleðslustöðvar fyrir bifreiðar í eða við íbúðarhúsnæði.

Endurgreiðslan tekur til alls þess virðisaukaskatts sem greiddur hefur verið vegna kaupa og uppsetningar á hleðslustöð fyrir bifreiðar í eða við íbúðarhúsnæði. Hafi kaupandi fengið styrk frá opinberum aðilum vegna kaupa og/eða uppsetningar á hleðslustöð ber að gera grein fyrir því á umsókn um endurgreiðslu virðisaukaskatts þar sem samanlögð fjárhæð styrks eða styrkja og endurgreidds virðisaukaskatts má ekki vera hærrí en heildarfjárhæð vinnu við slíka uppsetningu eða kaup. Að öðru leyti gilda sömu reglur um þessar endurgreiðslur og gilda um endurgreiðslur vegna vinnu manna við nýbyggingu eða viðhald og endurbætur á íbúðarhúsnæði. Sjá nánar á bls. 38.

Aðrar tímabundnar ívilnanir

Til viðbótar framangreindum ívilnunum er útleiga á rafmagns-, vetnis- eða tengiltvinnbifreið að fullu undanþegin skattskyldri veltu á tímabilinu 1. júlí 2020 til og með 31. desember 2023 og gildir það jafnt um eignaleigu sem almenna útleigu. Jafnframt er við innflutning eða skattskylda sölu hópbifreiðar í almenningsakstri, sem eingöngu er knúin metani, metanóli, rafmagni eða vetni, heimilt að fella niður virðisaukaskatt af söluverði hennar eða telja það til undanþeginnar veltu á tímabilinu 1. janúar 2020 til og með 31. desember 2023 eða þar til samtals 120 bifreiðar af þessum toga hafa verið skráðar í ökutækjaskrá. Sama gildir við innflutning eða fyrstu sölu notaðrar hópbifreiðar í almenningsakstri að því tilskildu að ökutækið sé þriggja ára eða yngri á innflutningsdegi og söludegi miðað við fyrstu skráningu.

Leiðrétting innskatts af öflun varanlegra rekstrarfjármuna

Skattskyldum aðila er skylt að leiðrétta (bakfæra) innskatt eða er heimilt að leiðrétta innskatt til hækkunar ef breyting verður á

forsendum fyrir færslu innskatts af öflun varanlegra rekstrarfjármuna. Leiðrétting innskatts, hvort heldur er til hækkunar eða lækkunar, tekur til eftirtalinnna varanlegra rekstrarfjármuna:

- Lausafjármuna, svo sem farartækja, véla, tækja, áhalda og, innréttinga sem rýrna að verðmæti við eðlilega notkun eða aldur, enda nemi kaupverð (stofnverð) einstakrar eignar eða eignasamstæðu a.m.k. 250.000 kr. (án virðisaukaskatts).
- Mannvirkja, svo sem verslunar-, skrifstofu-, verksmiðju-, verkstæðis- og vörugæmslubygginga, gisti- og veitinga-húsa, útihúsa og ræktunar á bújörðum, gróðurhúsa, bryggja, dráttarbrauta, tanka, borhola, raflína og lagnamannvirkja. Leiðréttingarskyldan tekur til innskatts af efni, vinnu, tækja-notkun o.fl. vegna nýbyggingar, endurbyggingar og endurbóta, breytinga, viðgerða og viðhalds mannvirkja, enda sé samtals verðmæti þessara framkvæmda a.m.k. 500.000 kr. (án virðisaukaskatts).

Skylda til leiðréttingar innskatts (til lækkunar)

Í tilviki skyldu til leiðréttingar (bakfærslu) innskatts er skilað til baka hluta innskatts af öflun rekstrarfjármunar en skatt-aðili heldur eftir innskatti í réttu hlutfalli við tíma skattskyldra nota innan leiðréttingartímans. Það telst breyting á forsendum fyrir færslu innskatts í þessu sambandi þegar skattaðili naut fulls frádráttarréttar eða frádráttar að hluta þegar eign var keypt eða þegar verk var unnið, en eignin er síðar seld, leigð eða tekin til annarrar notkunar þar sem skattaðila ber enginn frádráttarréttur eða minni frádráttarréttur. Það telst einnig breyting á forsendu ef eignar var aflað fyrir starfsemi sem var virðisaukaskattsskyld við öflun eignarinnar en er síðar undanþegin virðisaukaskatti með lögum, enda þótt ekki sé um breytta notkun eignarinnar að ræða. Enn fremur telst það breyting á forsendu fyrir innskatti þegar vsk-ökutæki er breytt þannig að það uppfyllir ekki skilyrði varðandi þann innskatt sem færður hefur verið af öflun þess. M.ö.o. þegar eiginleikum bifreiðar er breytt þannig að önnur innskattsregla á við en áður.

Dæmi:

Sætum er komið fyrir í farmrými vsk-bifreiðar þannig að reglur um vsk-bifreiðar eiga ekki lengur við heldur innskattsbann. Hafi aðili talið til innskatts virðisaukaskatt af kaupum eða leigu vsk-bifreiðar en hún er síðar tekin til annarrar notkunar í framangreindum skilningi, ber honum að tilkynna ríkisskattstjóra skriflega um það áður en notkuninni er breytt. Jafnframt skal láta taka vsk-skráningarmarki af bifreiðinni og setja almennt í staðinn.

Þá ber að leiðrétta (bakfæra) innskatt vegna öflunar eigna, sem notaðar eru við blandaða starfsemi, ef hlutfall skattskyldrar notkunar lækkar um 10% eða meira frá því ári þegar eignar var aflað, eða frá fyrri leiðréttingu.

Niðurfelling leiðréttingarskyldu

Leiðréttingarskyldan fellur niður í eftirfarandi tilvikum:

- Þegar sala eða afhending rekstrarfjármuna telst til skattskyldrar veltu skattaðila.
- Þegar sala eða afhending rekstrarfjármunar telst til undanþeginnar veltu skattaðila.
- Þegar eign er seld nauðungarsölu eða ráðstafað skv. 4. mgr. 129. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.
- Þegar fasteign er leigð út og leigusali er skráður frjálstri skráningu. Leiðréttingarskyldan raknar þó við að loknum gildistíma frjálstrar skráningar.

Heimild til leiðréttingar innskatts (til hækkunar)

Í tilviki heimildar til hækkunar innskatts telst það breyting á forsendu fyrir færslu hans þegar skattaðili naut einskis eða hlutfallslegs innskattsréttar þegar eign var keypt eða þegar verk var unnið, en eignin er síðar tekin til annarrar notkunar þar sem skattaðila ber meiri innskattsréttur. Það telst einnig breyting á forsendu ef eignar var aflað fyrir starfsemi sem er undanþegin virðisaukaskatti við öflun eignarinnar en er síðar felld undir skattskyldusvið virðisaukaskatts með lögum, enda þótt ekki sé um breytta notkun eignarinnar að ræða.

Þá er skattaðila heimilt að leiðrétta til hækkunar innskatt vegna öflunar eigna sem notaðar eru við blandaða starfsemi, ef hlutfall skattskyldra nota af heildarnotkun eykst um 10% eða meira frá því ári þegar eignar var aflað eða frá fyrri leiðréttingu.

Leiðréttingartími og hlutfall leiðréttingar

Leiðrétting innskatts vegna öflunar lausafjármuna verður virk við breytingu á forsendum frádráttar á næstu fimm árum talið frá og með lokum yfirstandandi almenns tveggja mánaða uppgjörstímabils virðisaukaskatts þegar eignanna var aflað. Skylda til leiðréttingar innskatts vegna framkvæmda við mannvirki verður virk við forsendubreytingu á næstu tuttugu árum frá því að innskatturinn var færður, þ.m.t. innskattur sem kaupandi hefur yfirtekið leiðréttingarskyldu á, sbr. næsta kafla. Aftur á móti verður heimild skattaðila til að leiðrétta innskatt vegna framkvæmda við mannvirki virk við forsendubreytingu á næstu sex árum frá því að réttur til færslu innskatts stofnaðist að lögum. Hafi húsnæði í útleigu verið skráð frjálsri skráningu en hlé orðið á útleigu og eign staðið ónotuð í sex mánuði eða lengur telst sá tími ekki með þegar leiðréttingartíminn er reiknaður út.

Breytist notkun eignar innan sama uppgjörstímabils skattaðila og frádráttur innskatts fer fram nær leiðréttingarskylda til allrar fjárhæðarinnar sem dregin var frá sem innskattur. Breytist notkun síðar skal framreikna frádreginn innskatt samkvæmt byggingarvísitölu. Framreiknaða fjárhæð innskatts skal leiðrétta til lækkunar eða er heimilt að leiðrétta til hækkunar sem hér segir:

- Vegna lausafjármuna, um 80% á næsta ári eftir því ári þegar eignar var aflað, 60% á þar næsta ári og lækkar síðan um 20% árlega. Verði forsendubreyting á fyrsta almanaksári, um 96,67% á næsta tveggja mánaða uppgjörstímabili eftir að eignar var aflað, um 93,34% á því þar næsta og lækkar síðan um 3,33% fyrir hvert almennt tveggja mánaða uppgjörstímabil til loka almanaksársins.

- Vegna mannvirkja, um 95% á næsta ári eftir því ári þegar framkvæmd við mannvirki fór fram, 90% á þar næsta ári og lækkar síðan um 5% árlega. Verði forsendubreyting á fyrsta almanaksári, um 99,17% á næsta tveggja mánaða almenna uppgjörstímabili eftir að framkvæmd við mannvirki fór fram, um 98,34% á þar næsta almenna tveggja mánaða uppgjörstímabili og lækkar síðan um 0,83% fyrir hvert almennt tveggja mánaða uppgjörstímabil til loka almanaksársins.
- Við leiðréttingu innskatts vegna öflunar eigna sem notaðar eru við blandaða starfsemi, þ.e. ef hlutfall skattskyldra nota af heildarnotkun hækkar eða lækkar um 10% eða meira frá því ári þegar eignar var aflað eða frá fyrri leiðréttingu, skal leiðrétting vegna hvers einstaks almanaksárs nema 1/5 að því er varðar lausafjármuni en 1/20 að því er varðar mannvirki af framreiknaðri fjárhæð virðisaukaskatts til leiðréttingar.

Leiðréttingarfjárhæð skal færa á innskattsreikning á því uppgjörstímabili virðisaukaskatts þegar leiðrétting á sér stað.

Yfirtaka leiðréttingarskyldu - tilkynningarskylda

Við kaup mannvirkis getur kaupandi yfirtekið leiðréttingarskyldu vegna eftirstöðva tímabils að því leyti sem hann hefur frádráttarrétt vegna eignarinnar. Seljanda ber þó að leiðrétta innskatt að því leyti sem frádráttarréttur kaupanda er minni en seljanda. Að öðru leyti fellur leiðréttingarskylda seljanda niður.

Þegar eignayfirfærsla á fasteign, vélum eða öðrum rekstrarfjármunum á sér stað í sambandi við eigendaskipti á fyrirtæki eða hluta þess, innan leiðréttingartímans, getur kaupandi, sem hefur minnst sama frádráttarrétt vegna rekstrarfjármunanna og seljandi hafði við öflun þeirra, yfirtekið alla leiðréttingarskylduna vegna eftirstöðva tímans. Sé frádráttarréttur kaupanda minni en seljanda, getur kaupandi yfirtekið leiðréttingarskylduna hlutfallslega miðað við frádráttarréttinn. Skal seljandi þá standa skil á þeirri leiðréttingarskyldu sem ekki er yfirtekinn.

Seljandi og kaupandi skulu sameiginlega tilkynna ríkisskattstjóra um yfirtöku kaupanda á leiðréttingarskyldunni innan átta daga frá því viðskiptin áttu sér stað. Í tilkynningu ber að tilgreina fjárhæð þess innskatts sem leiðréttingarskyldan tekur til, greinda niður á þau ár og uppgjörstímabil virðisaukaskatts þegar innskatturinn var færður. Ef við á ber að tilgreina í hvaða hlutfalli kaupandi yfirtekur leiðréttingarskylduna og í hvaða hlutfalli hún kemur til leiðréttingar hjá seljanda. Með tilkynningunni skal fylgja sérstök yfirlýsing kaupanda um yfirtöku hans á leiðréttingarskyldu.

Framtal og skil á virðisaukaskatti

— reglugerð nr. 667/1995 —

Almennt

Í þessum kafla er fjallað um hvernig skilum á virðisaukaskatti skuli háttað. Rafræn skil (vefskil) er meginregla í þeim efnum en með því er átt við að virðisaukaskattskýrslur eru sendar rafrænt til skattyfirvalda, m.a. um þjónustuvef Skattsins (*skattur.is*). Greiðsla fer svo fram rafrænt í vefbanka. Sérstaklega er fjallað um rafræn skil á bls. 34-35.

Uppgjörstímabil og gjalddagar

Virðisaukaskatt á að gera upp fyrir fyrirfram ákveðin uppgjörstímabil. Meginreglan er sú að hvert uppgjörstímabil taki til tveggja mánaða en frá þeirri reglu eru veigamiklar undantekningar eins og gerð er grein fyrir hér á eftir.

Almennt uppgjörstímabil

Almenna reglan um uppgjörstímabil virðisaukaskatts er að hvert tímabil er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Þeir sem ekki eiga að gera upp virðisaukaskatt sinn samkvæmt reglum um lengri eða skemmri uppgjörstímabil skulu gera hann upp samkvæmt almennu reglunni. Um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sameignarfélag gildir sú regla við nýskráningu að þau skulu gera upp virðisaukaskatt á tveggja mánaða fresti. Einstaklingar með reiknað endurgjald (samkvæmt tilkynningu) 200.000 kr. eða hærra á mánuði geta óskað eftir því við nýskráningu að gera upp virðisaukaskatt á tveggja mánaða fresti.

Ársskil

Einstaklingum með reiknað endurgjald lægra en 200.000 kr. á mánuði og öðrum en þeim aðilum sem taldir eru upp hér á eftir er við nýskráningu gert að gera virðisaukaskatt upp árlega. Samhliða tilkynningu um breytingar á reiknuðu endurgjaldi, þannig að það nái 200.000 kr. á mánuði, geta einstaklingar óskað eftir því að gera upp virðisaukaskatt á tveggja mánaða fresti. Eftirtaldir aðilar eru ekki settir í ársskil við nýskráningu:

- Þeir sem eru með 200.000 kr. í reiknað endurgjald og óska eftir því við skráningu að fara í tveggja mánaða skil.
- Hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sameignarfélag.
- Þeir sem hafa frjálsa eða sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign.
- Þeir sem fá fyrirfram skráningu eða skráningu gegn tryggingu.
- Þeir sem hafa yfirtekið rekstur, ef seljandi var ekki í ársskilum. Sama gildir um þrotabú. Þessi regla á aðeins við í byrjun, þ.e. á því ári sem yfirtaka verður (eða skipti hefjast).
- Þeir sem eru að endurhefja starfsemi ef þeir voru áður á virðisaukaskattsskrá vegna sömu eða sams konar starfsemi og voru þá í tveggja mánaða skilum. Þessi regla á aðeins við í upphafi, þ.e. á því ári sem verið er að endurhefja rekstur.
- Þeir sem stunda landbúnað eða nytjaskógrækt.
- Þeir sem hafa fengið heimild til skemmri skila.
- Þeir sem skráðir eru tímabundið.
- Umboðsmenn erlendra aðila.

Ef sala í virðisaukaskattsskyldri starfsemi hjá ársskilaaðila nær 4.000.000 kr. (án vsk.) innan almanaksársins þá ber honum að tilkynna ríkisskattstjóra um það og gera upp skattinn á næsta gjalddaga tveggja mánaða uppgjörstímabila. Til þess notar hann eyðublaðið „Leiðréttingarskýrsla virðisaukaskatts“ (RSK 10.26). Ástæða þessarar tilkynningarskyldu er sú að þá teljast forsendur fyrir ársskilum brostnar og því á hin virðisaukaskattsskylda starfsemi að flytjast í tveggja mánaða skil.

Almennt gildir að þeir sem eru með umfangslítinn rekstur, þ.e. veltu vegna sölu á virðisaukaskattsskyldum vörum og þjónustu undir 4.000.000 kr. á almanaksári, gera upp virðisaukaskatt einu sinni á ári. Virðisaukaskattsskyldum aðila ber því að gera upp samkvæmt ársskilareglum enda þótt hann hafi byrjað í tveggja mánaða skilum við nýskráningu, reynist velta hans á almanaksári undir framangreindum fjárhæðarmörkum. Þó skal aðili ekki færast í ársskil ef reiknað endurgjald eða meðallaun sem greidd hafa verið samkvæmt skilagreinum staðgreiðslu eru 200.000 kr. eða hærra á mánuði. Þess ber þó að gæta að reglan um breyttan skilamáta á grundvelli veltu á ekki við um eftirtalda aðila:

- Þá sem stunda landbúnað eða nytjaskógrækt.
- Þá sem hafa fengið heimild til skemmri skila.
- Þá sem skráðir eru tímabundið.
- Þá sem hafa frjálsa eða sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign.
- Umboðsmenn erlendra aðila.

Hætti aðili í ársskilum starfsemi getur hann valið um það hvort hann gerir upp virðisaukaskatt viðkomandi árs á gjalddaga þess almenna (tveggja mánaða) uppgjörstímabils sem yfir stendur þegar starfsemi lýkur eða hvort hann gerir skattinn upp á gjalddaga ársskila.

Skemmri uppgjörstímabil

Fyrirtæki geta fengið heimild ríkisskattstjóra til þess að nota hvern almanaks mánuð sem uppgjörstímabil ef útskattur er að jafnaði lægri en innskattur vegna þess að verulegur hluti af sölu fyrirtækisins er undanþeginn skattsskyldri veltu. Þetta á t.d. við um útflutningsfyrirtæki. Sama gildir um fyrirtæki sem selja vöru og þjónustu í 11% skatthlutfalli en meiri hluti aðfanga þeirra vegna framleiðslu eða aðvinnslu ber virðisaukaskatt í 24% skatthlutfalli.

Beiðni um skemmra uppgjörstímabil verður að hafa borist ríkisskattstjóra a.m.k. einum mánuði fyrir gildistöku væntanlegrar breytingar. Fá aðili heimild til að breyta uppgjörstímabili gildir breytingin í a.m.k. tvö ár.

Sérstök mánaðarskil

Skattaðili sem hefur verið felldur af virðisaukaskattsskrá og sem er skráður að nýju skal gera upp mánaðarlega í a.m.k. tvö ár frá því tímabili þegar skráning hefst að nýju.

Sama á við um nýskráningu eða endurskráningu aðila ef skattaðili sjálfur, eigandi, framkvæmdastjóri eða stjórnandi, sé um félag að ræða, hefur orði gjaldþrota á næstliðnum fimm árum fyrir skráningu á virðisaukaskattsskrá. Hafi skattaðili gert fullnægjandi skil á þessu tímabili skal hann að því loknu nota almennt uppgjörstímabil.

Tímabundið uppgjörstímabil

Sá sem hefur tímabundið með höndum skattskylda starfsemi getur fengið heimild ríkisskattstjóra til að nota sérstakt uppgjörstímabil sem tekur til þess tímabils sem starfsemi varir. Þetta getur t.d. átt við um stjórnáttakamtök eða íþróttafélög sem hafa með höndum tímabundna skattskylda vörusölu í fjáröflunarskyni, s.s. sölu úr sölutjöldum á þjóðhátíðardegi eða sölu jólatrjáa eða flugelda á jólum. Tímabundið uppgjörstímabil getur hið skemmsta verið einn almanaxsmánuður og lengst tveir almanaxsmánuðir.

Skil til bráðabirgða (innskattur)

Samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 563/1989 geta fiskvinnslufyrirtæki fengið heimild ríkisskattstjóra til að skila sérstakri bráðabirgðaskýrslu sem tekur til innskatts af hráefni til fiskvinnslu. Uppgjörstímabil bráðabirgðaskýrslu er ein vika (mánudagur til sunnudags). Við reglulegt uppgjör (tveggja mánaða skil) skal fiskvinnslufyrirtæki færa á virðisaukaskattsskýrslu útskatt sinn en eingöngu þann innskatt sem bráðabirgðaskýrslur taka ekki til.

Pá geta sláturleyfishafar fengið heimild ríkisskattstjóra til að skila á ári hverju fimm sérstökum bráðabirgðaskýrslum vegna innskatts af innlögðum sauðfjárafurðum. Uppgjörstímabil bráðabirgðaskýrslu er frá 1. september til og með 15. september, 16. september til og með 30. september, 1. október til og með 15. október, 16. október til og með 31. október og frá 1. nóvember til og með 15. nóvember. Við reglulegt uppgjör skal sláturleyfishafi færa á virðisaukaskattsskýrslu útskatt sinn en eingöngu þann innskatt sem bráðabirgðaskýrsla tekur ekki til.

Ríkisskattstjóri skal afgreiða þessar bráðabirgðaskýrslur án ástæðulauss dráttar.

Sérreglur um landbúnað

Uppgjörstímabil bænda og annarra sem stunda landbúnað er sex mánuðir, janúar til júní og júlí til desember. Sama gildir um þá sem stunda nytjaskógrækt. Ríkisskattstjóri getur heimilað þeim sem stunda landbúnað aukauppgjör á virðisaukaskatti (útskatti og innskatti) ef í ljós kemur að þeir eiga kröfu á verulegri endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna kaupa á fjárfestingar- og rekstrarvörum. Aðilar sem stunda landbúnað geta einnig fengið heimild ríkisskattstjóra til að nota almenn uppgjörstímabil.

Dæmi 16: Virðisaukaskattsskýrsla

Um gjalddaga

Gjalddagi virðisaukaskatts er einum mánuði og fimm dögum eftir lok hvers almenns eða skemmra uppgjörstímabils. Til dæmis er 5. apríl gjalddagi vegna uppgjörstímabilsins janúar og febrúar. Ef gjalddagi virðisaukaskatts ber upp á helgidag eða almennan frídag færist hann á næsta virkan dag þar á eftir.

Dæmi:

Gjalddagi vegna uppgjörstímabilsins mars-apríl 2022 er 7. júní þar sem 5. og 6. júní ber upp á helgidaga.

Gjalddagi vegna ársskila er 5. febrúar ár hvert vegna viðskipta ársins á undan. Frestur til að skila skattframtali til tekjuskatts breytir ekki gjalddaga virðisaukaskatts. Hafi forsenda ársskila breyst er gjalddagi ekki lengur gjalddagi ársskila (5. febrúar), heldur hefur hann breyst í gjalddaga almennra uppgjörstímabila. Gjaldagi vegna sérstakra mánaðarskila er 15 dögum eftir að uppgjörstímabili lýkur.

Gjalddagi vegna landbúnaðar og nytjaskógræktar er tvisvar á ári, þ.e. 1. september vegna fyrri hluta árs og 1. mars vegna síðari hluta árs. Enginn sérstakur eindagi er á virðisaukaskatti. Gjaldagi og eindagi er einn og sami dagurinn.

Virðisaukaskattsskýrsla

Skil á virðisaukaskatti skulu vera rafræn. Virðisaukaskattsskýrslu ber að skila rafrænt til ríkisskattstjóra á því formi sem hann ákveður eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils. Þeir sem koma nýir á virðisaukaskattsskrá fá úthlutað veflykli til rafrænna skila en einnig er hægt að sækja um rafræn skil á þjónustuvef Skattsins, *skattur.is*. Það er gert með því að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum eða varanlegum aðalveflykli og undir liðnum Vefskil er boðið upp á að sækja um rafræn skil með einum smelli. Umsækjandi fær þá veflykil fyrir virðisaukaskatt sem er virkur strax við úthlutun. Virðisaukaskattsskýrslu er síðan skilað um þjónustuvefinn og þar eru einnig leiðbeiningar um útfyllingu einstakra liða skýrslunnar og um greiðslu. Einnig er hægt að skila skýrslum rafrænt beint úr þeim bókhaldskerfum sem bjóða upp á rafræn skil. Hægt er að skila rafrænt greiðslu-, inneignar- og núllskýrslum.

Eftirtaldir upplýsingar eiga að koma fram á virðisaukaskattsskýrslu eftir því sem við á:

Skila skýrslu - þrep 1 af 3

Vinsamlegast fyllið út liði A til E eins og form þetta gefur til kynna [Færa inn tapaðar viðskiptakröfur](#)

| Upplýsingar | Skýrslufjárhæðir |
|---|--|
| VSKnr. 99501 Gjalddagi: 05.08.2021 Uppgjörstímabil 2021-24 (maí-jún) | A Skattskyld velta án VSK í 24,0% þrepi 300.000 |
| Starfsemi: 47890 Smásala á öðrum vörum úr söluvögnum og á mörkuðum | B Skattskyld velta án VSK í 11% þrepi 700.000 |
| Skilamátí: 10 Tveggja mánaða skil Sveitarfélag: 1400 | C Undanþegin velta s.s. útfutningur |
| Kennitala - nafn - heimili - pósthóð rekstraraðila 999968-8869 Matarkaup hf. Strandgötu 202 220 Hafnarfjörður | D Útskattur 149.000 |
| Móttakandi: Skatturinn | E Innskattur 100.000 |
| Dagselning: 19.1.2022 | F Álagning 49.000 |
| | G Álag á vangreiddan VSK 0 |
| | H Til greiðslu 49.000 |

Reitur A Skattskyld velta án VSK í 24% skatthlutfalli. Í þennan reit skal eingöngu færa skattskylda veltu sem fellur undir skattskyldu í 24% skatthlutfalli. Fjárhæðin færist án virðisaukaskatts.

Reitur B Skattskyld velta án VSK í 11% skatthlutfalli. Í þennan reit skal eingöngu færa skattskylda veltu sem fellur undir skattskyldu í 11% skatthlutfalli. Fjárhæðin færist án virðisaukaskatts.

Reitur C Undanþegin velta. Hér er aðeins átt við útlutning og aðra sölu sem ber „núllskatt“ (sjá bls. 23-24). Ekki skal færa í þennan reit upplýsingar um undanþegna starfsemi, skaðabætur eða hreina styrki.

Reitur D Samtals útskattur á uppgjörstímabilinu.

Reitur E Samtals innskattur á uppgjörstímabilinu.

Reitur F Álagning. Hér færist mismunur útskatts samkvæmt reit D og innskatts samkvæmt reit E.

Reitur G Álag. Ef greitt er eftir gjalddaga virðisaukaskatts er best að standa skil á lögbundnu álagi jafnframt greiðslu virðisaukaskattsins, vilji aðili komast hjá greiðslu frekara álags og/eða dráttarvaxta. Reiturinn er einungis til hægðarauka fyrir gjaldanda og útfylling ræðst því af vilja skattaðila sjálfs.

Reitur H Samtala. Hér færist samtala álagningar samkvæmt reit F og álags samkvæmt reit G. Séu fullnægjandi skil gerð á gjalddaga eða fyrir á fjárhæð í reit H að vera sú sama og í reit F. Ef samtala er jákvæð, þ.e. til greiðslu, skal merkja við í reitinn „Til greiðslu“. Ef samtala er neikvæð, þ.e. inneign, skal merkja við í reitinn „Inneign“. Ekki skal rita formerki í tölureit.

Skil á virðisaukaskatti

Greiðsla virðisaukaskatts fer fram rafrænt í vefbanka. Við rafræn skil á greiðsluskýrslu stofnast samstundis krafa í kröfupotti reiknistofu banka og sparisjóða. Kröfuna sækir svo greiðandi í vefbanka sinn þegar hann vill greiða hana. Kröfuna er hægt að greiða í vefbanka til kl. 21 á gjalddaga en til kl. 16:15 ef greiðsla er 10.000.000 kr. eða hærri. Sé krafa ekki greidd á gjalddaga er hún uppreiknuð með álagi sem er 1% á dag í 10 daga talið frá gjalddaga og verður því eigi hærra en 10%.

Áriðandi er að virðisaukaskattsskýrslu sé skilað þótt rekstur liggja niðri um skeið og skattskyld velta sé engin. Berist skýrsla (núllskýrsla) ekki, áætlað ríkisskattstjóri virðisaukaskatt viðkomandi tímabils. Ef rekstri er hætt ber að afskrá aðila af virðisaukaskattsskrá, sbr. leiðbeiningar þar um á bls. 11.

Krafa finnst ekki í heimabanka

Ef krafa finnst ekki í heimabanka eða ef erfitt reynist að greiða virðisaukaskattinn rafrænt er hægt að greiða með millifærslu á eftirgreint reikningsnúmer:

Banki: 0101
Höfuðbók: 26
Reikningsnúmer: 85002
Kennitala: 540269-6029

Senda þarf kvittun á netfangið 85002@skatturinn.is með kennitölu skattaðila, virðisaukaskattsnúmeri, uppgjörstímabili og ári í skýringu.

Leiðréttingarskýrsla virðisaukaskatts

Ef í ljós kemur að leiðrétta þarf stakt uppgjörstímabil, svo sem ef aðili hefur sætt áætlun eða ef leiðrétta þarf fyrri skil af öðrum ástæðum, skal senda leiðréttingu rafrænt á þjónustuvef Skattsins, skattur.is. Leiðréttingu vegna fyrri uppgjörstímabila

skal einnig senda rafrænt allt þar til skilað hefur verið skattframtali fyrir viðkomandi rekstrarár. Það gildir þó ekki hafi skýrslu verið skilað á pappírformi. Aftur á móti ber að nota leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts (RSK 10.26) vegna forsendubreytingar ársskila og/eða vegna leiðréttinga sem gerðar eru við árssundurliðun við framtalsskil (sjá umfjöllun á bls. 36).

Leiðréttingar af þessum toga, þ.m.t. leiðréttingarskýrslu RSK 10.26, ber að skila til Skattsins jafnskjótt og upplýsist um þörf á að leiðrétta fyrri uppgjör. Hafi innskattur að hámarki 100.000 kr. verið vantalinn á einhverju uppgjörstímabili, s.s. vegna mistaka, er þó heimilt að leiðrétta hann með skilum á skýrslu fyrir það tímabil þegar það uppgötvast, þó ekki seinna en með skilum á skýrslu fyrir síðasta uppgjörstímabil viðkomandi rekstrarárs. Þá skal jafnframt standa skil á vangreiddum skatti til innheimtumans ríkissjóðs.

Endurgreiðsla inneignar

Ef samanlagður innskattur er hærri en samanlagður útskattur á einhverju uppgjörstímabili endurgreiðir ríkissjóður mismuninn. Skilyrði endurgreiðslu inneignar er að álagning virðisaukaskatts á fyrri uppgjörstímabili, einu eða fleiri, sé ekki byggð á áætlun. Áréttað skal að frestur á skilum skattframtals vegna tekjuskatts breytir ekki gjalddaga aðila í ársskilum á virðisaukaskatti. Telji ríkisskattstjóri að svo stöddu ekkert athugasvert við skýrsluna á endurgreiðsla að fara fram innan tuttugu og eins dags frá lokum skilafrests uppgjörstímabilsins. Sé um að ræða skýrslu vegna skemmdra uppgjörstímabilsins fer endurgreiðsla fram innan 21 dags frá því að skýrsla barst Skattinum, enda sé ekkert athugasvert við skýrsluna.

Ógreiddum virðisaukaskatti vegna fyrri uppgjörstímabila og öðrum ógreiddum opinberum gjöldum til ríkissjóðs verður skuldajafnað á móti endurgreiðslu. Um sérstakar endurgreiðslur til einstakra aðila vísast til umfjöllunar á bls. 38.

Vanskil

Áætlun ef skýrslu er ekki skilað

Ávallt skal skila virðisaukaskattsskýrslu til innheimtumans eða Skattsins í síðasta lagi á gjalddaga, jafnvel þótt framteljanda beri ekki að greiða neinn virðisaukaskatt. Eins er rétt að skila skýrslu þótt aðili geti ekki greitt skattinn. Ríkisskattstjóri áætlað virðisaukaskatt þeirra aðila sem ekki senda fullnægjandi skýrslu innan tilskilins tíma.

Berist virðisaukaskattsskýrsla eftir að skattaðili hefur sætt áætlun skal ríkisskattstjóri leggja á hann gjald að fjárhæð 5.000 kr. fyrir hverja virðisaukaskattsskýrslu sem hefur ekki verið skilað innan tilskilins tíma. Fella má niður gjaldið ef skattaðili færir gildar ástæður sér til málsbóta að mati ríkisskattstjóra.

Álag og dráttarvextir

Ef ekki er greitt í síðasta lagi á gjalddaga reiknast álag á vangreiddan skatt. Álagið er 1% af vangreiddri fjárhæð fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga. Það verður þó ekki hærra en 10%. Álag reiknast einnig ef virðisaukaskattsskýrslu hefur ekki verið skilað eða hefur verið ábótavant og virðisaukaskattur því áætlaður. Jafnframt reiknast álag ef í ljós kemur að endurgreiðsla hefur verið of há. Sé virðisaukaskattur ekki greiddur innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Sama gildir ef endurgreiðsla hefur verið of há eða ef virðisaukaskattur er endurákvæður til hækkunar.

Fella má niður álag og/eða dráttarvexti ef aðili færir gildar ástæður sér til málsbóta. Skattýfirvöld meta í hverju tilviki hvað telja skuli gildar ástæður. Er þá fyrst og fremst horft til þess hvort utanaðkomandi og óviðráðanleg ytri atvik, sem aðili ber ekki ábyrgð á, hafi valdið greiðsluáætlun.

Stöðvun atvinnurekstrar vegna vanskila

Innheimtumanni ríkissjóðs er skylt að innheimta allar kröfur. Hann getur látið lögreglu stöðva atvinnurekstur þeirra aðila, sem ekki gera fullnægjandi skil á skattinum, álagi eða dráttarvöxtum á tilskildum tíma, með því m.a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli þar til fullnægjandi skil eru gerð. Til að koma í veg fyrir íþyngjandi innheimtuaðgerðir er bent á að hafa samband við innheimtumann og kanna möguleika á gerð greiðsluáætlunar.

Árssundurliðun og uppgjör

Samanburðarskýrsla virðisaukaskatts

Peir sem stunda virðisaukaskattsskylda starfsemi skulu að liðnu rekstrarári fylla út samanburðarskýrslu virðisaukaskatts

(árssundurliðun vegna rekstrar (RSK 10.25)) og senda hana til Skattsins með skattframtali viðkomandi árs. Þess er þó ekki þörf ef notað er skattframtal rekstraraðila (RSK 1.04) við tekjuskattsuppgjör, því þá kemur árssundurliðunin fram í framtalinu sjálfu.

Ef fram kemur mismunur á innsendum virðisaukaskattsskýrslum annars vegar og bókhaldi og ársreikningi hins vegar ber að skila leiðréttingarskýrslu (RSK 10.26) og greiða þann skatt sem vangoldinn kann að vera.

Blönduð starfsemi - sérstakt afstemmingarblað

Sérstakt eyðublað (RSK 10.27) er til nota fyrir þá sem hafa með höndum blandaða starfsemi og skipta virðisaukaskatti af sameiginlegum innkaupum í hlutfalli við veltu. Eyðublaðið er til nota til afstemmingar á innskattsfrádrætti ársins. Niðurstöðutölu eyðublaðsins skal færa á virðisaukaskattsskýrslu fyrir nóvember-desember, sem skila skal á venjulegan hátt. Afstemmingarblaðinu skal skilað til Skattsins í síðasta lagi með skattframtali viðkomandi árs

Ýmsan fróðleik um rafræn skil á virðisaukaskatti má m.a. finna á upplýsingavef Skattsins, www.skatturinn.is, undir liðnum [atvinnurekstur/rafaen-skil/virdisaukaskattur/](#).

Vefskil virðisaukaskatts á skattur.is

Almennt ▾ Framtal ▾ **Vefskil** ▲ Samskipti ▾  Árni Jónsson ▾

| | | | |
|--|--|--|---|
| Staðgreiðsla <ul style="list-style-type: none">Skila skýrsluSkoða eldri skýrsluSækja vistaða skýrsluBakfæra skýrsluLes inn XML skýrsluTölvupósturReiknivélFjársýsluskattur | Virðisaukaskattur <ul style="list-style-type: none">Skila skýrsluSkoða eldri skýrslurViðbótargögnLeiðréttu skýrsluTölvupóstur | Gagnaskil <ul style="list-style-type: none">YfirlitSkrá upplýsingarLes inn textaskrá (LS)Les inn XML skráSkoða nafnalistaSkoða bifreiðalistaTalningarStaðgreiðslusamanburður | Fjármagnstekjuskattur <ul style="list-style-type: none">Skrá skilgreinYfirlitEldri skil: YfirlitUndanþegnir |
| Gistináttaskattur <ul style="list-style-type: none">StofnskráSkrá skilgreinYfirlit | Ársreikningaskrá RSK <ul style="list-style-type: none"> Skil ársreiknings | Takmörkuð skattskylda <ul style="list-style-type: none">Skráning RSK 5.41Skoða skilgreinar RSK 5.41 | Peningaþvætti <ul style="list-style-type: none">Könnun peningaþvættis |



Virðisaukaskattur af innflutningi

Almennt

Við innflutning á vöru ber að greiða virðisaukaskatt ásamt tollum, vörugjöldum og eftir atvikum ýmsum öðrum gjöldum sem kunna að leggjast á við innflutning vöru til landsins. Samnefni þessara gjalda er aðflutningsgjöld. Í samræmi við ákvæði tollskrár, sem hefur lagagildi á Íslandi, er meginreglan sú að greiða ber aðflutningsgjöld við innflutning á öllum vörum til landsins nema annað sé tekið fram í tollskrá eða lögum. Gjöld á vörur eru mismunandi há eftir vörutegund. Sjá nánar í tollalögum nr. 88/2005 og í IX. kafla laga um virðisaukaskatt. Fjallað er um kaup á virðisaukaskattsskyldri þjónustu erlendis frá á bls. 9.

Við útflutning er almenna reglan sú að sá sem flytur vöru frá landinu þarf ekki að greiða af henni virðisaukaskatt eða gjöld nema annað sé ákveðið í lögum eða reglugerð en sala vöru úr landi telst til undanþeginnar veltu, sbr. bls. 23-24. Nánari upplýsingar fyrir þá sem stunda inn- eða útflutning í atvinnuskyni er að finna á upplýsingavef Skattsins, skatturinn.is/atvinnurekstur/tollamal.

Álagning

Við tollafgreiðslu á Íslandi eru lögð á vöruna gjöld samkvæmt tollskrá. Þessi gjöld eru mismunandi eftir því um hvaða vöru er að ræða og í hvaða tollskrárnúmer hún flokkast. Virðisaukaskattur sem leggst á vörur er 24% nema um sé að ræða vörur í lægra skatthlutfallinu sem er 11%, t.d. bækur, tímarit eða ýmis matvæli, sbr. bls. 5.

Gjöld sem greiða þarf við innflutning reiknast af tollverði vörunnar, þ.e. samanlagt verð vörunnar, flutningskostnaður, tryggingakostnaður og allur annar kostnaður sem leggst á verð vörunnar erlendis og á leið til landsins. Við innflutning á vöru skal virðisaukaskattur innheimtur af tollverði vöru að viðbættum tolli og öðrum gjöldum sem á eru lögð við tollmeðferð.

Tollverð og aðflutningsgjöld eru reiknuð út samkvæmt upplýsingum á innsendri og útfylltri aðflutningskýrslu af hálfu innflytjanda eða umboðsmanni hans.

Undanþágur

Sumar vörur eru undanþegnar virðisaukaskatti við innflutning þó greiða þurfi af þeim önnur gjöld og á upplýsingavef Skattsins má finna lista yfir ýmsar undanþágur vegna greiðslu aðflutningsgjalda, skatturinn.is/atvinnurekstur/tollamal/innflutningur/undanthagur.

Með því að setja yfirlýsingu um undanþágu á aðflutningskýrslu er innflytjandi að lýsa því yfir að hann sæki um undanþágu aðflutningsgjalda af tiltekinni vöru í vörusendingu samkvæmt þeim heimildum sem undanþágutílvísun nær til.

Greiðslufyrirkomulag

Ekki má afhenda vöru nema aðflutningsgjöld hafi verið staðgreidd eða skuldfærð. Aðilar sem ekki njóta heimildar til greiðslufrests í tolli þurfa að staðgreiða með millifærslu á bankareikning Skattsins sem birtur er á upplýsingavef embættisins, skatturinn.is/innheimta/bankareikningar.

Aðilar sem skráðir eru á virðisaukaskattsskrá skulu þó njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum ef þeir eru í skilum við ríkissjóð. Réttur til greiðslufrests tekur til aðflutningsgjalda af vörum sem eru fluttar inn í atvinnuskyni.

Uppgjörstímabil, gjalddagar og eindagar

Pegar greiðslufrestur er veittur er hvert uppgjörstímabil tolls og annarra aðflutningsgjalda tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október og nóvember og desember.

Gjalddagi og eindagi er sá sami, þ.e. 15. dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Beri lögbundinn gjalddaga upp á helgidag færist gjalddagi á næsta virka dag. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga.

Heimilt er að stöðva tollafgreiðslu innflytjanda ef hann er í vanskilum með aðflutningsgjöld, dráttarvexti og annan kostnað.

Heimild til að fresta gjalddaga skuldfærðs virðisaukaskatts

Skattinum er heimilt, á grundvelli umsóknar, að fresta gjalddaga skuldfærðs virðisaukaskatts fram að uppgjöri virðisaukaskatts fyrir sama uppgjörstímabil (sjá bls. 33) enda sé aðili að jafnaði með lægri útskatt en innskatt þar sem verulegur hluti veltunnar er undanþeginn virðisaukaskatti samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988.

Frestun gjalddaga skuldfærðs virðisaukaskatts er einnig heimil, á grundvelli umsóknar, vegna innflutnings aðila á vörum sem verða nýttar við samningsbundna uppbyggingu varanlegra rekstrarfjármuna sem notaðir verða til að afla tekna í atvinnurekstri.

Frestun gjalddagans á einungis við um virðisaukaskattinn en greiða þarf tolla og önnur gjöld á réttum gjalddögum.

Endurgreiðslur virðisaukaskatts

Almennt

Í virðisaukaskattslögum er að finna ýmis sérákvæði um sérstakar endurgreiðslur virðisaukaskatts og er fjallað nánar um þær hér á eftir. Með sérstökum endurgreiðslum virðisaukaskatts er átt við aðrar endurgreiðslur skattsins en þær sem skattaðilar geta fengið ef innskattur þeirra er hærrí en útskattur á tilteknu tímabili. Ekki er hægt að sækja um sérstakar endurgreiðslur lengra aftur í tímann en sex ár talið frá því að endurgreiðsluréttur stofnaðist. Skilyrði endurgreiðslu er m.a. að seljandi viðkomandi vöru eða þjónustu sé skráður á virðisaukaskattsskrá þegar viðskiptin eiga sér stað.

Íbúðarhúsnæði

Eigendum íbúðarhúsnæðis er endurgreiddur hluti eða 60% af þeim virðisaukaskatti sem þeir hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað vegna nýbygginga, endurbóta og viðhalds. Þó er heimilt endurgreiða allan virðisaukaskatt (100%) vegna kaupa á varmadælu til upphitunar íbúðarhúsnæðis. Einnig er heimilt, tímabundið frá 1. janúar 2020 til og með 31. desember 2023, að endurgreiða allan virðisaukaskatt (100%) vegna kaupa og uppsetningar hleðslustöðvar fyrir bifreiðar í eða við íbúðarhúsnæði, sbr. nánar á bls. 31. Þeim sem flytja inn verksmíðjuframleidd íbúðarhús eða framleiða þau í verksmíðu hér á landi er einnig endurgreiddur ákveðinn hluti virðisaukaskatts. Aðeins má endurgreiða byggingaraðila sem er virðisaukaskattsskyldur og byggir íbúðarhúsnæði til sölu eða leigu að hann hafi staðið skil á virðisaukaskattsskýrslu fyrir sama tímabil og endurgreiðslubeiðni hans tekur til og skal endurgreiðslunni skuldajafnað á móti álögðum virðisaukaskatti sama tímabils. Skatturinn afgreiðir endurgreiðslubeiðnir þessar. Sjá nánar í reglugerð nr. 449/1990, sbr. eyðublöð RSK;

- 10.16 (sala á verksmíðjuframleiddum íbúðarhúsum).
- 10.17 (endurgreiðsla til byggingaraðila vegna vinnu á byggingarstað við nýbyggingu, endurbætur eða viðhald á íbúðarhúsnæði).

- 10.18 (endurgreiðsla vegna aðkeyprar vinnu verktaka við endurbætur eða viðhald íbúðarhúsnæðis til eigin nota). Skila ber beiðninni rafrænt á þjónustuvef Skattsins, *skattur.is*.
- 10.19 (endurgreiðsla vegna aðkeyprar vinnu verktaka við nýbyggingu á íbúðarhúsnæði til eigin nota). Skila ber beiðninni rafrænt á þjónustuvef Skattsins.

Opinberir aðilar

Ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra fá endurgreiddan virðisaukaskatt sem þau greiða af innflutningi eða kaupum á tilteknum aðföngum, svo sem sorphreinsun, ræstingu, snjómokstri og sérfræðiþjónustu. Skatturinn afgreiðir endurgreiðslubeiðnir þessar. Sjá nánar í III. kafla reglugerðar nr. 248/1990, sbr. eyðublað RSK 10.23. Sveitarfélög, stofnanir þeirra og félög í þeirra eigu, sem sinna lögbundnu hlutverki sveitarfélaga á sviði brunavarna, brunamála eða mengunarvarna eiga jafnframt rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts af innflutningi eða kaupum á ökutækjum og tækjabúnaði til brunavarna og mengunarvarna.


Erlend fyrirtæki

Erlend fyrirtæki geta fengið endurgreiddan þann virðisaukaskatt sem þau hafa greitt hér á landi vegna kaupa á vörum og þjónustu eða innflutnings á vörum til atvinnustarfsemi sinnar, þó ekki vörum og þjónustu til endursölu og endanlegrar neyslu hér á landi. Helstu skilyrði fyrir endurgreiðslu eru að (a) virðisaukaskattur varði atvinnustarfsemi sem aðili rekur erlendis, (b) starfsemi hins erlenda fyrirtækis væri skráningarskyld samkvæmt lögum um virðisaukaskatt ef hún væri rekin hér á landi og (c) um sé að ræða virðisaukaskatt sem skráður aðili hér á landi gæti talið til innskatts eftir ákvæðum laga um virðisaukaskatt. Skatturinn afgreiðir endurgreiðslubeiðnir þessar.

Sjá nánar í reglugerð nr. 1243/2019, sbr. eyðublöð RSK 10.29 (umsókn) og 10.36 (umboð).

RSK 10.18

Beiðni um endurgreiðslu vegna aðkeyprar vinnu verktaka við endurbætur eða viðhald íbúðarhúsnæðis til eigin nota.

Almennt ▾ Framtal ▾ Vefskil ▾ Samskipti ▾  Árni Jónsson ▾

Umsækjandi endurgreiðslu

Kennitala: 070768-9999 Heimilsfang: Björtugötu 10
Nafn: Árni Jónsson Sveitarfélag: 119 Reykjavík

Staðsetning eignar / fastanúmer eignar

Framkvæmda ár: Tegund byggingar:

Símanúmer Tölvupóstfang

Beiðni um endurgreiðslu virðisaukaskatts

- ▶ Umsækjandi greiðslu
- ▶ Aðkeypt vinna
- ▶ Reikningar
- ▶ Senda umsókn



Almannaheillafélög

Lögaðilar sem starfa til almannaheilla skv. 9. tölul. 4. gr. laga um tekjuskatt geta fengið endurgreiddan 60% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað við byggingu, viðhald og endurbætur á mannvirkjum, eða sérgreindum matshlutum þeirra, sem alfarið eru í eigu þeirra samkvæmt skráningu í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands og notuð eru að yfirgnæfandi hluta í þágu meginstarfsemi umsækjanda samkvæmt samþykktum hans. Endurgreiðslan tekur ekki til íbúðar- eða frístundahúsnæðis, mannvirkja sem einkum eru notuð í atvinnustarfsemi í samkeppni við annan atvinnurekstur eða virðisaukaskatts sem telja má til innskatts skv. VIII. kafla laganna.

Önnur skilyrði eru þau að umsækjandi sé skráður í almannaheillaskrá Skattsins, sé hvorki að heild eða að hluta í opinberri eigu, virðisaukaskattur sem umsókn tekur til sé ekki af kostnaði við aðföng sem varða lögbundnar skyldur opinberra aðila, samanlögð fjárhæð endurgreidds virðisaukaskatts og styrks frá opinberum aðilum vegna framkvæmdar sé ekki hærrí en heildarfjárhæð vinnu við framkvæmdir, umsækjandi hagi bókhaldi sínu þannig að unnt sé að hafa eftirlit með því að virðisaukaskattur verði leiðréttur ef breyting verður á forsendum fyrir endurgreiðslu og að umsækjandi sé ekki í vanskilum vegna opinberra gjalda og afdreginna lífeyrisiðgjalda.

Verði breyting á forsendum endurgreiðslu innan tíu ára frá því framkvæmd fór fram, s.s. ef mannvirki er tekið til annarrar notkunar en varðar meginstarfsemi umsækjanda samkvæmt samþykktum hans, ber að leiðrétta og endurgreiða ríkissjóði móttækna fjárhæð vegna þess mannvirkis. Þrátt fyrir að

endurgreiðsluhlutfallið sé 60% skal það á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2025 nema 100% en sætir endurskoðun fyrir þann tíma.

Aðrar endurgreiðslur

Alþjóðastofnanir og erlendum liðsafla og borgaralegar deildir hans, þ.m.t. Atlantshafsbandalagsins o.fl., geta fengið endurgreiddan virðisaukaskatt vegna kaupa á vöru og þjónustu hér á landi ef kveðið er á um undanþágu þessara aðila frá greiðslu skatta og gjalda í sérstökum lögum þar um, alþjóðasamningum eða tvíliðasamningum sem Ísland er aðili að, sbr. reglugerð nr. 925/2017. Fleiri sérstakar endurgreiðslutegundir eru til og má sem dæmi nefna endurgreiðslur til sendimanna erlendra ríkja, aðila búsettra erlendis og til rekstraraðila hópferðabifreiða, sem reka fólksflutninga undanþegna virðisaukaskatti, vegna sölu hópferðabifreiða úr landi. Sjá nánar í reglugerðum nr. 541/2001 1188/2014 og 957/2017.

Þá skal á tímabilinu 1. janúar 2022 til og með 31. desember 2027 endurgreiða virðisaukaskatt vegna innflutnings og fyrstu sölu nýs loftfars, hreyfils eða loftskrúfu sem nýtir rafmagn eða vetni sem orkugjafa. Sama gildir vegna innflutnings og fyrstu sölu notaðs loftfars, hreyfils eða loftskrúfu sem nýta rafmagn eða vetni sem orkugjafa enda séu þessar vörur þriggja ára eða yngri á innflutningsdegi eða söludegi. Áskilið er að framangreindar vörur hafi hlotið tegundarvottorð, takmarkað tegundarvottorð eða flugleyfi sem Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins hefur gefið út og Samgöngustofa metið gilt.

Upplýsingaskylda, málskot o.fl.

Upplýsingaskylda

Öllum, bæði virðisaukaskattsskyldum og öðrum, er skylt að láta skattfyrirvöldum í té ókeypis og í því formi sem óskað er allar nauðsynlegar upplýsingar er þau biðja um og unnt er að láta þeim í té, hvort sem upplýsingarnar varða þann sem beiðni er beint að eða skipti hans við 3ja aðila.

Áætlun virðisaukaskatts

Ríkisskattstjóra er heimilt að áætla virðisaukaskatt ef í ljós kemur að virðisaukaskattsskýrsla styðst ekki við tilskilið bókhald eða færsla á innskatti eða útskatti styðst ekki við lögmæt gögn. Sama gildir ef bókhald og þau gögn, sem liggja fyrir um fjárhæðir á virðisaukaskattsskýrslu, verða ekki talin nægilega örugg. Áætlun ríkisskattstjóra skal ætíð vera rifleg.

Stöðvun atvinnurekstrar

Vanræki skattaðili að færa tilskilið bókhald eða nota tilskilið söluskráningarkerfi eða söluskráningarkerfi er verulega áfátt beinir ríkisskattstjóri eða skattrannsóknarstjóri fyrir mælum um úrbætur til aðila. Sé fyrir mælum hans ekki sinnt innan 15 daga er hægt að láta lögreglu stöðva atvinnurekstur aðila þar til fullnægjandi úrbætur hafa verið gerðar. Sama gildir hafi skattaðili vanrækt að tilkynna um starfsemi sína, skilaskyldu eða sætt áætlun virðisaukaskatts í tvö uppgjörstímabil eða fleiri á næstliðnum tveimur árum frá yfirstandandi uppgjörstímabili.

Refsiákvæði

Brot gegn virðisaukaskattslögum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að sex árum.

Málskot

Sætti menn sig ekki við ákvarðanir skattfyrivalda vegna virðisaukaskatts er mögulegt að kæra þær.

Kæra til ríkisskattstjóra

Peir sem ekki vilja sætta sig við frumákvörðun ríkisskattstjóra á virðisaukaskatti geta kært skattinn til hans. Kæra þarf innan 30 daga frá því skatturinn var ákveðinn og tilkynntur gjaldanda. Hafi gjaldandi staðið í skilum með greiðslu og skýrslu og ríkisskattstjóri lagt þá skýrslu óbreytta til grundvallar skattákvörðun er engin tilkynning send gjaldanda. Við þær aðstæður reiknast kærufresturinn frá gjalddaga uppgjörstímabilsins. Ríkisskattstjóri kveður upp rökstuddan úrskurð um kærana og tilkynnir hann í ábyrgðarbréfi innan tveggja mánaða frá lokum kærufrests.

Endurákvæði ríkisskattstjóri virðisaukaskatt aðila gerir hann það í formi rökstudds úrskurðar.

Kæra til yfirkattaneftdar

Sætti menn sig ekki við niðurstöðu í úrskurði ríkisskattstjóra má skjóta honum til yfirkattaneftdar. Sama gildir um ákvörðun ríkisskattstjóra á sérstökum endurgreiðslum virðisaukaskatts. Kæra þarf að berast yfirkattaneftd innan þriggja mánaða frá póstlagningu úrskurðar ríkisskattstjóra. Yfirkattaneftd skal hafa lagt efnisúrskurð á allar kærur sex mánuðum eftir að henni berst umsögn ríkisskattstjóra. Úrskurður nefndarinnar er lokaniðurstaða máls á stjórnýslistigi.

Almennt dómsmál

Ágreining um skattskyldu og skattstofna er einnig hægt bera undir almenna dómstóla. Það þarf þó að gera innan sex mánaða frá póstlagningu úrskurðar ríkisskattstjóra eða frá því að yfirkattaneftd úrskurðar í málinu hafi niðurstöðu ríkisskattstjóra verið skotið til nefndarinnar.



Viðaukar

Viðauki A:

Vsk - lög og stjórnvaldsfyrirmæli

Viðauki B:

Vsk - eyðublöð

Viðauki C:

Um skatttreikninga

Viðauki D:

Dæmi um færslur í bókhaldi

Tilkynning um sölu á rafmagns-, veltis- eða tengiltvinnubræðum, rafmagns- og veltisbifjólum, léttum bifjólum og reiðhjólum

Skatturinn Ríkisskattstjórn

Upplýsingar um seljanda

Nafn: _____ Kennitala: _____
 Stofnun: _____ Stofnúmer: _____

1) Upplýsingar um seld skráningarskyld óskotaki

| Tölur í sölumáli | Faktor | Fyrir skráningu | Söluverð | Söluverð í vsk | Söluverð undirbúið vsk | Virðisaukaskattur á sölu |
|------------------|--------|-----------------|----------|----------------|------------------------|--------------------------|
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |

Samtals: _____

Hjálpið
 Fjöldi sölu hjóla _____ Söluverð í vsk _____
 Söluverð undirbúið vsk _____ Virðisaukaskattur á sölu _____

Samtals: _____

Skjalnúmer: _____

Skjalnúmer: _____

Skjalnúmer: _____

Skjalnúmer: _____

Afstemming virðisaukaskatts vegna blandaðrar starfsemi

Fylgiskjal með skattframtali 2022 (vegna rekstrar 2021)

Skatturinn Ríkisskattstjórn

I Rekstraráðili

Nafn rekstraráðila: _____ Kennitala rekstraráðila: _____ VSK-númer: _____
 Heiti: _____ Plötunúmer og póstað: _____ Plötunúmer og póstaður: _____
 Stofnun: _____ Starfsnúmer: _____ Afnámstöl: _____

II Skipting veltu (sala rekstrarfjármuna ekki meðtaln)

Heldervelta samtals án virðisaukaskatts (sala rekstrarfjármuna ekki meðtaln) A _____
 Söluvegna virðisaukaskattskyldrar starfsemi (án virðisaukaskatts (sala rekstrarfjármuna ekki meðtaln) B _____
 Hættifær skattskyldrar starfsemi af helderveltu (DVA) C _____ 2021 (þetta er B/A)

III Skipting innskatts, annars en vegna byggingarfrakvæmda

Innskapsþingvæðing vegna skattskyldrar starfsemi (án byggingarfrakvæmda) D _____ Rekstrarferð á VSK E _____

Tilkynning um lok starfsemi Virðisaukaskattur, gistináttaskattur og/eða staðgreiðsla

Skatturinn Ríkisskattstjórn

Eyðublaðið útfyllist með hástöfum

A Almennar upplýsingar

Nafn: _____ Kennitala: _____
 Löghæð: _____ Plötunúmer og póstað: _____ Virðisaukaskattnúmer: _____
 Sími: _____ Tölvuþöfnungur: _____

B Afskráning

Óskad er eftir afskráningu af launagreiðendaskrá

Óskad er eftir afskráningu af virðisaukaskattskrá

Óskad er eftir afskráningu af gættisaukaskattskrá

Rekstrarlök gefjast vera þegar uppgöf virðisaukaskatts vegna starfsemi

C Starfsemi seld eða yfirtekin af öðrum aðila, í held e

(Skv. 4. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, ber seld óskipt og söluverðir eigna og/óðar en átta síðum eftir að yfirlita með og jafnframt samþykki nýs eiganda hafi hann yfirteki)

Verðmæt birtga: _____
 Verðmæt fasteigna: _____
 Nafn og kennitala rekstraráðila sem yfirtekur starfsemi: _____

D Rekstri hætt án kaupna eða yfirteki annars aðila á re

(Skv. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, felst seld til skattskyldrar veltu. Sama gildir um vörubúðir, veltur og teki í milli þegar fyrirtæki tilkynnir sig út af virðisaukaskattskrá, óbu)

Verðmæt eigna skv. 3. mgr. 11. gr. _____
 Engar vörubúðir, veltur, teki eða aðrir rekstrarfermar eru eftir í rekstri

E Leiðrétting innskatts vegna breyttra forsendna

(Skv. 12. gr. IV. kafla reglugerðar nr. 150/1990, um innskatt, skal í seldi verið breyting á forsendum fyrir frádrætti innskatts vegna óinnretinga og annarra lausafjármuna sem rýma að verðmæti við

Leiðrétting innskatts vegna breyttra forsendna _____
 Leiðréttingaskylda yfirtekin af nýjum rekstraráðila (þingst samþykki nýs rekstraráðila)
 Leiðréttingaskylda ákveðin handi eða hún fýnd

F Athugasemdir rekstraráðila

Undirtekið staðfestir að framangreindar upplýsingar eru getu

RSK 5.04 29.4.2021

Til launagreiðendaskrár /virðisaukaskattsskrár

Skatturinn Ríkisskattstjórn

Eyðublaðið útfyllist með hástöfum

A Skráning á virðisaukaskattskrá

Nýskráning frá og með _____
 Breyting frá og með _____
 Tímabundin til og með _____
 Rekstur hefur legið náði _____

Ekki er fyrir einn eða fáu - þá þarf að skila eyðublaðinu „Körnun á starfsambandi“ RSK 10.31

B Rekstraráðili/launagreiðandi/launamaður sem stendur skil á staðgreiðslu sjálfur

Nafn: _____ Kennitala: _____
 Löghæð: _____ Plötunúmer: _____ Símanúmer: _____
 Tölvuþöfnungur: _____ Gsm símanúmer: _____
 Gengur fyrirtæki undir öðru nafni en hinn formlegi rekstraráðili? Hvaða nafni/nöfnum? _____ Kennitala: _____
 Umboðsmaður erlends aðila á virðisaukaskattskrá _____ Kennitala: _____
 Þrotabú/nafn skiptastjóra _____

C Upplýsingar um virðisaukaskattskylda starfsemi/starfsstöð

Hverjar eru helstu tegundir virðisaukaskattskyldrar vöru, vinnu eða þjónustu? _____ Afnámstöl/símanúmer (yfirlest af skattstjórn)

Starfsemi sem er undirþegin virðisaukaskatti _____
 Heimilisfang starfsstöðvar _____ Sveitarfélag starfsstöðvar _____

Áætlaðar tekjur og kostnaður

Hverjar eru áætlaðar fyrstu tekjur vegna virðisaukaskattskyldri sölu? _____
 Áætlaðar tekjur af virðisaukaskattskyldri sölu á fyrstu 12 mánuðum starfseminnar _____
 Áætlaður kostnaður við uppgjöngu á fyrstu 12 mánuðum starfseminnar _____

Upplýsingar um tekjuráhringingu

Sjúðvélur Rafmátt söluverkanna - skv. vörumerkendum hugbúnaðarkerfum
 Innlegg afurða (afrekingur frá vinnslustöð) Fyrirfram númeraðir gróseðlar
 Fyrirfram númeraðir rekningar Annað, hvað? _____

Er um að ræða yfirteki á annari starfsemi?

Er starfsemi annars fyrirtækis yfirtekin að hluta eða í held, skv. 4. mgr. 12. gr. VSK-laga? _____
 Dags, yfirtöku _____ Verðmæt annarra rekstrarfjármuna en birtga _____
 Nafn yfirtækis rekstrar _____ Er um yfirtöku fasteigna? _____
 Kennitala yfirtækis rekstrar _____ Hvaða fasteigna? _____
 Eru vörubúðir yfirteknar? _____
 Verðmæt birtga _____
 Er leiðréttingarvæð vegna fasteigna? yfirtækin? Yfirtöku á leiðréttingarvæð skal tilkynna til ríkisskattstjóra. Öðgn verðmæt yfirtöku skal fylgja umsókn.

Er starfsemi annars fyrirtækis er yfirtekin er seljanda óheimil að útskatta sölu rekstrars eða hluta hans og kaupandi getur því ekki innskattað þau kaup.

RSK 5.02 29.4.2021

Nánari upplýsingar vegna staðgreiðu á bakhlið

Vsk - lög og stjórnvaldsfyrirmæli

- 1988** nr. 50, 24. maí. Lög um virðisaukaskatt.
- 2005** nr. 88, 18. maí. Tollalög.
- 1989** nr. 562, 4. desember. Reglugerð um virðisaukaskatt af eigin þjónustu og úttekt til eigin nota innan óskattskyldra fyrirtækja og stofnana.
- _____ nr. 563, 4. desember. Reglugerð um uppgjör, uppgjörstímabil og skil fiskvinnslufyrirtækja.
- _____ nr. 576, 10. desember. Reglugerð um virðisaukaskatt af byggingarstarfsemi.
- _____ nr. 577, 10. desember. Reglugerð um frjálssa og sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign.
- 1990** nr. 194, 2. maí. Reglugerð um virðisaukaskatt af þjónustu fyrir erlenda aðila og af aðkeyptri þjónustu erlendis frá.
- _____ nr. 248, 7. júní. Reglugerð um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila.
- _____ nr. 449, 15. nóvember. Reglugerð um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði.
- 1993** nr. 50, 5. febrúar. Reglugerð um bókhald og tekju-skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.
- _____ nr. 192, 18. maí. Reglugerð um innskatt.
- 1994** nr. 8. Auglýsing frá ríkisskattstjóra um reglur um stofn til virðisaukaskatts (skattverð) í byggingarstarfsemi.
- _____ nr. 63, 4. febrúar. Reglugerð um frjálssa skráningu vegna fólksflutninga milli landa.
- 1995** nr. 667, 27. desember. Reglugerð um framtal og skil á virðisaukaskatti.
- 1996** nr. 17, 9. janúar. Auglýsing um reglur um skattverð aðila sem hafa með höndum starfsemi samkvæmt reglugerðum nr. 562/1989, 564/1989 og 248/1990.
- _____ nr. 515, 1. október. Reglugerð um skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.
- 2001** nr. 165, 12. febrúar. Reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts til Norræna fjárfestingarbankans.
- _____ nr. 541, 3. júlí. Reglugerð um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna sölu hópferðabifreiða úr landi.
- 2008** nr. 630, 5. júlí. Reglugerð um ýmis tollfríðindi.
- 2009** nr. 409, 1. apríl. Reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts til Evrópsku einkaleyfisstofnunarinnar
- 2011** nr. 759, 12. júlí. Reglur um endurgreiðslur virðisaukaskatts til undirbúningsnefndar Stofunnar samnings um allsherjargjöld við tilraunum með kjarnavopn.
- 2012** nr. 868, 22. október. Reglugerð um endurgreiðslu virðisaukaskatts til Landhelgisgæslu Íslands.
- 2013** nr. 505, 15. maí. Reglugerð um rafræna reikninga, um rafrænt bókhald, skeytamiðlun, skeytaþjónustu geymslu rafrænna gagna og lágmarkskröfur til rafrænna reikninga- og bókhaldskerfa.
- 2016** nr. 849, 28. september. Reglugerð um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa á varmadælu til upphitunar íbúðarhúsnæðis.
- 2017** nr. 925, 20. október. Reglugerð um endurgreiðslu virðisaukaskatts til alþjóðastofnana o.fl.
- _____ nr. 957, 31. október. Reglugerð um endurgreiðslu virðisaukaskatts og áfengisgjalds til sendimanna erlendra ríkja.
- 2019** nr. 1243, 19. desember. Reglugerð um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja.
- 2020** nr. 690, 3. júlí 2020. Reglugerð um tímabundna endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna.

VIÐAUKI B

Vsk - eyðublöð

| | |
|------------------|---|
| RSK 5.02 | Tilkynning til launagreiðendaskrár staðgreiðslu og/eða virðisaukaskattskrár. (Hægt að fylla út) |
| RSK 5.04 | Tilkynning um afskráningu af launagreiðendaskrá staðgreiðslu og/eða virðisaukaskattsskrá. (Hægt að fylla út) |
| RSK 10.01 | Virðisaukaskattsskýrsla. Gíró-seðill V1. |
| RSK 10.02 | Leiðrétting á 24,5% og 14% virðisaukaskatti. |
| RSK 10.03 | Leiðrétting einstakra tímabila. |
| RSK 10.06 | Virðisaukaskattur. Bráðabirgðaskýrsla fiskvinnslufyrirtækis. |
| RSK 10.13 | Staðfesting á skráningu virðisaukaskattsskylds aðila, sbr. lög nr. 50/1988. |
| RSK 10.16 | Beiðni um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna sölu á verksmiðjuframleiddum íbúðarhúsum. (Ljósrit) |
| RSK 10.17 | Beiðni um endurgreiðslu virðisaukaskatts til byggingaraðila vegna vinnu á byggingarstað við nýbyggingu, endurbætur eða viðhald á íbúðarhúsnæði. |
| RSK 10.18 | Beiðni um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna aðkeyprar vinnu verktaka á byggingarstað við endurbætur eða viðhald á íbúðarhúsnæði til eigin nota. |
| RSK 10.19 | Beiðni um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna aðkeyprar vinnu verktaka við nýbyggingu á íbúðarhúsnæði til eigin nota. |
| RSK 10.23 | Beiðni um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa sveitarfélags eða ríkisstofnunar á þjónustu. |
| RSK 10.24 | Skýrsla um virðisaukaskattsskyld kaup þjónustu frá útlöndum. |
| RSK 10.25 | Samanburðarskýrsla virðisaukaskatts. Árssundurliðun. Fylgiskjal með skattframtali. |
| RSK 10.26 | Leiðréttingarskýrsla virðisaukaskatts. (Hægt að fylla út með reiknivél á <i>skatturinn.is</i>) |
| RSK 10.27 | Afstemming virðisaukaskatts vegna blandaðrar starfsemi. Fylgiskjal með skattframtali. |
| RSK 10.29 | Beiðni um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja. Application for VAT reimbursement to foreign enterprises. |
| RSK 10.30 | Beiðni um endurgreiðslu virðisaukaskatts til alþjóðastofnana, erlends liðsafla og annarra aðila sem undanþegni skulu óbeinum sköttum, gjöldum og tollum samkvæmt sérstökum lögum þar um og alþjóða- og tvíhliða samningum sem Ísland er aðili að. |
| RSK 10.31 | Könnun á starfssambandi, vegna tilkynningar til VSK-skrár og/eða til launagreiðendaskrár staðgreiðslu. |
| RSK 10.32 | Yfirlýsing vegna nytjaskógræktar, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 515/1996, um skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila. (Ljósrit) |
| RSK 10.36 | Umboð vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja. Authorization for VAT reimbursement to foreign enterprises |
| RSK 10.60 | Tilkynning um rétt til takmarkaðra nota VSK-bifreiðar í einkapágu. |
| RSK 10.61 | Beiðni um endurgreiðslu virðisaukaskatts til Norræna fjárfestingarbankans/Application for VAT reimbursement to the Nordic Investment Bank (NIB). |
| RSK 10.84 | Tilkynning um sölu á rafmagns-, vetnis- eða tengiltvinnbifreiðum, rafmagns- og vetnisbifhjólum, léttum bifhjólum og reiðhjólum. |
| TS-E20 | Umsókn um endurgreiðslu aðflutningsgjalda |

Eyðublöð vegna inn- og útflutnings eru tilgreind á upplýsingavef Skattsins, skatturinn.is/atvinnurekstur/tollamal/eydublod-tollgaeslustjora/

Um skattreikninga

Færslur á skattreikninga

Innskattsreikningur

Debet

- Hér er bókfærður í tímaröð allur innskattur sem kemur til frádráttar við uppgjör á virðisaukaskatti.

Kredit

- Hér eru bókfærðar leiðréttingar til lækkunar á áður færðum innskatti, t.d. samkvæmt móttekn- um kreditreikningum og vegna breyttra forsendna innskatts af varanlegum rekstrarfjármunum.
- Héðan er mismunur reiknings við lok uppgjörstímabils færður á uppgjörreikning.

Útskattsreikningur

Debet

- Hér eru bókfærðar leiðréttingar til lækkunar á áður færðum útskatti, t.d. samkvæmt útgefnum kreditreikningum og vegna tapaðra útistandandi viðskiptaskulda.

- Héðan er mismunur reiknings við lok uppgjörstímabils færður á uppgjörreikning.

Kredit

- Hér er allur útskattur bókfærður í tímaröð.

Uppgjörreikningur virðisaukaskatts

Debet

- Hingað er mismunur innskattsreiknings færður í lok hvers uppgjörstímabils.
- Hér er bókfærð greiðsla virðisaukaskatts til ríkissjóðs.

Kredit

- Hingað er mismunur útskattsreiknings færður í lok hvers uppgjörstímabils.
- Hér er bókfærð endurgreiðsla virðisaukaskatts frá ríkissjóði.

Færslur á skattreikninga vegna innborgana fyrir afhendingu

Útskattsreikningur

Debet

- Hingað er áður bókfærður útskattur vegna innborgana færður af biðreikningi.

Kredit

- Hér er bókfærður í tímaröð útskattur vegna innborgana sem eiga sér stað fyrir afhendingu.
- Pegar endanlegur sölureikningur er gefinn út er heildarútskattur vegna viðskiptanna færður hér.

Biðreikningur vegna útskatts af innborgunum

Debet

- Hér er bókfærður í tímaröð útskattur vegna innborgana sem eiga sér stað fyrir afhendingu.

Kredit

- Pegar sölureikningur vegna viðskipta er gefinn út er útskattur vegna innborgana færður héðan á útskattsreikning.

| | | Sjóður | | Innlend vöruk. með 24% vsk. | |
|----|-----------|--------|--------|--------------------------------|---|
| | | D | K | D | K |
| 1. | 7. mars | | | 150.000 | |
| 2. | 14. mars | | | | |
| 3. | 21. mars | | | | |
| 4. | 23. mars | | | | |
| 5. | 28. mars | | | | |
| 6. | 30. apríl | | | | |
| 7. | 5. júní | | 37.100 | | |
| | | 37.100 | | 150.000 | |

Dæmi um færslur í bókhaldi

Við kynnum til sögunnar:

Atvinnufyrirtækin Tuma ehf., Aðalsöluna hf., Útgáfuna hf., Bjarnabúð sf. og neytandann Davíð.

Dæmi 17:

1. 7. mars kaupir Tumi ehf. með gjaldfresti vörur til endursölu af Aðalsölnunni hf á samtals kr. 186.000 með vsk.

| | |
|------------------|--------------------|
| Kaupverð án vsk. | 150.000 kr. |
| VSK 24% | 36.000 kr. |
| Samtals: | 186.000 kr. |

2. 14. mars selur Tumi ehf. með gjaldfresti vörur til Davíðs á samtals kr. 124.000 með vsk.

| | |
|------------------|--------------------|
| Söluverð án vsk. | 100.000 kr. |
| Vsk. 24% | 24.000 kr. |
| Samtals: | 124.000 kr. |

3. 21. mars selur Tumi ehf. með gjaldfresti vörur til Bjarnabúðar sf á samtals kr. 248.000 með vsk.

| | |
|------------------|--------------------|
| Söluverð án vsk. | 200.000 kr. |
| Vsk. 24% | 48.000 kr. |
| Samtals: | 248.000 kr. |

4. 23. mars kaupir Tumi ehf. með gjaldfresti bækur til endursölu af Útgáfunni hf. á kr. 55.500 með vsk.

| | |
|------------------|-------------------|
| Kaupverð án vsk. | 50.000 kr. |
| Vsk. 11% | 5.500 kr. |
| Samtals: | 55.500 kr. |

5. 28. mars selur Tumi ehf. með gjaldfresti bækur til Bjarnabúðar sf. á samtals 66.600 með vsk.

| | |
|------------------|-------------------|
| Söluverð án vsk. | 60.000 kr. |
| Vsk. 11% | 6.600 kr. |
| Samtals: | 66.600 kr. |

6. 30. apríl er síðasti dagur uppgjörstímabilsins og þá stemmir Tumi ehf. innskatts- og útskattsreikninga bókhaldsins af og lokar þeim með færslu á uppgjörreikning.

7. 5. júní greiðir Tumi ehf. virðisaukaskatt fyrir mars og apríl. Skila ber virðisaukaskatti eigi síðar en á fimmta degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabilsins en beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færir hann á næsta virkan dag á eftir.

Tafla með dæmi 17 sem sýnir hvernig Tumi ehf. bókar viðskiptin

| Innlend vörur. með 11% vsk. | | Vörusala með 24% vsk. | | Vörusala með 11% vsk. | | Lánardrottinnar | | Skuldunautar | | Innskattsreikn. | | Útskattsreikn. | | Uppgjörreikn. | |
|--------------------------------|---|--------------------------|---|--------------------------|---------|-----------------|---|--------------|---|-----------------|--------|----------------|--------|---------------|--------|
| D | K | D | K | D | K | D | K | D | K | D | K | D | K | D | K |
| | | | | | 186.000 | | | | | 36.000 | | | | | |
| | | 100.000 | | | | 124.000 | | | | 24.000 | | | | | |
| | | 200.000 | | | | 248.000 | | | | 48.000 | | | | | |
| 50.000 | | | | | | 55.500 | | | | 5.500 | | | | | |
| | | | | 60.000 | | | | 66.600 | | | | 6.600 | | | |
| | | | | | | | | | | 41.500 | 78.600 | | | 41.500 | 78.600 |
| | | | | | | | | | | | | | | 37.100 | |
| 50.000 | | 300.000 | | 60.000 | | 241.500 | | 438.600 | | 41.500 | 41.500 | 78.600 | 78.600 | 78.600 | 78.600 |

Tafla með dæmi 18 sem sýnir hvernig Tumi ehf. bókar viðskiptin

| | Sjóður | | Innlend vöruk. með 24% vsk. | | Innlend vöruk. með 11% vsk. | | Vörusala með 24% vsk. | | Vörusala með 11% vsk. | | Skilyrtur afsláttur til neytenda | | Lánardrottinn | | Skuldunautar | |
|--------------|---------|--------|-----------------------------|---|-----------------------------|---|-----------------------|---------|-----------------------|--------|----------------------------------|---|---------------|---------|--------------|---------|
| | D | K | D | K | D | K | D | K | D | K | D | K | D | K | D | K |
| 1. 7. mars | | | 150.000 | | | | | | | | | | | 186.000 | | |
| 2. 14. mars | | | | | | | 100.000 | | | | | | | | 124.000 | |
| 3. 21. mars | | | | | | | 200.000 | | | | | | | | 248.000 | |
| 4. 23. mars | | | | | 50.000 | | | | | | | | | 55.500 | | |
| 5. 28. mars | | | | | | | | | 60.000 | | | | | | 66.600 | |
| 6. 30. mars | 117.800 | | | | | | | | | | 6.200 | | | | 124.000 | |
| 7. 4. apríl | 298.870 | | | | | | 10.000 | | 3.000 | | | | | | 314.600 | |
| 8. 30. apríl | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 9. 5. júní | | 34.370 | | | | | | | | | | | | | | |
| | 416.670 | 34.370 | 150.000 | | 50.000 | | 10.000 | 300.000 | 3.000 | 60.000 | 6.200 | | | 241.500 | 438.600 | 438.600 |

Dæmi 18:

Dæmi 17 er nú breytt þannig að Tumi ehf. veitir viðskiptavinum sínum 5% afslátt ef þeir greiða skuldir sínar innan 15 daga frá dagsetningu söluveitingar.

7. mars kaupir Tumi ehf. með gjaldfresti vörur til endursölu af Aðalsölunni hf. á samtals kr. 186.000 með vsk.

Kaupverð án vsk. 150.000 kr.
Vsk. 24% 36.000 kr.
Samtals: 186.000 kr.

14. mars selur Tumi ehf. með gjaldfresti vörur til Davíðs á samtals kr. 124.000 með vsk.

Söluverð án vsk. 100.000 kr.
Vsk. 24% 24.000 kr.
Samtals: 124.000 kr.

21. mars selur Tumi ehf. með gjaldfresti vörur til Bjarnabúðar sf. á samtals kr. 248.000 með vsk.

Söluverð án vsk. 200.000 kr.
Vsk. 24% 48.000 kr.
Samtals 248.000 kr.

23. mars kaupir Tumi ehf. með gjaldfresti bækur til endursölu af Útgáfunni hf. á kr. 55.500 með vsk.

Kaupverð án vsk. 50.000 kr.
Vsk. 11% 5.500 kr.
Samtals: 55.500 kr.

28. mars selur Tumi ehf. með gjaldfresti bækur til Bjarnabúðar sf. á samtals kr. 66.600 með vsk.

Söluverð án vsk. 60.000 kr.
Vsk. 11% 6.600 kr.
Samtals: 66.600 kr.

30. mars greiðir Davíð skuld sína. Hann greiðir innan 15 daga og fær því 5% afslátt. Tumi ehf. gefur út kreditreikning vegna veitts afsláttar. Vegna þess að Davíð er neytandi (óskráður aðili) kemur fjárhæð kreditreikningsins ekki til lækkunar á skattskyldri veltu Tuma ehf. heldur færir hann á sérstakan reikning sem nefnist „Skilyrtur afsláttur til neytenda“.

Skuld 124.000 kr.
Afsláttur (124.000 x 5%) -6.200 kr.
Til greiðslu: 117.800 kr.

4. apríl greiðir Bjarnabúð sf. skuld sína og fær einnig 5% afslátt. Skuld Bjarnabúðar sf. er alls kr. 298.870 að frádregnum afslætti kr. 15.730. Tumi ehf. gefur út kreditreikning og bókar afsláttinn sérstaklega vegna hvors skatthlutfalls fyrir sig.

Afsláttur 5% af 200.000 10.000 kr.
Afsláttur 5% af 60.000 3.000 kr.
Vsk. 24% af 10.000 2.400 kr.
Vsk. 11% af 3.000 330 kr.
Samtals afsláttur: 15.730 kr.

Þar af vsk. 2.730 kr.

30. apríl er síðasti dagur uppgjörstímabilsins og þá stemmir Tumi ehf. innskatts- og útskattsreikninga bókhaldsins af og lokar þeim með færslu á uppgjörreikning.

5. júní greiðir Tumi ehf. virðisaukaskatt fyrir mars og apríl. Skila ber virðisaukaskatti eigi síðar en á fimmta degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabilsins en beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færir hann á næsta virkan dag á eftir.

| | Sjóður | | Innlend vöruk. með 24% vsk. | | Innlend vöruk. með 11% vsk. | |
|--------------|--------|-------|-----------------------------|---|-----------------------------|---|
| | D | K | D | K | D | K |
| 1. 7. mars | | | 150.000 | | | |
| 2. 14. mars | | | | | | |
| 3. 21. mars | | 5.704 | | | | |
| 4. 23. mars | | | | | 50.000 | |
| 5. 28. mars | | | | | | |
| 6. 26. apríl | | | | | | |
| 7. 30. apríl | | | | | | |
| 8. 5. júní | | | | | | |
| 9. 21. júní | 12.004 | | | | | |
| | 12.004 | 5.704 | 150.000 | | 50.000 | |

| Innskattsreikn. | | Útskattsreikn. | | Uppgjörsreikn. | |
|-----------------|--------|----------------|--------|----------------|--------|
| D | K | D | K | D | K |
| 36.000 | | | | | |
| | | | 24.000 | | |
| | | | 48.000 | | |
| 5.500 | | | | | |
| | | | 6.600 | | |
| | | | 2.730 | | |
| 41.500 | | 75.870 | | 41.500 | 75.870 |
| | | | | 34.370 | |
| 41.500 | 41.500 | 78.600 | 78.600 | 75.870 | 75.870 |

Dæmi 19:

Dæmi 17 er nú breytt þannig að ein sala Tuma ehf. á tíma-bilinu er til erlends aðila og að Tumi ehf. kaupir þjónustu innanlands í því sambandi.

7. mars kaupir Tumi ehf. með gjaldfresti vörur til endursölu af Aðalsölnunni hf. á samtals kr. 186.000 með vsk.

| | |
|------------------|-------------|
| Kaupverð án vsk. | 150.000 kr. |
| Vsk. 24% | 36.000 kr. |

Samtals: 186.000 kr.

14. mars selur Tumi ehf. með gjaldfresti vörur til Davíðs á samtals kr. 124.000 með vsk.

| | |
|------------------|-------------|
| Söluverð án vsk. | 100.000 kr. |
| Vsk. 24% | 24.000 kr. |

Samtals: 124.000 kr.

21. mars kaupir Tumi ehf. og staðgreiðir þjónustu innanlands vegna útflutnings, samtals kr. 5.704 með vsk.

| | |
|------------------------|-----------|
| Veitt þjónusta án vsk. | 4.600 kr. |
| Vsk. 24% | 1.104 kr. |

Samtals: 5.704 kr.

23. mars kaupir Tumi ehf. með gjaldfresti bækur til endursölu af Útgáfunni hf. á kr. 55.500 með vsk.

| | |
|------------------|------------|
| Kaupverð án vsk. | 50.000 kr. |
| Vsk. 11% | 5.500 kr. |

Samtals: 55.500 kr.

28. mars selur Tumi ehf. með gjaldfresti bækur til Bjarnabúðar sf. á samtals kr. 66.600 með vsk.

| | |
|------------------|------------|
| Söluverð án vsk. | 60.000 kr. |
| Vsk. 11% | 6.600 kr. |

Samtals: 66.600 kr.

26. apríl selur Tumi ehf. með gjaldfresti vörur til útlanda á samtals kr. 200.000 án vsk. Halda ber sölu sem undanþegin er vsk. aðgreindri frá sölu með vsk. Einnig skal aðgreina sölu vegna hvers skatthlutfalls. Þá þurfa að vera til staðar í bókhaldi sérstakir gjaldareikningar vegna kaupa á vöru og þjónustu fyrir hvert skatthlutfall fyrir sig.

30. apríl er síðasti dagur uppgjörstímabilsins og þá stemmir Tumi ehf. innskatts- og útskattsreikninga bókhaldsins af og lokar þeim með færslu á uppgjörsreikning.

5. júní skilar Tumi ehf. virðisaukaskattskýrslu fyrir mars og apríl til ríkisskattstjóra.

Vegna hins undanþegna útflutnings sýnir uppgjörsreikningur nú inneign hjá ríkissjóði í stað greiðsluskyldu eins og í dæmum 1 og 2 hér að framan. Þessa fjárhæð á að jafnaði að endurgreiða innan 21 dags frá gjalddaga uppgjörstímabilsins.

21. júní fær Tumi ehf. inneign sína greidda frá ríkissjóði.

Tafla með dæmi 19 sem sýnir hvernig Tumi ehf. bókar viðskiptin

| Vörusala með 24% vsk. | | Vörusala með 11% vsk. | | Vörusala án vsk. | | Kostnaður með 24% vsk. | | Lánardrottinnar | Skuldunautar | Innskattsreikn. | | Útskattsreikn. | | Uppgjörsreikn. | | |
|-----------------------|---|-----------------------|--------|------------------|---------|------------------------|---|-----------------|--------------|-----------------|--------|----------------|--------|----------------|--------|--------|
| D | K | D | K | D | K | D | K | D | K | D | K | D | K | D | K | |
| | | | | | | | | 186.000 | | 36.000 | | | | | | |
| 100.000 | | | | | | | | | 124.000 | | | 24.000 | | | | |
| | | | | | | 4.600 | | | | 1.104 | | | | | | |
| | | | | | | | | 55.500 | | 5.500 | | | | | | |
| | | | 60.000 | | | | | | 66.600 | | | 6.600 | | | | |
| | | | | | 200.000 | | | | 200.000 | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | 42.604 | 30.600 | 42.604 | 30.600 | | | |
| | | | | | | | | | 12.004 | | | | | 12.004 | | |
| | | | | | | | | | 12.004 | | | | | | | |
| 100.000 | | 60.000 | | 200.000 | | 4.600 | | 241.500 | 402.604 | 12.004 | 42.604 | 42.604 | 30.600 | 30.600 | 42.604 | 42.604 |



Endurgreiðsla virðisaukaskatts af vinnu við íbúðarhúsnæði

- Eigendur íbúðarhúsnæðis geta fengið endurgreiddan virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt af vinnu iðnaðar- og verkamanna á byggingarstað vegna nýbygginga, endurbóta og viðhalds.
- Sótt er um endurgreiðslu rafrænt á þjónustuvef ríkisskattstjóra, skattur.is, undir flípanum „samskipti“, „umsóknir“ og þar „virðisaukaskattur“. Umsókn er almennt afgreidd innan 30 daga frá móttöku hennar.
- Endurgreiðsluhlutfall er 60% en á tímabilinu 1. mars 2020 til og með 31. ágúst 2022 er endurgreiðsluhlutfallið þó 100%. Frá og með 1. september 2022 verður það aftur 60%.
- Hægt er að sækja afturvirkir um endurgreiðslu en þó ekki lengra aftur í tímann en sex ár talið frá því að endurgreiðsluréttur stofnaðist.
- Nánari upplýsingar er að finna á þjónustuvef ríkisskattstjóra, *skatturinn.is*.